**PÉTUR STURLUSON**

*Á rándýr kúrekastígvél úr krókódílaskinni*

Tíska Heimili Heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**SHABANA ZAMAN**

*Hjartað ræður för*

Sérblað um mat og vín

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT


14. september 2006 — 245. tölublað — 6. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000


## FIMMTUDAGUR

### Fagurt er í Fjörðum



Gerður Bolladóttir sópransöngkona ræðir um endurnýjun þjóðlagaarfsins.

**MENNING 43**

### Forsetaframbjóðandi í uppvaski



Snorri Ásmundsson vaskar upp á veitingastað og segir starfið hluta af andlegri endurforritun sinni.

**FÓLK 58**

### Íslenzkt réttarfar

„Ef dómskerfið eða öllu heldur ákæruvaldið er veikt, er það veikt af einskærri óheppni eða handvömm eða jafnvel ásettu ráði?“ spyr Þorvaldur Gylfason.

**Í DAG 28**

### Sigurður hættur



Sigurður Jónsson hætti óvænt í gær sem þjálfari Grindavíkur. Liðið er í bullandi fallbaráttu í Landsbankadeild karla.

**ÍÞRÓTTIR 52**

## VEÐRIÐ Í DAG




**HLÝTT Í VEÐRI** Í dag verður yfirleitt fremur hæg austlæg átt, en þó strekkingur eða allhvasst við suðurströndina. Víða skúrir en úrkomulítið á Vesturlandi. Hiti 12-19 stig, hlýjast til landsins á Norðvestur- eða Vesturlandi.

**VEÐUR 4**








**MAGNI Á SVIÐINU Í GÆRKVÖLDI** Söngur hans á þriðjudaginn nægði ekki til að fleyta honum í þriggja manna lokahóp og hafnaði Magni í fjórða sæti.
FRÉTTABLAÐIÐ/MATTHÍAS INGIMARSSON

Lukas vann í Rockstar:

# Magni lenti í fjórða sæti

**ROCKSTAR SUPERNOVA** „Ætli ég sjóði ekki bara fisk og kartöflur og svo verða bara notalegheit hjá okkur þremur næstu mánuðina,“ sagði Eyrún Huld Haraldsdóttir, unnusta Magna Ásgeirssonar, í samtali við Fréttablaðið eftir að Rockstar Supernova lauk í gærkvöldi. Eyrún var að vonum mjög stolt af Magna og sagði hann hafa staðið sig eins og hetju.

Magni lenti í fjórða sæti í keppninni og var því neðstur þeirra sem tóku þátt í úrslitunum. Hann var meðal tveggja neðstu eftir síðustu tónleikana og þurfti því að syngja aukalag í lokaþættinum.

Söngvarinn valdi Fire eftir Jimi Hendrix sem reyndist svanasöngur hans í keppninni því hann var ekki valinn í þriggja manna hópinn sem keppti til úrslita. Lukas Rossi bar sigur úr býtum, eins og margir höfðu spáð, og hafði betur en þau Dilana Robichaux og Toby. Lukas kemur því til með að verða söngvari nýrrar hljómsveitar Tommy Lee og félaga sem fær ekki að heita Supernova eins og til stóð, því önnur hljómsveit ber það nafn.

Fjöldi Íslendinga lagði leið sína til Los Angeles til að fylgjast með Magna á lokasprettinum. Móttökuathöfn fyrir Magna verður haldin í Smáralind á sunnudag þegar hann kemur heim frá Los Angeles og við því að búast að margir taki á móti honum . „Hann hefur verið góð kynning fyrir land og þjóð,“ segir Eyrún. **- fgg / sjá síðu 58**

# Atvinnuleysi ekki verið minna í tvö ár

**Atvinnuleysi mælist aðeins 1,2 prósent. Fyrirtæki, sem eru í vanda vegna skorts á vinnuafli, hafa sum hver brugðið til þess ráðs að auglýsa eftir erlendu starfsfólki. Seðlabankinn tekur í dag ákvörðun um hækkun stýrivaxta.**

**VINNUMARKAÐUR** Starfsfólk vantar einkum í verslun, afgreiðslu og þjónustu og hefur leitin í sumum tilvikum gengið svo langt að atvinnurekendur auglýsa á erlendum tungumálum, sérstaklega pólsku.

„Það er minna en ekkert atvinnuleysi og við höfum reynt allar aðferðir til að fá starfsfólk. Við ákváðum að reyna þetta og það skilar ágætum árangri,“ segir Júlíus Kristjánsson, starfsmannastjóri Hýsingar vöruhótels.

Stefanía Gylfadóttir, ráðgjafi hjá Vinna.is, segir nóg af störfum í boði en umsækjendur vanti. „Fyrirtækin reyna að bjarga sér á marga vegu til að fá til dæmis starfsmenn á kassa og til að vinna á gólfinu,“ segir hún og telur erlenda starfsmenn í auknum mæli ráðna til afgreiðslustarfa þótt þeir skilji ekki mikið í íslensku.

„Allir sem vilja vinna geta fengið vinnu,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka

**ÞRÓUN ATVINNULEYSIS**




atvinnulífsins, og telur ástandið verða þannig fram eftir árinu. „Við eigum von á að hægist um þegar framkvæmdir fara minnkandi og samdráttur verður á byggingamarkaði en við gerum ekki ráð fyrir neinu fjöldaatvinnuleysi.“

Von er á vaxtaákvörðun Seðlabankans í dag. Vilhjálmur óskar þess að Seðlabankinn hætti að hækka vexti og fari að búa sig undir þann samdrátt sem fyrirsjáanlegur sé á næsta ári. „Seðlabankinn er að læsast inni í sínum eigin væntingum sem eru ekki byggðar á réttum forsendum,“ segir hann.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, ASÍ, telur ánægjulegt hve atvinnuleysi sé lítið, það endurspegli talsverð umsvif í hagkerfinu. Einnig sé ánægjulegt að verðbólgan hafi verið að ganga niður. Krónan hafi verið að styrkjast og innflutningsverð farið lækkandi. Gylfi óttast að Seðlabankinn hækki stýrivexti í dag og efni þannig til annarrar sveiflu í genginu.

„Ég óttast að það sé verið að lengja í verðbólgutímabilinu,“ segir hann. „Krónan geti ekki staðist þennan styrkleika og sígi aftur þegar líður á næsta ár. Þetta er skammgóður vermir. Þessi tegund hagstjórnar hefur verið uppspretta sveiflna í þjóðfélaginu, ekki stöðugleika. Mér finnst þetta að sumu leyti í andstöðu við langtímamarkmið okkar um stöðugleika.“ **- ghs**

Gott ráð við glæpahneigð:

# Kynlífsverkfall í Kólumbíu

**KÓLUMBÍA Kærustur og eiginkonur glæpamanna í borginni Pereira hafa nú uppi mótmæli sem kallast „verkfall hinna krosslögðu leggja“. Konurnar neita mökum sínum um kynlíf, nema þeir sveigi út af glæpabrautinni.**

**Hugmyndin kom frá skrifstofu borgarstjórans í Pereira eftir að rannsókn leiddi í ljós að helstu þættir sem áhrif hafa á glæpahneigð sé valdastaða og aukinn kynþokki sem glæpamennirnir telja sig fá við afbrot, en ekki endilega bágur fjárhagur.** **- kóþ**

Fjármögnun bankanna:

# Batnandi kjör

**VIÐSKIPTI** Kjör bankanna á erlendum skuldabréfamörkuðum hafa batnað að undanförnu. Það þýðir að óbreyttu að fjármögnun bankanna verði ódýrari.

Nokkuð skörp lækkunarhrina hefur verið á tryggingaálagi skuldabréfa bankanna (CDS) á erlendum mörkuðum undanfarna viku. Hefur álagið lækkað um í kringum tíu punkta yfir línuna undanfarna viku. Sérfræðingum ber nú saman um að röð jákvæðra frétta að undanförnu hafi leitt til þess að tónninn á markaðnum sé jákvæðari og traust fjárfesta hafi aukist að nýju. **- hhs**

## SPURNING DAGSINS



*Björn, hvort ertu Sesar eða Markús Antoníus?*

„Ég myndi velja Sesar, en er ekki góð regla í pólitíkinni að vera á varðbergi gagnvart samferðamönnum sínum.“

Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, tók að sér kettling á dögunum og nefndi Kleópötru eftir epypsku drottningunni.

Rannveig Guðmundsdóttir lætur af þingmennsku í vor eftir 17 ár á þingi:

# Finnst ég hafi skilað mínu

**STJÓRNMÁL** Rannveig Guðmundsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, lætur af þingmennsku í vor. Hún tilkynnti ákvörðun sína á fundi kjördæmisráðs flokksins í Suðvesturkjördæmi í gærkvöldi.

Rannveig sagðist í samtali við Fréttablaðið hafa ákveðið þetta við upphaf þessa kjörtímabils. „Ég ákvað þá að þetta yrði mitt síðasta kjörtímabil en ákvað líka að halda því fyrir sjálfa mig og vinna áfram af krafti. Þessi ákvörðun kemur engum á óvart sem þekkir mig vel því ég er ekki manneskja sem krosslegg fæturna við stólinn og neita að sleppa honum.“



RANNVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR

Rannveig segir starfsgleði sína þá sömu og þegar hún byrjaði í stjórnmálum en hún hafi viljað hætta áður en ánægjan dofnaði. „Mér finnst ég hafi skilað mínu og vona að umsögnin um mig sem stjórnmálamann verði góð.“

Rannveig hóf störf í stjórnmálum þegar hún settist í bæjarstjórn Kópavogs 1978 þar sem hún sat í tíu ár. Hún fór á þing fyrir Alþýðuflokkinn 1989 og hefur setið í flestum nefndum þingsins á þeim tíma, auk þess að vera félagsmálaráðherra frá 1994 til 1995 og þingflokksformaður í átta ár.

Rannveig segir kosningarnar í vor vera miklar úrslitakosningar fyrir Samfylkinguna og kveðst um leið bjartsýn á gott gengi flokksins. **-bþs**

Fótgangandi bílaþjófar á ferð:

# Yfirgefinn bíll úti í vegakanti

**LÖGREGLUMÁL Tilkynning barst um yfirgefin bíl úti í vegakanti í Svínadal í Hvalfjarðarsveit í gærdag.**

**Hafði bílnum verið ekið út af veginum og var hann óökufær vegna skemmda að sögn lögreglunnar í Borgarnes.**

**Þegar grennslast var fyrir um málið kom í ljós að bílnum hafði verið stolið aðfaranótt þriðjudags og hafði lögreglan í Kópavogi lýst eftir honum.**

**Lögreglan í Borgarnesi biður þá sem kunna að hafa séð til grunsamlegra fótgangandi manna á þessu svæði í gær að hafa samband. - sdg**

Óþarfi að sjóða barnapela:

# 25-30 brunar vegna pelasuðu

**BRUNAR** Um 25-30 heimilisbrunar verða árlega vegna pelasuðu. Rekja má brunana til þess að pottur gleymist á eldavél þegar verið er að sjóða pela, snuð eða túttur.

Herdís Storgaard, forstöðumaður Sjóvár Forvarnahúss segir að ekki sé lengur þörf á að sjóða þessa barnavöru. „Það er nóg að hella sjóðandi vatni yfir þessa þessa hluti og láta þá liggja í vatninu í fimm mínútur til að hreinsa þá. **-hs**



**VIÐ HÓLMSÁ** Slökkvilið og starfsmenn Vegagerðarinnar voru fljótir að hreinsa burt olíumengaðan jarðveg.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Óhapp á Suðurlandsvegi:

# Olíuleki við brú yfir Hólmsá

**UMHVERFISMÁL** Litlu munaði að töluvert magn olíu læki í Hólmsá í gær þegar leki kom að vinnuvél sem var á ferðinni um Suðurlandsveg. Hólmsá rennur í Elliðavatn og því var hugsanlegt að mengun bærist í vatnsverndarsvæði Reykjavíkur, en Hólmsá rennur í ytri mörkum þess. Talið er að 100 til 150 lítrar hafi runnið frá vélinni og var slökkvilið höfuðborgarsvæðisins sent á vettvang. Slökkviliðið naut aðstoðar frá Vegagerðinni við hreinsunarstarf en talið er að þrjú tonn af jarðvegi hafi verið fjarlægð af staðnum til að koma í veg fyrir frekari mengun af völdum olíunnar. **- shá**

# Nemendafélög með milljónasamninga

**Sívaxandi harka einkennir viðskipti einstakra nemendafélaga framhaldsskólanna við banka. Nemendur hafa jafnvel beðið um persónulega styrki í kosningasjóð gegn loforði um viðskiptasamning. Samningar geta hlaupið á milljónum.**

**FJÁRMÁL** Aukinnar hörku hefur gætt á undanförnum árum í samningum forsvarsmanna nemendafélaga framhaldsskólanna við banka og sparisjóði. Viðskiptabankar félaganna geta þurft að punga út á skólaárinu allt að fimm milljónum króna, meira eða minna, þegar allt er er talið. Inni í þessum upphæðum eru þá styrkir til nemendafélaganna, undirfélaga og klúbba þeirra, útskriftarhópa, blaðaútgáfu og skólasamkoma.

Þetta staðfestir Daði Rafnsson, vörustjóri námsmannaþjónustu KB banka, sem þekkir til krafna sem settar eru fram. Hann segir að KB banki hafi að mestu dregið sig út úr samningum við nemendafélögin af þessum sökum. Þar vegi þungt að nemendur sumra skóla hafi verið með óskir um peningagjafir í eigin kosningasjóði þar sem þeir séu að bjóða sig fram til forystustarfa fyrir viðkomandi nemendafélag. Á móti hafi komið loforð um að styrktarbankinn sé öruggur með að fá samninga við nemendafélagið ef kosningin vinnist.

„Þetta er ekki bara eitt dæmi og þetta er siðferðilega rangt,“ segir Daði. „Þá hefur þetta útilokunaráhrif, sem komið er inn í samninga banka og einstakra nemendafélaga um að aðrir en viðskiptabanki félagsins megi ekki kynna sig í skólanum á vegum félagsins, orðið til þess að við höfum dregið okkur í hlé. Okkur er hreinlega ekki leyfður aðgangur í mörgum skólum vegna svona einkasamninga.




**KB BANKI TIL HLÉS** Vörustjóri námsmannaþjónustu KB banka segir bankann að mestu hafa dregið sig út úr viðskiptasamningum við nemendafélög framhaldsskólanna, vegna vaxandi hörku í viðskiptum af hálfu margra þeirra.

Vissulega er þetta að hluta sjálfskaparvíti hjá okkur sem hjá bönkunum starfa. En hækkun fjárhæða í þessum samningum eru ekkert eðlilegar. Þeir hafa stækkað um um það bil hundrað prósent á milli ára undanfarin tvö til þrjú ár. Við lítum á þetta sem styrktarsamninga til félagsstarfs í skólunum, en vinnubrögðin eru afskaplega misjöfn og lítið eftirlit virðist með þessu að hálfu skólameistaranna. Mér fyndist eðlilegt að þeir bankar og fyrirtæki sem hafa áhuga á að kynna þjónustu sína fyrir þessum markhóp fái að gera það á jafnréttisgrundvelli, til dæmis með markaðstorgi á umsömdum degi.“

Daði tekur fram að ekki stundi öll nemendafélög viðskipti með þessum hætti. KB banki sé með samning við eitt félag og að honum sé mjög faglega staðið af hálfu viðkomandi nemendafélags.
**jss@frettabladid.is**



**MONTREAL** Nemendur þustu út á götur borgarinnar eftir ódæðið.

Ókunnur vígamaður:

# Hóf skotárás í framhaldsskóla

**MONTREAL** Minnst tólf nemendur voru fluttir á sjúkrahús í gær eftir skotárás í Dawson-framhaldsskólanum í Montreal í Kanada. Sex eru á gjörgæslu. Árásarmaðurinn lést, að sögn kanadískra fjölmiðla, en ekki var víst hvort hann framdi sjálfsmorð eða ekki, þegar blaðið fór í prentun í gær.

Að sögn sjónarvotta hóf svartklæddur maður með hanakamb skotárás án viðvörunar og án nokkurs ákveðins skotmarks, að því er virtist.

Nemendurnir þustu út á götur borgarinnar eftir ódæðið, sumir þeirra í blóði drifnum klæðum. Um tíu þúsund nemendur sækja skólann að jafnaði. **- kóþ**

Niðurstöður könnunar:

# Ýmsar lífslíkur í Bandaríkjunum

**WASHINGTON, AP** Áratugum munar á lífslíkum Bandaríkjamanna, allt frá 91 ári hjá konum af asískum uppruna í New Jersey, og niður í 58 ár hjá amerískum karlmönnum af indjánakyni, sem búa í Suður-Dakóta.

Helstu áhrifaþættir langlífis eru búseta fólks, tekjur og kynþáttur. Svo mikil breidd er í niðurstöðum könnunar, sem gerð var af læknatímariti þar vestra, að einn forstöðumannanna sagði að hægt væri að tala um „átta Ameríkur, en ekki eina“. **- kóþ**






Jólaundirbúningur hafinn hjá verslunum:

# Jólaútsaumur byrjar snemma

**AUGLÝSINGAR** Undirbúningur fyrir jólin er hafinn hjá mörgum, segir Guðbjörg Einarsdóttir, verslunarstjóri Skólavörubúðarinnar, sem birti fyrstu jólaauglýsingu vetrarins hér í Fréttablaðinu í gær. Hún segir margar konur hefja jólaútsauminn snemma, sumar byrji jafnvel í janúar að sauma fyrir næstu jól. „Við vorum að fá í hús nýjar hannyrða- og jólaútsaumsvörur sem þarf að vinna í tíma ef á að nota um jólin. Auglýsingin er fyrst og fremst hugsuð sem tilkynning til þeirra sem hafa verið að spyrjast fyrir um jólavörur hjá okkur að undanförnu,“ sagði Guðbjörg hlæjandi og hafði auglýsinga gaman að fyrirspurn blaðamanns.



**BJARNI KARLSSON** Sóknarprestur Laugarneskirkju.

Aðspurð um hvort starfsfólk búðarinnar væri byrjað að skreyta sagði hún svo ekki vera. „Nei alls ekki, við skreytum lítið hérna hjá okkur og byrjum alls ekki á því fyrr en í desember.“

Bjarni Karlsson, sóknarprestur Laugarneskirkju, kippti sér ekkert upp við jólaauglýsinguna þrátt fyrir að septembermánuður sé ekki hálfnaður. „Ég er sjálfur neytandi og nenni ekki að vera að kasta grjóti úr glerhúsi með því að fordæma jólaauglýsingar sem birtast svo löngu fyrir jól og raun ber vitni í þessu tilfelli,“ segir Bjarni. „Almennt þykir mér ekkert skrítið þótt manneskjur áttu eftir því sem líður nær jólum og kaupæði getur bara verið ágæt útrás. Jólin eru nefnilega í eðli sínu náttúruhamfarir sem eitt sinn áttu sér stað og endurtaka sig árlega í vitund okkar.“ Þess má geta að lokum að hundrað dagar eru til jóla. **- æþe**



**ÚR SKÓLAVÖRUBÚÐINNI** Hér má sjá þær Ástu Guðmundsdóttur til vinstri og Sigurbjörgu Jóhannesdóttur, starfsmenn Skólavörubúðarinnar með jólaútsaumsvörurnar sem auglýstar voru í Fréttablaðinu í gær, 101 degi fyrir jól. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# AUÐVITAÐ HEFUR ÞIG ALLTAF LANGAÐ Í JEPPA

## NÚNA ER TÆKIFÆRIÐ: JEPPADAGAR 1. – 16. SEPT.

Núna standa yfir Jeppadagar hjá Toyota – Betri Notuðum Bílum, þar sem fjölmargir jeppar eru í boði á afbragðsgóðum kjörum. Við bjóðum aðeins jeppa sem hafa staðist strangt gæðamat – Gæðajeppa og Úrvalsjeppa – bíla sem uppfylla kröfur okkar um öryggi og endingu.




**Nissan Terrano II Luxury** Sjsk, dísel
Á götuna: 07.03 Ekinn: 45.000 km
Verð: 2.550.000 kr. Skr.nr. PO349




**Hyundai Santa FE** Sjsk, bensín
Á götuna: 10.01 Ekinn: 93.000 km
Verð: 1.620.000 kr. Skr.nr. PB578




**Toyota Land Cruiser 120 VX** Sjsk,bensín
Á götuna: 06.04 Ekinn: 63.000 km
Verð: 4.730.000 kr. Skr.nr. MP441




**Toyota Rav4 4wd** 5 gíra, bensín
Á götuna: 07.04 Ekinn: 47.000 km
Verð: 2.120.000 kr. Skr.nr. KJ498




**MMC Pajero langur Int.Turbo New**
Sjsk, dísel
Á götuna: 07.00 Ekinn: 132.000 km
Verð: 1.900.000 kr. Skr.nr. PA669




**Ford Explorer Limited** Sjsk, bensín
Á götuna: 08.96 Ekinn: 200.000 km
Verð: 670.000 kr. Skr.nr. OB177




**Toyota Land Cruiser 90 VX** Sjsk, bensín
Á götuna: 05.02 Ekinn: 107.000 km
Verð: 2.690.000 kr. Skr.nr. DX982




**MMC Pajero langur Int.Turbo**
5 gíra, dísel
Á götuna: 12.97 Ekinn: 180.000 km
Verð: 1.050.000 kr. Skr.nr. KJ809

## Komdu og skoðaðu þessa og fjölmarga aðra jeppa á tilboðsverði.

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

- Lengri lánstími – allt að 84 mánuðir
- Allt að 100% fjármögnun
- 50% afsláttur af stofngjaldi

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstöðum
Sími: 470-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 34028 09/2006

**GENGIÐ 13.9.2006**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 70,57 | 70,91 |
| Sterlingspund | 132,28 | 132,92 |
| Evra | 89,51 | 90,01 |
| Dönsk króna | 11,997 | 12,067 |
| Norsk króna | 10,707 | 10,771 |
| Sænsk króna | 9,684 | 9,74 |
| Japanskt jen | 0,5998 | 0,6034 |
| SDR | 104,24 | 104,86 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

123,619

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tillögur Samfylkingarinnar um að styrkja stöðu náttúru- og umhverfisverndar:

# Vilja fresta stóriðjuáformum að sinni

**UMHVERFISMÁL** Samfylkingin leggur til að stóriðjuáformum verði frestað þar til fyrir liggur nauðsynleg heildarsýn yfir verðmæt náttúrusvæði Íslands og verndun þeirra sé tryggð.

Flokkurinn kynnti í gær tillögur sínar til að styrkja stöðu náttúru- og umhverfisverndar á Íslandi sem eru afrakstur tveggja ára stefnumótunarvinnu. Er þar meðal annars lagt til að gerð verði rammaáætlun um náttúruvernd þar sem grunngagna verði aflað til að hægt sé að leggja mat á verndargildi náttúrusvæða á landinu.

Á fundinum kom fram að ekki væri verið að taka upplýstar ákvarðanir varðandi náttúruna núna og hafi það ekki heldur verið gert þegar meirihluti Samfylkingarinnar greiddi atkvæði með Kárahnjúkavirkjun.

Ingibjörg sagði að það hefðu þó ekki verið mistök, þar sem sú ákvörðun byggði á þeim upplýsingum sem þá lágu fyrir.

„En það að meirihluti þingflokks Samfylkingarinnar samþykkti Kárahnjúkavirkjun þýðir ekki að menn hafi ekki heimild til þess að gagnrýna hvernig að málum var staðið.“

Ingibjörg Sólrún segir Samfylkinguna ekki á móti stóriðju en hún hafi notið of mikils forgangs undanfarið. „Við höfum sagt að það sé hugsanlega rými fyrir eitt álver til viðbótar en ekki þrjú.“

Aðspurð um hve lengi ætti að fresta stóriðjuáformum nefnir Ingibjörg fimm ár sem viðmið. „Sagt er að ekki eigi að ráðast í framkvæmdir fyrr en jafnvægi komist á í efnahagsmálum og hefur Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra talað um fimm ár í því samhengi. Ég tel að þessi rammaáætlun ætti að ná að falla innan þess tímaramma.“ **- sdg**



**ÞINGMENN SAMFYLKINGARINNAR KYNNTU SKÝRSLUNA** Lagt er til að gerð verði áætlun um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og að áhrif almennings og réttarstaða verði tryggð í umfjöllun um umhverfismál.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Evrópusambandið:

## Vodkastríð í Evrópu

**BELGÍA** Ráðamenn aðildarlanda Evrópusambandsins funda nú þessa dagana í Belgíu um vodka. Ástæðan er sú að Pólverjar og Finnar vilja setja strangari reglur um drykkinn, svo eingöngu sé hægt að kalla áfengi unnið úr kartöflum og korni vodka, kemur fram á BBC.

Vodkaframleiðendur víðs vegar um Evrópu eima drykkinn úr hveiti, rúg, byggi, sykurrófum, ávöxtum og jafnvel hlynsírópi. Sérstaklega mótmæla talsmenn Suður-Evrópulanda tillögu Pólverja og Finna.

Vonast Finnar til þess að hafa leyst úr deilunni áður en setu þeirra í forsæti ESB lýkur í desember. **- smk**

Brennuvargur í Svíþjóð:

## Kveikir í leikskólum

**SVÍÞJÓÐ Brennuvargur gengur laus í Svíþjóð, að sögn fréttavefsins aftonbladet.se. Kveikt hefur verið í dagheimilum og leikskólum í sveitarfélaginu Skövde upp á síðkastið. Talið er að einn og sami brennuvargurinn sé valdur að öllum brununum og að hugsanlega sé það sami brennuvargur og kveikti í að hluta til sömu leikskólum á níunda áratugnum.**

**Lögreglan hefur vaktað leikskólana en þrátt fyrir það hefur brennuvargnum tekist að kveikja í.** **- ghs**

**LEIÐRÉTTING**

Í blaðinu í gær var sagt að fulltrúi Barnahúss hefði sent dómsmálaráðuneytinu ósk um úttekt á lögum um meðferð kynferðisafbrotamála gegn börnum. Hið rétta er að það voru Barnaverndarstofa og umboðsmaður barna sem sendu dómsmálaráðuneytinu bréf með áskorun um úttekt á þessum lögum.

# Lögreglan vill strangari viðurlög við hraðakstri

**Nú stendur yfir umferðarátakið „nú segjum við STOPP,“ til að fá fólk til að hugleiða afleiðingar umferðarslysa. Ökumönnum þykir ekki tiltökumál að vera stöðvaðir fyrir of hraðan akstur segja þeir sem til þekkja.**



**AF VETTVANGI** Átakinu „nú segjum við STOPP“ er ætlað að fá fólk til að hugleiða þann toll sem umferðin tekur.

**UMFERÐARMÁL** Talið er að umferðarslys kosti íslenskt samfélag hátt í tuttugu milljarða á hverju ári. Það sem af er árinu hafa nítján látist í umferðarslysum en allt árið í fyrra létust sextán í umferðarslysum.

Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu, segir aukinn ofsaakstur og aukna áhættuhegðun í umferðinni slæma þróun sem þurfi að snúa við. „Það er mikilvægt að vekja ökumenn til ábyrgðar um hegðun sína í umferðinni og þess vegna hafa aðildarfélög Umferðarráðs, Umferðarstofa og samgönguráðuneytið efnt til átaksins „nú segjum við STOPP“ þessa vikuna.“

Í dag kl 17.15 verða almennir borgarafundir á sjö stöðum á landinu; í Hallgrímskirkju í Reykjavík, í Reykjanesbæ, Selfossi, Egilsstöðum, Akureyri, Ísafirði og í Borganesi en tilgangur fundanna er að fá fólk til að drjúpa höfði og hugleiða þann toll sem umferðin tekur.

Einar er þeirrar skoðunar að umburðarlyndi gagnvart alvarlegum brotum í umferðinni sé of mikið og því þurfi að breyta. „Réttarkerfið ætti í mörgum tilfellum að taka á umferðarlagabrotum sem um brot á hegningarlögum væri að ræða en það er aðeins gert í undantekningartilfellum.“

Þá vill Einar sjá harðari viðurlög við síendurteknum brotum og segir nágrannaþjóðir okkar taka þessi mál fastari tökum.

Hermann Karlsson, varðstjóri lögreglunnar á Akureyri, segir svokallað punktakerfi í umferðinni ekki virka sem skyldi. „Það er stór galli að punktarnir eru ekki staðfestir fyrr en búið er að gera upp sektina og á meðan geta menn keyrt áfram. Ferlið endar á því að viðkomandi er sviptur ökuleyfi af dómara en það getur tekið langan tíma.“ Hermann vill sjá ökuleyfissviptingu við lægri ökuhraða en nú gildir og segir ekki eðlilegt að menn þurfi að vera á tæplega 150 km hraða til að missa ökuleyfi.

„Mér finnst það orðið algengt viðhorf hjá fólki að það sé ekkert mál að vera stöðvað fyrir of hraðan akstur eða ölvun,“ segir Hermann og bendir á að fólk virðist hafa meira fjármagn milli handanna og finnist lítið mál að borga tíu til tuttugu þúsund krónur í sekt. „Því finnst aftur á móti öllu meira mál að missa ökuleyfið, sérstaklega ef það er gert á staðnum. Það er mín skoðun að bráðabirgðaheimild lögreglumanna til að svipta menn ökuréttindum þurfi að vera rýmri,“ segir Hermann og bætir við að taka þurfi ökumenn sem brjóti umferðarlög úr umferð fyrr en nú er gert.

**hugrun@frettabladid.is**

> „Það er mikilvægt að vekja ökumenn til ábyrgðar um hegðun sína í umferðinni.
>
> **EINAR MAGNÚS MAGNÚSSON**
> UPPLÝSINGAFULLTRÚI UMFERÐARSTOFU

**BORGARAFUNDIR KL 17.15 Í DAG**

| | |
|---|---|
| REYKJAVÍK | Hallgrímskirkja |
| AKUREYRI | Akureyrarkirkja |
| BORGARNES | Borgarneskirkja |
| ÍSAFJÖRÐUR | Ísafjarðarkirkja |
| SELFOSS | Salur fjölbrautaskólans |
| REYKJANESBÆR | Í Stapa |


**BÍLL DAGSINS**

**OPEL ASTRA 1.6**

Nýskr. 05.03 - Sjálfskiptur - Ekinn 60 þús. - Allt að 100% lán.




**Ingvar Helgason** **NOTAÐIR BÍLAR**

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**AFAR MILT Í KORTUNUM NÆSTU DAGA**

Veðurkortin í dag og næstu daga einkennast öðru fremur af miklum hlýindum. Allt að 19 stiga hiti í dag, hlýjast á norðvestanverðu landinu og reyndar má geta þess að í gær fór hitinn í 19 stig í Skaftafelli. Á morgun verður líka mjög milt þó að hitastig lækki og um helgina verður víðast 10-13 stiga hiti. Þetta er auðvitað ágæt framlenging á sumrinu.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Fremur hæg austlæg átt. Úrkomulítið í fyrstu en síðan skúrir. Hiti 11-14

um hádegi »




» á morgun




Fremur stíf suðaustanátt.

» laugardagur




Hæg breytileg átt.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 22°C heiðskírt | London | 20°C skýjað | Alicante | 25°C skúrir |
| Bergen | 23°C skúrir | París | 23°C rigning | Mallorca | 24°C skúrir |
| Osló | 20°C léttskýjað | Frankfurt | 29°C léttskýjað | Algarve | 24°C skúrir |
| Stokkhólmur | 21°C léttskýjað | Friedrichshafen | 21°C hálfskýjað | Krít | 27°C léttskýjað |
| Gautaborg | 120C léttskýjað | Berlín | 26°C heiðskírt | Las Palmas | 25°C léttskýjað |

Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# Hátíð á góðum stað

## *Sameiningar- og vígsluhátíð í Fjarðabyggð*

**Um helgina fögnum við sameiningu í sveitarfélaginu á Reyðarfirði, vígjum Fjarðabyggðarhöllina og bjóðum nýjan bæjarstjóra velkominn til starfa.**





**Laugardaginn 16. sept.**

**17:00** Tómas Már Sigurðsson forstjóri ALCOA Fjarðaáls ávarpar gesti.
**17:10** Séra Davíð Baldursson blessar mannvirkið.
**17:15** Landsafl og SS-verktakar afhenda höllina formlega.
**17:30** Vítaspyrnukeppni milli ALCOA Fjarðaáls og bæjarráðs.
**17:45** Ávarp: Guðmundur R. Gíslason, forseti bæjarstjórnar.
**17:55** Ávarp: Guðmundur Bjarnason, fráfarandi bæjarstjóri.
**18:05** Ávarp: Helga Jónsdóttir, bæjarstjóri.
**18:15** Tónlistar- og skemmtidagskrá: Atriði úr Cry Baby, Moli trúður, Bríet Sunna og Snorri Idol, tónlistarfólk úr BRJÁN.
**20:20** Flugeldasýning.

**Kynnir:** Jón Björn Hákonarson, formaður Menningarráðs.

**Glæsilegt grillhlaðborð.**

**Sunnudaginn 17. sept.**

**12:00** Vígslumót í Fjarðabyggðarhöllinni, 6. flokkur.



LANDSAFL | SS VERKTAKI SVEINBJÖRN SIGURÐSSON - Við byggjum upp - | Alcoa Fjarðaál | ALCOA

Landsbankinn | HÖNNUN VERKFRÆÐISTOFA | ferill VERKFRÆÐISTOFA | ARKÍS | Rafhönnun

FJARÐABYGGÐ | *þú ert á góðum stað* fjardabyggd.is

Mjóifjörður | Neskaupstaður | Eskifjörður | Reyðarfjörður | Fáskrúðsfjörður | Stöðvarfjörður

KJÖRKASSINN



## KJÖRKASSINN

*Hefur þú kosið Magna í þættinum Rock Star: Supernova?*

| | |
|---|---|
| Já | 42% |
| Nei | 58% |

ÞEKKIR ÞÚ EINHVERN SEM HEFUR ÞURFT AÐ KLJÁST VIÐ SPILAFÍKN?

Segðu skoðun þína á vísir.is vísir

Þrír piltar undir tvítugu dæmdir í Héraðsdómi Reykjavíkur:

# Þrjú ár fyrir runu afbrota

**DÓMSMÁL** Tæplega tvítugur piltur, Kristófer Már Gunnarsson, var í gær dæmdur í þriggja ára fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur. Tveir piltar til viðbótar, báðir undir tvítugu, voru einnig dæmdir, annar til tveggja ára fangelsisvistar, hinn í 18 mánaða fangelsi.

Piltarnir þrír voru stöðvaðir í Leifsstöð þegar þeir voru að koma frá Frankfurt í janúar. Þeir reyndust vera með tæplega hálft kíló af mjög sterku kókaíni í fórum sínum, auk minna magns af marijúana. Ferðina höfðu þeir farið að undirlagi Mikaels Más Pálssonar, sem nýverið var dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir að reyna sjálfur að smygla inn í landið nær fjórum kílóum af amfetamíni.

Auk fíkniefnasmygslins var Kristófer Már dæmdur fyrir fjölmörg afbrot á skömmum tíma, svo sem eignaspjöll, þjófnaði, fíkniefnabrot, önnur en að ofan er getið, og ítrekaðan ofsaakstur, fyrir og eftir ökuleyfissviptingu og í sumum tilvikum undir áhrifum áfengis, eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá.



**HÉRAÐSDÓMUR** Þrír brotamenn undir tvítugu voru dæmdir í gær.

Allir eiga piltarnir sakaferil að baki. Í ljósi hans og brota piltanna þótti dómnum ekki fært að skilorðsbinda refsinguna. Til frádráttar henni kemur gæsluvarðhaldsvist piltanna frá 27. janúar til 1. febrúar. Öllum þremur var gert að dæma sakarkostnað. -jss

Metþátttaka í landssöfnun:

# 37 milljónir til hjálparaðstoðar

**SÖFNUN** Rúmlega 37 milljónir króna söfnuðust í landssöfnun Rauða kross Íslands sem haldin var laugardaginn 9. september. Var metþátttaka í söfnuninni um land allt.

Lokaupphæðin byggir á uppgjöri Rauðakrossdeilda um allt land auk þeirrar upphæðar sem safnaðist í gegnum söfnunarsíma, framlag fyrirtækja og fé sem lagt var beint inn á reikning félagsins.

Söfnunarféð mun renna óskert til verkefna Rauða krossins í sunnanverðri Afríku með áherslu á börn sem eiga um sárt að binda vegna alnæmis. - sdg



ÁRMANN KR. ÓLAFSSON



BÖÐVAR JÓNSSON

Böðvar Jónsson:

# Nýr aðstoðarmaður ráðherra

**STJÓRNMÁL** Ármann Kr. Ólafsson lætur af starfi aðstoðarmanns Árna Mathiesen fjármálaráðherra síðar í mánuðinum.

Við starfinu tekur Böðvar Jónsson, viðskiptafræðingur, forseti bæjarráðs Reykjanesbæjar og varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi.

Ármann hefur aðstoðað Árna síðan 1999, fyrst í sjávarútvegsráðuneytinu og síðar í fjármálaráðuneytinu. Hann var aðstoðarmaður Halldórs Blöndal í samgönguráðuneytinu kjörtímabilið á undan. Ármann er forseti bæjarstjórnar Kópavogs. -bþs

Ný stjórn Palestínumanna:

# Vill endurvekja „vegvísinn“

**PALESTÍNA, AP Forseti Palestínumanna, Mahmoud Abbas, hyggst senda nefnd erindreka á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í næstu viku til að endurlífga friðarviðræður sem byggjast á „vegvísinum“, en það er áætlun sem George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, kynnti í júní 2003. Samkvæmt áætluninni skal stofnað sjálfstætt ríki Palestínu og Ísraelsríki hlýtur viðurkenningu Palestínumanna. Sérfræðingar segja tilkynningu um viðræður á grundvelli vegvísisins benda til að væntanleg stjórn Palestínu sé staðráðin í að minnka einangrun Palestínumanna á alþjóðagrundvelli.** - kóþ

# Þjóðareining er um að hefja hvalveiðar

**Ný skoðanakönnun sýnir að meirihluti þjóðarinnar vilji hefja hvalveiðar í atvinnuskyni. Aðeins fjögur prósent taka eindregna afstöðu gegn slíkum veiðum. Sjávarútvegsráðherra telur að þjóðareining hafi myndast um hvalveiðar.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Mikill meirihluti íslensku þjóðarinnar vill hefja hvalveiðar í atvinnuskyni á nýjan leik. Þetta er meginniðurstaða skoðanakönnunar sem Capacent Gallup gerði fyrir Landssamband íslenskra útvegsmanna um viðhorf Íslendinga til hvalveiða í atvinnuskyni og gerð var kynnt í gær. Þar kom einnig fram að 11,5 prósent eru andvíg hvalveiðum í atvinnuskyni en aðeins 3,6 prósent taka eindregna afstöðu gegn slíkum veiðum. Þessar niðurstöður eru nær samhljóma sams konar könnun sem gerð var af Gallup árið 1997 hvað stuðning við veiðarnar varðar en þeim sem eru andvígir veiðunum hefur fækkað um níu prósent.

Jón Gunnarsson, formaður Sjávarnytja, kynnti niðurstöður könnunarinnar og viðhorf hagsmunasamtaka til hvalveiða í atvinnuskyni sem stóðu að fundinum. Hann gerði rök andstæðinga hvalveiða að umtalsefni og þá umræðu sem hefur átt sér stað í samfélaginu um að markaðir fyrir hvalaafurðir séu ekki fyrir hendi og með því að hefja veiðar sé verið



**FRÁ KYNNINGARFUNDI** Jón Gunnarsson, formaður Sjávarnytja, kynnti niðurstöður skoðanakönnunar Gallup um hvalveiðar.



**HVALUR 9** Hvalveiðiskip Hvals hf. liggur við Faxagarð í Reykjavíkurhöfn nýuppgert og tilbúið. Forstjóri fyrirtækisins vill hefja veiðar strax í næsta mánuði og segir engin rök mæla gegn hvalveiðum í atvinnuskyni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

að fórna meiri hagsmunum fyrir ferðamannaþjónustu. „Reynslan sýnir okkur að ekkert af þeim hræðsluáróðri sem haldið hefur verið á lofti undanfarin ár hefur gengið eftir.“

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir ljóst að allar efnislegar ástæður séu til staðar til að hefja veiðar og þjóðréttarlega séu heimildir skýrar. „Þessi könnun segir okkur að það er þjóðareining um að hefja atvinnuhvalveiðar. Það er mikill stuðningur við mína skoðun að það sé eðlilegt markmið okkar að hér séu stundaðar hvalveiðar í atvinnuskyni samhliða öðrum atvinnurekstri. Við höfum stundað veiðar í vísindaskyni í þrjú ár og það hefur ekki valdið þeim óróa sem margir óttuðust.“

Aðspurður um hvenær hann telji eðlilegt að hefja veiðarnar svarar Einar. „Við verðum að velja tímapunktinn vel og erum ekki komnir að neinni niðurstöðu varðandi það ennþá.“

Kristján Loftsson, forstjóri Hvals hf., segist vilja hefja veiðar í næsta mánuði og segir ekki eftir neinu að bíða. „Við gætum skotist út fyrstu dagana í október til að sjá hvað er um að vera í hafinu. Við veiðum ekki mikið í ár en það sem Hafrannsóknastofnunin mælir með er svipað og við veiddum hér áður fyrr. Við myndum veiða um 150 til 200 langreyðar og um 100 sandreyðar. Þessir stofnar eru í mjög góðu ásigkomulagi og eru komnir í sömu stærð og áður en nokkrar veiðar hófust.“

svavar@frettabladid.is



**KEITH ELLISON** Sigraði í forkosningum á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vinsæll í Minnesota:

# Fyrstur múslima á Bandaríkjaþing

**MINNEAPOLIS, AP** Allt stefnir í að Keith Ellison, rúmlega fertugur lögfræðingur sem snerist til íslamskrar trúar á námsárunum, verði fyrsti múslíminn til þess að setjast á Bandaríkjaþing. Á þriðjudaginn bar hann sigur úr býtum í forkosningum Demókrataflokksins í einu af kjördæmum Minnesota, þar sem Demókrataflokkurinn hefur jafnan notið mikils fylgis.

Ellison hefur verið ríkisþingmaður í Minnesota og notið verulegra vinsælda, bæði meðal múslima og annarra í ríkinu. - gb

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### 17 teknir fyrir hraðakstur

Lögreglan á Blönduósi hafði afskipti af sautján ökumönnum vegna hraðaksturs í umdæminu síðasta sólarhring. Þar af voru fimm erlendir ökumenn sem þóttu aka helst til of hratt. Sá sem hraðast fór var pólskur ökumaður með þrjá farþega, en hann mældist á um 140 kílómetra hraða á klukkustund.

## VENESÚELA

### Chávez langvinsælastur

Hugo Chávez forseti er efstur í skoðanakönnunum fyrir næstu forsetakosningar í landinu með 58 prósenta stuðning, og er þrefalt sigurstranglegri en næsti keppinautur, sem mælist með 8-17 prósenta stuðning.


*Jóga í* MECCA SPA



Margrét Skúladóttir



Brynjúlfur Jónatansson

*Jóga með Maggý:* Í gegnum kraftmikla og djúpa öndun eykur þú lífsorkuna og upplifir heilbrigði og hamingju.

*Meðgöngujóga og -sund:* Áhrifaríkir tímar fyrir verðandi mæður sem sameina kosti meðgöngujóga og meðgöngusunds.

*Grunnjóga:* Námskeið fyrir byrjendur eða þá sem vilja dýpka skilning sinn á jóga.

*Kraftjóga:* Kröftugir tímar þar sem jógastöður eru notaðar til að styrkja vöðva og auka liðleika.

**www.meccaspa.is**


Ný könnun IMG Gallups sýnir að áhugi landsmanna á hvalkjöti er takmarkaður:

# Aðeins 1,1% neytir hvalkjöts

**HVALKJÖT** Niðurstöðurnar eru úr árlegri neyslukönnun Gallups sem gerð var í júní og júlí síðastliðnum. Þar kemur einnig fram að einungis 1,1 prósent Íslendinga neytir hvalkjöts einu sinni í viku eða oftar.

Til samanburðar má nefna að samkvæmt sömu könnun hafa 52,9 prósent neytenda kjúkling á borðum sínum einu sinni í viku og tæplega fimmtíu prósent landsmanna neyta lambakjöts í hverri viku.

Samkvæmt könnuninni sem Gallup vann fyrir Náttúruverndarsamtök Íslands og Alþjóðadýraverndarsjóðinn, leggja 82,4 prósent fólks á aldrinum 16 til 24 ára sér ekki hvalkjöt til munns.

Könnun Gallup bendir jafnframt til þess að fólk á aldrinum 55 til 75 ára neyti helst hvalkjöts.



**HVALKJÖTI PAKKAÐ** Nýlega var hálft tonn af hvalkjöti sent til Færeyja í sölu. Það var í fyrsta sinn í sautján ár sem hvalkjöt var sent héðan af landi brott. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég held að niðurstaðan sé einfaldlega sú að markaður fyrir hvalkjöt á Íslandi er ákaflega takmarkaður og ber ekki uppi hvalveiðar í atvinnuskyni nema í svo litlu magni að þær borga sig ekki nema með stuðningi ríkisins,“ segir Árni Finnsson hjá Náttúruverndarsamtökum Íslands.

Árni segir samtökin ekki á móti hvalveiðum ef eftirspurn er eftir hvalkjöti en slíkt sé tómt mál að tala um að svo stöddu. „Japansmarkaður er lokaður fyrir innflutningi á hvalkjöti, enda veiða þeir sjálfir hvali í vísindaskyni sem nýttir eru fyrir innanlandsmarkaðinn,“ segir Árni.

„Norðmenn hafa reynt að opna japanska markaðinn en ekkert gengið. Norðmenn hafa verið að veiða sín fimm hundruð dýr og ekki var gefinn frekari kvóti í ár því að kjötið seldist ekki.“ - æþe

# SÉRFRÆÐINGUR Í LÍKAMSVÖRUM

## tryggir þér heilbrigða og fallega húð




### Biotherm dagar í Hagkaupum Kringlunni 14. – 20. september

Ertu að byrja í ræktinni? Því ekki að gera átakið auðveldara og umfram allt ánægjulegra með vörum sem auka blóðflæðið, losa um vökva- og fitusöfnun, mýkja og fegra húðina?

Notaðu þá tækifærið, því nú er 20% afsláttur af öskjum sem innihalda 2 líkamsvörur.

Flottir kaupaukar fylgja þegar keyptar eru 2 vörur frá Biotherm.

Líttu við og fáðu persónulega ráðgjöf varðandi umhirðu húðarinnar.
Allir sem líta við á kynninguna fá lúxusprufu af Biotherm húðmjólk.

BIOTHERM

Gildir til 20. september eða á meðan birgðir endast.
EINGÖNGU FÁANLEGT Í HAGKAUPUM KRINGLUNNI

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvað heitir nýskipaður ríkisskattstjóri?*

2 *Hvað heita frambjóðendurnir tveir til formanns Heimdallar?*

3 *Hvað er að gerast við strendur Ástralíu sem óttast er að séu hefndaraðgerðir vegna dauða Irwins?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 58

Eldra fólk hefur orðið útundan í umræðu um spilafíkn:

# Skömmin meiri meðal eldra fólks

**SPILAFÍKN** Yngsti spilafíkillinn sem hefur leitað sér aðstoðar hjá ráðgjöfum SÁÁ var fimmtán ára gamall. Sveinbjörn Kr. Þorkelsson, ráðgjafi um spilafíkn, vill vara fólk við að gefa börnum sínum peninga til setja í spilakassa eða til þess að kaupa happaþrennur þó um smávægilegar upphæðir sé að ræða. Oft byrji einkenna spilafíknar að gæta um tólf ára aldur. Þó að mikill fjöldi fólks geti leikið sér að peningum án vandræða þá sé töluverður hluti sem beinlínis veikist af spilamennskunni. Foreldrar séu því oft ekki meðvitaðir um hvaða ferli þeir geti hrundið af stað með smávægilegri spilamennsku.

Þorkell bendir þó einnig á að eldra fólk hafi orðið út undan í umræðunni um spilafíkn. Yfirleitt leita um hundrað manns ráðgjafar hjá SÁÁ vegna spilafíknar árlega. Hann telur þó að inn í þessa tölu vanti fjölda eldra fólks. Algengt sé að fólk byrji að spila þegar breytingar verði á lífi þess, svo sem þegar það hættir að vinna eða missir maka. Fjárhættuspil færi spennu í líf þess og losi það tímabundið undan vandamálum hversdagsins. Því eigi það auðvelt með að ánetjast þeim.

„Ég hef áhyggjur af þessum hópi því þó að skömmin sé mikil meðal ungs fólks sem glímir við þessa fíkn tel ég að eldra fólk þjáist jafnvel enn meira vegna hennar. Reynsla mín er einnig sú að það á erfiðara með verða sér úti um upplýsingar um hvernig það geti orðið sér úti um hjálp,“ segir Sveinbjörn og bendir á að SÁÁ standi fyrir fræðslunámskeiði um spilafíkn um helgina í Síðumúla en það hefst klukkan fimm á morgun. **- kdk**



**SVEINBJÖRN KR. ÞORKELSSON** Varar fólk við að gefa börnum pening í spilakassa.






**AÐSTANDENDUR RAGNARS Í DÓMSAL** Nokkur fjöldi aðstandenda Ragnars Björnssonar fylgdist með málflutningi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Neitar sök í morðmáli

**Loftur Jens Magnússon ber því við að hann hafi lamið til Ragnars Björnssonar í sjálfsvörn á veitingahúsinu Ásláki í desember 2004. Kókaín mældist í blóðsýni Lofts sem tekið var eftir banahöggið.**

**DÓMSMÁL** Loftur Jens Magnússon, 27 ára gamall maður sem ákærður er fyrir að hafa veitt Ragnari Björnssyni banahögg á veitingahúsinu Ásláki aðfaranótt 12. desember 2004, ber því við að Ragnar hafi skallað sig áður en hann lamdi Ragnar vegna „augnabliks ósjálfráðra varnarviðbragða“, eins og verjandi Lofts, Björn Ólafur Hallgrímsson, sagði orðrétt í málflutningi fyrir dómi í gær.

Loftur hefur frá upphafi málsins neitað sök og sagst aðeins hafa brugðist við í sjálfsvörn af því að Ragnar hafi skallað sig.

Björn Ólafur gagnrýndi lögregluna harðlega fyrir mikla annmarka á rannsókn málsins í málflutningi sínum. Sagði hann lögregluna ekki hafa rannsakað grundvallaratriði í málinu nægilega vel og með athugunum sínum hafi lögreglan komið í veg fyrir að hægt væri að sannreyna mikilvæg atriði, sem styddu málatilbúnað ákærða. Vitnaði hann þar sérstaklega til þess að sonur Ragnars hefði ráðist á Loft eftir að hann lamdi Ragnar.

Ragnheiður Harðardóttir vararíkissaksóknari, sem sækir málið fyrir hönd ákæruvaldsins, krafðist þess að Loftur yrði dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi fyrir banahöggið. Hún vísaði því jafnframt á bug að lögreglan hefði ekki rannsakað þætti málsins nægilega vel og sagði rannsóknina hafa sýnt fram á sekt Lofts, sem lamið hefði af „litlu sem engu tilefni“ til Ragnars.

Í málflutningi Ragnheiðar kom fram að lítilræði kókaíns hefði mælst í blóði Lofts, auk þess sem blóðsýnið staðfesti að Loftur hefði verið töluvert ölvaður kvöldið sem árásin átti sér stað.

Í málflutningi vitnuðu sækjandi og verjandi í málinu til dóms Hæstaréttar í máli ákæruvaldsins gegn Scott Ramsay, sem dæmdur var í átján mánaða fangelsi, þar af fimmtán mánuði skilorðsbundið, fyrir að veita dönskum manni banahögg á skemmtistað í Keflavík árið 2004. Danski maðurinn lést af völdum eins áverka og drógu Ragnar til dauða, það er heilablæðingu vegna slagæðarofs.

Ragnheiður sagði málin að því leytinu ólík, að Ramsay hefði frá upphafi játað sök í málinu og verið samvinnuþýður við rannsókn málsins.

Loftur hefði hins vegar neitað sök og verið tvísaga í skýrslutökum hjá lögreglu auk þess að bera fyrir sig minnisleysi eftir að hafa áður skýrt frá atvikum. Því væri eðlileg krafa að óska eftir þyngri dómi en til grundvallar lægi í máli Ramsays.

Verjandi Lofts sagði grundvallarmun vera á málunum, sem fælist í því að Ramsay hefði sýnt ásetning til þess lemja manninn en Loftur hefði verið í sjálfsvörn að bregðast við árás á sig.

Kona Ragnars og synir hennar gera kröfu um bætur upp á tæplega 20 milljónir króna en stærsti hluti heildarupphæðinnar er krafa konu Ragnars upp á rúmlega níu milljónir króna. Dómur verður kveðinn upp í málinu 25. september. **magnush@frettabladid.is**



**RAGNHEIÐUR HARÐARDÓTTIR ÚTDEILIR MÁLSGÖGNUM** Sækjandi og verjandi tókust á í málflutningi í héraðsdómi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Atvinnuflug á 21. öld

Einn helsti sérfræðingur í sögu atvinnuflugs í heiminum heldur fyrirlestur í boði Avion Group

Rithöfundurinn og flugsérfræðingurinn Ron Davies, forstöðumaður atvinnuflugsdeildar við Smithsonian-safnið í Washington, heldur fyrirlestur á Íslandi í kvöld í boði Avion Group:

**Hótel Loftleiðum, Reykjavík, 14. september kl. 20**

„Directions of Air Transport in the 21st Century“, eða „Stefnur í atvinnuflugi á 21. öld“, en þar ræðir hann m.a. um Airbus A380 og Boeing 787.

**Fyrirlesturinn verður fluttur á ensku og er opinn öllu flugáhugafólki.**



**Ron E.G. Davies** hefur skrifað á þriðja tug bóka og ótal greina um flug og flugfélög. Samhliða störfum sínum við Flug- og geimferðasafn Smithsonian (National Air & Space Museum), veitir hann forstöðu eigin útgáfufyrirtæki, Paladwr Press, sem sérhæfir sig í útgáfu bóka um sögu atvinnuflugsins. Á árunum 1941 til 1942 var hann í herliði Breta með aðsetur á Búðareyri við Reyðarfjörð.

AVION GROUP
– íslensk sókn um allan heim

Himinn og haf / SÍA

# Hlutafjárútboði Marel hf. lýkur í dag klukkan 16



## Hlutafjárútboð Marel hf. dagana 13. - 14. september 2006.

Seldir verða 75 milljónir nýrra hluta í Marel í útboði. Útboðið er þrískipt; útboð til forgangsréttarhafa, fagfjárfesta og almennings. Útboðsgengið er 74 krónur á hvern hlut. Heildarsöluvirði hluta í útboðinu verða 5.550 milljónir króna.

Marel hf. hefur gefið út lýsingu og hægt er að nálgast hana á vef Marel, www.marel.is, Landsbankans, www.landsbanki.is og í fréttakerfi Kauphallar Íslands hf., www.icex.is. Innbundin eintök liggja frammi hjá Marel hf, Austurhrauni 9, Garðabæ og hjá umsjónaraðila, Landsbanka Íslands hf. Hafnarstræti 5, 3. hæð, Reykjavík. Fjárfestar eru eindregið hvattir til á að kynna sér efni lýsingarinnar.

Áskriftum í útboðinu til forgangsréttarhafa og almennings er einungis hægt að skila rafrænt á vef Landsbankans www.landsbanki.is. Forgangsréttarhafar hafa fengið lykilorð sent í pósti sem þeir nota við skráningu á áskrift sinni. Áskrifendur í almenna hluta útboðsins skrá inn kennitölu sína og netfang og fá um hæl sent lykilorð sem þeir nota við skráningu á áskrift sinni. Hámarksfjöldi hluta sem hægt er að skrá sig fyrir í almenna hluta útboðsins eru 10.000 hlutir. Skráning í útboðinu er skuldbindandi.

Fagfjárfestar skila inn bindandi áskrift á þar til gerðum áskriftareyðublöðum sem hægt er að nálgast á vef Landsbankans, www.landsbanki.is. Áskriftir í þessum hluta útboðsins skulu berast, Fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf. Hafnarstræti 5, 3. hæð, Reykjavík, fax 410 3007. Hafi áskriftareyðublað verið sent með faxi skal fjárfestir engu að síður senda frumritið í pósti til Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans.

Forgangsréttarhafar og fagfjárfestar hafa fulla heimild til þátttöku í almenna útboðinu án tillits til þátttöku þeirra í öðrum hlutum útboðsins.

---

**Ráðgjafar Landsbankans munu veita upplýsingar um útboðið og aðstoða við skráningu í síma 410 4040 til klukkan 16 fimmtudaginn 14. september. Jafnframt mun Þjónustuver Landsbankans aðstoð fjárfesta við skráningu í útboðinu í síma 410 4000.**

Landsbankinn

Marel




Héraðsdómur Austurlands:

# Menn máttu sækja hreindýratarf á fjórhjóli

**DÓMSMÁL** Tveir menn hafa verið sýknaðir í Héraðsdómi Austurlands af ákæru þess efnis að þeir hafi notað fjórhjól við hreindýraveiðar í Skúmhattardal.



**HREINDÝR** Dauði tarfurinn var lagður til kælingar í læk.

Fyrir dómi báru mennirnir að þeir hefðu verið fótgangandi við veiðar og skotið hreindýrstarf. Þeir hafi tekið innan úr honum og lagt hann í kælingu í læk. Daginn eftir hafi tarfurinn svo verið sóttur á fjórhjólinu.

Dómurinn taldi ekki unnt að heimfæra atferli mannanna undir lög sem banna notkun vélknúinna tækja við veiðar á villtum fuglum og spendýrum. Málsvarnarlaun féllu á ríkissjóð. **- jss**

Ungliðahópur lét til sín taka í Bankastræti:

# Femínistar flögguðu

**FÉLAGSMÁL** Tólf bleikum fánum var flaggað í hálfa stöng á ljósastaurum Bankastrætis í gærmorgun. Þar var á ferðinni ungliðahópur Femínistafélags Íslands sem vildi með fánunum vekja athygli á þeim vandamálum á sviði jafnréttis sem enn eru ekki leyst í íslensku nútímaþjóðfélagi.

„Íslendingar standa sig vel í jafnréttismálum á heimsmælikvarða en þó er enn nokkuð langt í land til að kynin standi jafnfætis,“ segja ungliðarnir, sem drógu einn fána í hálfa stöng fyrir hvern málaflokk sem þeir segja að þurfi að leysa sem fyrst. Þar á meðal eru nauðganir, heimilisofbeldi, launamisrétti, þöggun, klámvæðing, vændi, mansal, klám, valdaleysi og strippbúllur.

Ungliðarnir benda á að öll málefnin séu þverpólitísk og í þeim felist sjálfsögð mannréttindi. Stjórnvöld, valdafólk í atvinnu- og viðskiptalífinu og verkalýðsfélögin þurfi að vinna að jafnrétti kynjanna með skýrri stefnumótun og framfylgja henni. „Ekki síst þarf almenningur að taka skýra afstöðu gegn misrétti til að sú hugarfarsbreyting sem til þarf nái fram að ganga,“ benda ungliðarnir á. „Við skorum á þjóðina að standa með jafnrétti og vinna að því svo hægt verði að draga alla fánana að húni. **- jss**



**BLEIKIR FÁNAR** Voru dregnir í hálfa stöng í Bankastræti.

MATVÆLAFRAMLEIÐANDI

**UMSJÓN MEÐ LAGER**

**Vel þekkt fyrirtæki í matvælaframleiðslu á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða skipulagðan einstakling í starf umsjónarmanns lagers.**

**Starfssvið:**
- Samskiptaaðili milli framleiðslu og útkeyrslu
- Umsjón með kælivörum
- Tiltekt pantana
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Skipulagshæfileikar
- Lipurð í mannlegum samskiptum

**Vinnutími: 7:30/8:00-16:30/17:00**
Einhver yfirvinna getur komið til.
Um framtíðarstarf er að ræða.

**Umsóknarfrestur er til og með 18. september nk.**
**Ráðið verður í starfið sem fyrst.**

Áhugasömum er bent á að leggja inn umsókn inn á heimasíðu Ráðningarþjónustunnar www.radning.is og sækja þar sérstaklega um starfið.

**Umsjón með starfinu hefur**
María Jónasdóttir, maria@radning.is

RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN

Krókháls 5a • 110 Reykjavík • Sími: 588 7700 • Fax: 588 8700 • www.radning.is • radning@radning.is



Fulltrúi VG í mannréttindanefnd Reykjavíkur harmar ummæli forstjóra OR um auglýsingu fyrirtækisins:

# Mannréttindi eru ekki túlkunaratriði

**STJÓRNMÁL** Sóley Tómasdóttir, fulltrúi VG í mannréttindanefnd Reykjavíkur, er ósátt við ummæli Guðmundar Þóroddssonar, forstjóra Orkuveitunnar, í Fréttablaðinu í gær. Þar svaraði Guðmundur bókun nefndarinnar um sjónvarpsauglýsingu Orkuveitunnar en í bókuninni segir að ýktar staðalímyndir kynjanna komi fram í auglýsingunni. Kvaðst Guðmundur telja að misskilnings gætti hjá nefndinni.

Sóley gerir athugasemd við að Guðmundur skuli halda fram að nefndin misskilji auglýsinguna. „Mannréttindanefnd byggir á sérfræðiþekkingu og hann getur ekki leyft sér að gera lítið úr því. Hann á að taka þessu alvarlega og fara eftir mannréttindastefnu borgarinnar,“ segir Sóley um viðbrögð Guðmundar.



SÓLEY TÓMASDÓTTIR



GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON

VG ætlar að beita sér fyrir því að málið verði tekið upp í stjórn Orkuveitunnar og býst Sóley við stuðningi Frjálslynda flokksins og Samfylkingarinnar í málinu enda á VG ekki mann í stjórn fyrirtækisins, líkt og hinir flokkarnir. „Orkuveitunni ber að taka tilmælum okkar á sama hátt og ef fundið væri að umhverfis- eða skipulagsmálum. Hún getur ekki hunsað tilmæli frá stjórnvöldum bara af því að hún er ekki sammála. Mannréttindi eru ekki túlkunaratriði.“

Guðlaugur Þór Þórðarson, stjórnarformaður Orkuveitunnar, segir óþarfi að ræða málið frekar þar sem hætt var að birta auglýsinguna sama dag og hann kom til starfa í sumar. „Vilji Sóley ræða þetta á hún að gera það við þá fulltrúa sem áður sátu í stjórn Orkuveitunnar fyrir R-listann í stað þess að hamast á starfsmönnum fyrirtækisins.“ Guðlaugur segir að ýmsar athugasemdir hafi verið gerðar við auglýsinguna, þar á meðal þær sem mannréttindanefndin fjallaði um. - bþs

Atvinnuástandið í Evrópu:

## Íslendingar flestir í vinnu

**VINNUMARKAÐUR** Nýjar tölur frá evrópsku tölfræðistofnuninni Eurostat sýna að Ísland er með langhæsta hlutfall fólks á aldrinum 15-64 ára á vinnumarkaði. Þetta kemur fram á vef Samtaka atvinnulífsins.

Tölurnar sýna að tæplega tvö hundruð milljónir manna voru starfandi á vinnumarkaði innan Evrópusambandsins árið 2005 og var heildarhlutfall þeirra sem voru 15-64 ára og höfðu atvinnu tæp 64 prósent.

Hlutfallið var hæst í Danmörku, rúm 73 prósent, og lægst á Ítalíu, tæp 58 prósent. Á Íslandi var hlutfallið hins vegar tæp 84 prósent. - ghs



**MOSHE KATSAV** Vildi ekki trufla innsetningarathöfn dómara. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsætisráðherra Ísraels:

## Bað um lausn í aðeins einn dag

**JERÚSALEM, AP Ísraelska þingið veitti í gær Moshe Katsav, forseta landsins, tímabundna lausn frá embætti. Katsav bað sjálfur um lausn í einn dag vegna ásakana um að hann hafi sýnt konum sem störfuðu hjá honum kynferðislega áreitni.**

**Katsav bað um lausn í aðeins einn dag, fimmtudag, vegna þess að þann dag tekur nýr yfirdómari sæti í hæstarétti landsins, Nýi dómarinn er kona, Dorit Beinish, og er það í fyrsta sinn sem kona tekur við því embætti.**

**Katsav sagðist ekki vilja trufla athöfnina þegar hún sver embættiseið sinn, en venjan er að forseti sé viðstaddur slíka athöfn.** - gb



**HOLLUR DRYKKUR** Japönsk rannsókn segir grænt te fyrirbyggja hjartasjúkdóma. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Grænt te rannsakað:

## Dregur úr hjartasjúkdómum

**JAPAN, AP** Grænt te getur dregið úr hættu á hjartasjúkdómum og fleiri sjúkdómum, en hefur ekki áhrif á krabbamein, kemur fram í nýrri japanskri rannsókn sem fjallað er um í nýjasta tölublaði tímarits Bandaríska læknafélagsins.

Rannsóknin tók til yfir 40.000 Japana og kom í ljós að drykkja á grænu tei minnkar líkurnar á hjartasjúkdómum um fjórðung, sérstaklega hjá konum.

Þó benda vestrænir vísindamenn að japanskt fæði, sem er mun hollara en vestrænt fæði, skipti líklega sköpum í þessu máli. Fyrr á þessu ári komust bandarískir vísindamenn að því að grænt te hefði engin áhrif á hjartasjúkdóma. - smk





**Við kynnum nýjan KIA Sorento**

**– aflmeiri, betur búinn og enn glæsilegri.** Sorento hefur slegið í gegn um allan heim og eignast dygga fylgismenn á Íslandi. Það er ekki að ástæðulausu að Sorento er orðinn næstmest seldi jeppi landsins. Líklega langbestu jeppakaupin í dag.

**Komdu og sjáðu glæsilegri Sorento á enn betra verði. Sjón er sögu ríkari.**

*KIA umboðið er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi. 3 ára ábyrgð.*

**KIA** er sá bílaframleiðandi sem er í mestum vexti í heiminum í dag. Það er ekkert skrítið þegar hægt er að bjóða þessi gæði á svona verði.

KIA MOTORS The Power to Suprise™

HEKLA KIA *umboðið* á Íslandi er í eigu HEKLU. Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is





Ekið á hross á Ströndum:

# Bifreiðin endaði utan vegar eftir árekstur

**LÖGREGLUFRÉTTIR** Ekið var á hross á Laxárdalsheiði um níuleytið í fyrrakvöld og virðist sem hrossið hafi drepist samstundis við höggið.

Slysið varð með þeim hætti að ökumaður jeppabifreiðar ók eftir veginum eftir að rökkva tók og ók á hross sem stóð á veginum. Ökumaður segist ekki hafa orðið var við dýrið fyrr en of seint og því fór sem fór.

Ökumaður var einn í bílnum og sakaði ekki, en bíllinn er mikið skemmdur ef ekki ónýtur. Ökumaður segist hafa hrokkið svo við að þegar hann lenti á hrossinu hafi hann stigið á bensíngjöfina í stað bremsunnar og ekið langt út í móa. - æþe



**BIFREIÐIN** Eins og sjá má er bifreiðin mikið skemmd eftir óhappið. MYND/SVEINN KARLSSON

Enn frekara klúður dönsku leyniþjónustunnar:

# Önnur skýrsla á glámbekk

**DANMÖRK** Danskur leyniþjónustumaður var rekinn í gær eftir að skýrsla stofnunarinnar fannst liggjandi á glámbekk á Buddingelestarstöðinni skammt frá höfuðstöðvum leyniþjónustunnar í Kaupmannahöfn. Í skýrslunni voru nákvæmar upplýsingar um aðgerðir leyniþjónustunnar 5. september síðastliðinn gegn hópi manna í Óðinsvéum sem grunaðir eru um að hafa lagt á ráðin um stórfelld hryðjuverk í Danmörku.

Hluti skýrslunnar var sýndur í danska ríkissjónvarpinu í gær, en vegfarandi mun hafa komið skýrslunni til sjónvarpsstöðvarinnar.

Yfirmaður leyniþjónustunnar, Lars Findsen, sagði það „hörmulegt“ að skýrslan hefði týnst. Starfsmaðurinn mun hafa ætlað með skýrsluna heim en týnt henni á leiðinni. Þetta er í annað sinn sem leynilegar upplýsingar úr rannsókninni finnast á víðavangi, en á laugardag fann vegfarandi greiningarskýrslu um sprengiefni í rusli fyrir utan rannsóknarstofu í Kaupmannahöfn.

Danir eru í miklu uppnámi vegna klúðurs leyniþjónustunnar, þó Lene Espersen varnarmálaráðherra standi með sínum mönnum. - smk



**DANSKAR LESTIR** Skýrsla frá leyniþjónustu Danmerkur fannst á lestarstöð nýverið. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES








**FORSÆTISRÁÐHERRA FINNA** Matti Vanhanen, forsætisráðherra Finna, nýtur kvenhylli í heimsókn sinni til Bretlands. Hér sést hann veifa aðdáendum.

Forsætisráðherra Finna:

# Kynbomba sem slær í gegn

**FINNLAND** Finnski forsætisráðherrann Matti Vanhanen gerir það gott í heimsókn sinni til Bretlands þessa dagana. Síðdegisblaðið Ilta Lehti hefur það eftir The Guardian að Vanhanen slái í gegn hjá breskum konum og kallar hann „kynbombu“.

„Vanhanen er lifandi dæmi um það að þöglu strákarnir fá allar stelpurnar,“ hefur Ilta Lehti eftir The Guardian, sem lýsir Vanhanen sem nett hallærislegum og segir að bresku konurnar beinlínis kikni í hnjáliðunum við að sjá þennan „venjulega“ Finna. - ghs

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Hraðakstur við skólasvæði

Lögreglan á Akureyri hafði afskipti af 22 ökumönnum sem óku yfir leyfilegum hámarkshraða við skóla þar í bæ. Lögreglan hefur beint athygli sinni sérstaklega að akstursláagi ökumanna í nágrenni skóla eftir að skólastarf hófst að nýju eftir sumarfrí. Að sögn lögreglu óku flestir ökumanna á bilinu 50 til 60 kílómetra hraða þar sem leyfilegur hámarkshraði er 30. Ökumenn mega eiga von á sekt að upphæð tíu til fimmtán þúsund.

Skattasvindl flokksformanns:

## Seldi sjálfum sér hús sitt

**SVÍÞJÓÐ** Formaður flokksins Júnílistans í Svíþjóð hefur verið sakaður um að svindla undan skatti með því að selja sjálfum sér einbýlishús sitt í Saltsjö-Duvnäs fimm sinnum síðan hann fyrst keypti húsið árið 1988.

Nils Lundgren viðurkenndi að hafa selt sjálfum sér húsið í samtali við sænska blaðið Dagens Nyheter. Skattayfirvöld hafa málið nú til rannsóknar, en Lundgren mun hafa keypt og selt húsið langt undir markaðsverði.

Júnílistinn nýtur ekki mikils fylgi Svía og telja fréttaskýrendur að þetta mál muni ekki auka á vinsældir flokksins fyrir þingkosningarnar á sunnudag. - smk

Mannfall eykst í Afganistan:

## Herskáir talibanar herða baráttu sína

**KABÚL, AP** Sjálfsmorðsárásir hafa banað 173 mönnum í Afganistan á þessu ári, að því er Luke Knittig, talsmaður NATO, skýrði frá í gær. Hann tók jafnframt fram að 151 hinna látnu er afganskur ríkisborgari, þar á meðal eru börn.

Herskáir talibanar og félagar þeirra hafa á síðustu vikum hert baráttu sína gegn herliði NATO, Bandaríkjanna og annarra ríkja í Afganistan. Þeir hafa í auknum mæli beitt svipuðum aðferðum og beitt er gegn erlenda herliðinu í Afganistan, það er sjálfsmorðsárásum, bílasprengjum og sprengjum við vegarbrún.

Átökin hafa einkum harðnað í suðurhluta landsins, þar sem átta þúsund hermenn á vegum NATO tóku við stjórninni af bandaríska hernum nú í byrjun ágúst. Hersveitir NATO eiga þar í fyrstu meiri háttar bardögum bandalagsins á landi niðri í 57 ára sögu þess.

Yfirmenn NATO í Afganistan vilja að fjölgað verði í liðinu um 2.500 manns, en hafa mætt litlum skilningi meðal ráðamanna í aðildarríkjunum. Bretar eru nú þegar með 4.500 hermenn í Afganistan, auk þess sem Kanada, Holland og Bandaríkin hafa sent þangað um sex þúsund hermenn samtals.

Hernaðarsérfræðingar segja að alþjóðlegar skuldbindingar bandalagsins, sem hafa verið að aukast jafnt og þétt, reyni verulega á þanþol þess. - gb



**NÍU AFGANAR, ALLIR GRUNAÐIR UM AÐ SKIPULEGGJA SJÁLFSMORÐSÁRÁSIR** Æ harðari barátta herskárra talibana í suðurhluta Afganistans reynir á þanþol herliðs Natós. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Daggæsla á Akureyri:

## Niðurgreiðslan hækkar

**DAGGÆSLA** Foreldrar á Akureyri sem hafa barn sitt hjá dagforeldri borga nú sama gjald og foreldrar leikskólabarna eða 22.325 krónur á mánuði.

Þessi breyting var samþykkt á bæjarráðsfundi Akureyrarbæjar nýverið.

Að sögn Gunnars Gíslasonar, deildarstjóra skóladeildar, er niðurgreiðsla Akureyrarbæjar tæplega 43.000 krónur á mánuði fyrir 8 tíma gæslu á dag fyrir börn giftra foreldra en upphæðin er ríflega 48.000 þús krónur fyrir börn einstæðra foreldra.

Niðurgreiðslan hefur því hækkað um 40-50 prósent frá síðasta ári. - hs



**FRÍSTUNDAHEIMILI** Búið er að útvega um 200 börnum pláss frá því í síðustu viku.

450 börn bíða vistunar:

## 56 starfsmenn vantar til starfa

**FRÍSTUNDAHEIMILI** Nú bíða 450 börn eftir að komast að á frístundaheimilum í Reykjavík. Flest börn bíða eftir að komast að í Grafarvogi eða 158 og 140 börn bíða eftir að komast að í Árbænum.

Steingerður Kristjánsdóttir verkefnastjóri hjá ÍTR segir alls búið að útvega 2.040 börnum pláss, sem þýðir að náðst hefur að útvega tvö hundruð börnum pláss frá því í síðustu viku.

„Enn á eftir að ráða 56 starfsmenn til starfa en best hefur gengið að manna frístundaheimili í Vesturbænum og því bíða engin börn þar.“ - hs

Björk Guðjónsdóttir:

## Sækist eftir 3. til 4. sæti

**STJÓRNMÁL Björk Guðjónsdóttir, forseti bæjarstjórnar Reykjanesbæjar, sækist eftir 3. til 4. sæti í væntanlegu prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi.**

**Björk hefur setið í bæjarstjórn Keflavíkur og Reykjanesbæjar síðustu sextán ár og gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn.** - bþs



**BJÖRK GUÐJÓNSDÓTTIR**

Ásta Möller:

## Sækist eftir þriðja sætinu

**STJÓRNMÁL** Ásta Möller, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, sækist eftir þriðja sætinu í prófkjöri flokksins sem að líkindum verður haldið í lok október. Sameiginlegt prófkjör verður fyrir lista beggja Reykjavíkurkjördæmanna og sækist Ásta því eftir að skipa annað sætið á öðrum hvorum listanum.

Ásta var kjörin á þing 1999 en var varamaður eftir kosningarnar 2003. Hún varð þingmaður á ný þegar Davíð Oddsson hvarf af þingi 2005. Ásta er formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna. - bþs



**ÁSTA MÖLLER**






| Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10.00 - 18.30 | 10.00 - 21.00 | 10.00 - 19.00 | 10.00 - 18.00 | 13.00 - 17.00 |

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200



Nýtt kortatímabil

Kringlan

## „ORÐRÉTT“

### *Blessar súluna*

**„Við blessum súluna og vonum að af henni stafi friður í allar áttir í nafni Johns Lennon, þess mikla snillings.“**

**Sagði Magnús Kjartansson tónlistarmaður um friðarsúlu Johns Lennon sem ekkja bítilsins, Yoko Ono, hyggst reisa 9. október næstkomandi í Viðey. Ef Lennon hefði verið á lífi hefði hann haldið upp á 66 ára afmæli sitt þann sama dag.**

### *Sá bara stjörnur*

**„Ég vankaðist í smá tíma og sá bara stjörnur en það var mjög fínt að fá að frétta það eftir á að boltinn hefði farið í markið.“**

**Ívar Ingimarsson skoraði sitt fyrsta úrvalsdeildarmark á Englandi á mánudaginn. Hann lenti í hörðu samstuði við varnarmann hjá mótherjunum í þann mund sem hann skallaði að marki. Hann segist ekki muna eftir að hafa skallað boltann en það hafi ekki spillt fyrir fögnuðinum.**

*nær og fjær*
# tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? NÍELS HAFSTEIN SAFNSTJÓRI

# *Uppgangur á Svalbarðsströnd*

Níels Hafstein er safnstjóri í Safnasafninu á Svalbarðsströnd. „Það er búið að vera lokað í allt sumar vegna byggingaframkvæmda og því hefur bara verið lögð meiri áhersla á innra starfið í staðinn. Hingað var flutt gamalt kaupfélagshús, upphaflega byggt árið 1900, og svo hefur verið reist nýbygging sem tengir saman húsin tvö. Þegar við opnum næsta vor verðum við með tíu sali og samtals 680 fernetra til að sýna í. Þetta eru náttúrulega engir víðáttuhellar, þessir salir, enda þýddi það lítið hér.“



Níels segir að í þremur sölum verði fastar sýningar, í hinum nýjar sýningar ár hvert, og einnig verður sýnt úti. „Alþýðulistin verður í forgangi hjá okkur eins og áður og svo ýmis hliðarverkefni, meðal annars eitthvað í átt til barnanna; hvernig þau skapa og tjá sig.“

Það er uppgangur á Svalbarðsströnd að því er Níels greinir frá. „Menn eru mikið að byggja hérna, bæði fjós, hótel og íbúðarhús. Það er velmegun hérna, enda skilst mér að Svalbarðsstrandarhreppur vilji ekki sameinast neinum öðrum hreppum. Þetta er lítið svæði, 14 km strandlengja og um 400 manns. Það er líka mikil ásókn í að búa á Vaðlaheiðinni. Hún er nú kannski ekki merkileg ein og sér, en það er útsýnið sem fólk er að sækjast eftir. Það er frábært yfir fjörðinn og fjöllinn, bæði til suðurs og í norður.“



## SJÓNARHÓLL
FRAMTÍÐ MAGNA

## *Björt framtíð bíður Magna*

„Framtíð Magna verður björt alveg sama hvernig þetta fer,“ segir Stefán Ingimar Þórhallsson, trommuleikari í Á móti sól, þegar haft var samband við hann í gær. „Auðvitað væri gaman að vera hluti af þeirri framtíð. Ég vona auðvitað að hann komi heim á endanum og spili með mér. Við strákarnir verðum alltaf vinir, enda er Á móti sól ein stór fjölskylda. Ef hann landar ekki gigginu með Súpernóva kemur hann heim og spilar með okkur. Þó hefur verið talað um að húsbandið í þættinum hiti upp fyrir Súpernóva og hann verði líklega í því bandi. En það verður ekki fyrr en á næsta ári.“



STEFÁN INGIMAR ÞÓRHALLSSON TROMMARI

Stefán og strákarnir í Á móti sól eru með vaðið fyrir neðan sig: „Já, við erum búnir að safna saman á disk öllum lögunum sem Magni söng í keppninni og verðum tilbúnir þegar eða ef hann kemur heim. Þessi lög eru örugglega eitthvað sem fólk gerir kröfu á að heyra.“

# Karl með hatt víkur fyrir nýrri staðalímynd í umferðinni

**Vegaæði er alþekkt fyrirbæri og flestir kunna sögur af slíku, oft erlendis frá, þar sem algengara virðist vera að ökumenn missi stjórn á skapi sínu en hér á landi. Goðsögnin um brjálaða Frakka og Ítali er lífseig. Með auknum umferðarþunga má búast við að vegaæðitilfellum fjölgi hér, að minnsta kosti má álykta það í sístækkandi strollunni til og frá miðbænum á morgnana og á kvöldin séu margir á nippinu.**



**KARL MEÐ HATT** Margir þekkja það að lenda fyrir aftan þessa staðalímynd í umferðinni. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Gera verður skýran greinarmun á vegaæði og því sem hægt er að kalla pirring undir stýri og frekan, ágengan og ýtinn akstur. Sem betur fer eru fá haldbær dæmi um vegaæði á Íslandi, þar sem beinlínis hefur verið keyrt á af ásetningi, en slíkt er þekkt í stórborgum erlendis. Fólk hefur þar jafnvel verið dregið út úr bílum sínum og myrt vegna gáleysis í umferðinni.

Margir Íslendingar ættu þó að kannast vel við pirring undir stýri. Auglýsingaherferð Umferðarráðs í fyrra, „Ertu góð fyrirmynd?“, hitti að minnsta kosti í mark, og margir sáu sjálfa sig í kjaftfora og óþolinmæða ökumanninum sem þar var sýndur.

Staðalímyndina „Karlinn með hattinn“ þekkja flestir, og það að hanga fyrir aftan slíkt fyrirbæri þar sem það lúsast áfram á skrjóðnum sínum. Karlinn með hattinn víkur nú hratt fyrir nýrri staðalímynd, og getur jafnvel verið enn erfiðara að hafa hemil á skapi sínu í kringum hana. Þetta er fyrirbærið „Fólk án handfrjáls búnaðar“. Svona blaðrandi fólk virðist alveg út úr heiminum, gleymir að gefa stefnuljós (stundum mætti halda að það að gefa stefnuljós sé óyfirstíganleg líkamleg áreynsla), er óútreiknanlegt og til alls víst.

Þegar ökumenn setjast undir stýri virðist hegðunarmunstur þeirra breytast. Sumir falla í trans þegar í bílinn er komið og aka nánast óméðvitað milli staða. Margir virðast halda að þeir geti hagað sér eins og þeim dettur í hug í bílnum, án alls tillits til ytra umhverfis. Þeir verða allt aðrar manneskjur undir stýri, útbelgdir og fullir af heift. Svo er segin saga að útbelgdi pirraði ökumaðurinn lyppast niður eins og sprungin blaðra um leið og hann stígur út úr bílnum. Áríðandi er því að muna að bíllinn þinn er ekki huliðshjálmur. Þú ert ekki ósýnilegur undir stýri!

gunnarh@frettabladid.is

### SEX HEILRÆÐI Í UMFERÐINNI

1. Ekki taka aksturslag annarra persónulega og aldrei svara í sömu mynt.
2. Áður en þú bregst við broti skaltu spyrja sjálfan þig: Er gáfulegt að leggja lífið að veði til að hefna mín á þessum asna?
3. Vertu kurteis jafnvel þótt aðrir séu það ekki.
4. Spurðu sjálfan þig: Gæti hinn bílstjórinn hafa verið að gera mistök?
5. Minnkaðu stressið með því að gefa þér góðan tíma til að komast á milli staða. Kynntu þér ástand vega og hugsanlegar framkvæmdir á leiðinni.
6. Mundu að þú getur ekki stjórnað öðrum ökumönnum.




HÉR & NÚ
Stjörnurnar skína skært á NFS í kvöld kl.19:40
Endursýnt á Stöð 2 á föstudögum kl. 17.55
NFS
vísir VEFTV digital ísland Skjárinn Breiðband Símans


Litríkt dýralíf utan við höfnina í Garði:

# Leika sér við hnýðinga

„Menn geta aldrei vitað hvað þeir eiga eftir að upplifa þegar þeir kafa við Íslandsstrendur og þetta er gott dæmi um það,“ segir Matthías Bjarnason kafari hjá Köfunarskólanum. Undanfarna daga hefur hann, ásamt kollegum, svamlað innan um hnýðinga, sem er höfrungategund, beinhákarla, ufsa og önnur sjávardýr skammt undan höfninni í Garði.

„Við urðum varir við risa ufsatorfur við bryggjuna í Garði. Ufsinn gjörsamlega óð á yfirborðinu og torfan var svo þykk að ekki sást til botns. Um tuttugu til fimmtíu metrum utar var svo hnýðingurinn. Svo sáust sjö til tíu metra langir beinhákarlar neðansjávar á þessu svæði en því miður var ég þá í mat,“ segir Matthías.

Spurður að því hvort ekki fari um hann að kafa innan um þessi ferlíki svarar hann: „Það er ekki til sú vera við Íslandsstrendur sem hefur áhuga á því að glefsa í kafara. Það er bara svo einfalt,“ segir hann ákveðinn.



**BRUGÐIÐ Á LEIK MEÐ HNÝÐINGUM** Þessi mynd er ekki tekin í Karíbahafinu heldur rétt fyrir utan höfnina í Garði þar sem kafarar úr Köfunarskólanum hafa að undanförnu brugðið á leik með hnýðingum og annað slagið lætur beinhákarl sjá sig. KÖFUNARSKÓLINN.IS/PÁLL SÆVAR SVEINSSON

Matthías telur að vindur hafi beint bæði dýra- og plöntusvifi í miklum mæli að Reykjanestánni og svifið laðar að þessa óvenju litríku fiskimergð. Hægt er að skoða fleiri myndir úr þessum köfunarferðum Matthíasar og félaga hans á síðunni kofunarskolinn.is

- jse




ENNEMM / SÍA / NM23403

# TIL HAMINGJU MAGNI!

**Nýjasta stórstjarna Íslands, Magni Ásgeirsson stóð sig frábærlega í Rock Star: Supernova.**

**Við á SkjáEinum óskum Magna til hamingju með stórkostlegan árangur og þökkum íslenskum áhorfendum fyrir að taka þátt í ævintýrinu með okkur.**

SKJÁR*EINN* næst í gegnum Skjáinn og Digital Ísland

## Svona erum við

> Útflutningur kindakjöts í tonnum talið




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** HEIMILISOFBELDI

# *Heimilisofbeldi samfélagslegt mein*

**Hvers konar brot teljast til heimilisofbeldis?** Heimilisofbeldi getur birst í myndum er teljast til líkamlegrar og andlegrar kúgunar. Ofbeldið getur falist í því að þolandanum er haldið einangruðum frá umheiminum og með því er komið í veg fyrir að hann geti átt eðlileg samskipti við fólk sem hann umgengst að öllu jöfnu, en algengasta birtingarform heimilisofbeldis eru líkamsmeiðingar og ýmiss konar andleg kúgun. Hugtakið heimilisofbeldi er notað til þess að lýsa því þegar fjölskyldumeðlimur kúgar annan í skjóli friðhelgi heimilisins og tilfinningalegrar, félagslegrar og í sumum tilfellum fjárhagslegrar bindingar. Til heimilisofbeldis teljast brot er tengjast ofbeldi milli maka, fyrrverandi maka, foreldra og barna eða annarra fjölskyldumeðlima.

**Hverjir eru algengustu þolendur heimilisofbeldis?** Konur eru algengustu þolendur heimilisofbeldis og karlar eru í langflestum tilfellum gerendur. Talið er að meira en 90 prósent þolenda líkamlegs ofbeldis séu konur. Börn eru síðan oftar en ekki óbein fórnarlömb heimilisofbeldis þar sem ofbeldi gagnvart þeirra nánustu getur bitnað á andlegri líðan barnsins til langs tíma.

**Hvert geta þolendur leitað?** Þolendur heimilisofbeldis geta leitað til lögreglu í gegnum síma Neyðarlínunnar, 112. Auk þess geta konur leitað til Kvennaathvarfsins, ýmist í viðtöl eða til dvalar ef þannig ber við. Símanúmer Kvennaathvarfsins er 5611205. Þá geta þolendur einnig leitað til neyðarmóttöku Landspítala - háskólasjúkrahúss en þar fá þolendur ráðgjöf og meðhöndlun hjá sérfræðimenntuðu fólki.



## SPURT & SVARAÐ
**VISTRÁÐNINGAR Á ÍSLANDI**

## *Fá alltaf sérherbergi*

Í Fréttablaðinu í gær birtist grein þess efnis að au pair stúlkum væri þrælað út í Danmörku. Þar var meðal annars sagt frá því að stúlkurnar væru þvingaðar til að vinna yfir hundrað vinnustundir á viku og fengju fyrir litlar áttatíu þúsund krónur. Þá var þess getið að dæmi væru um að stúlkur væru neyddar til að deila herbergi með gæludýrum fjölskyldunnar. Inga Engilbertsdóttir er framkvæmdastjóri hjá Exit sem hefur milligöngu um vistráðningar stúlkna hér á landi og erlendis. Hún segir engin álíka mál hafa komið upp hérlendis og hjá frændum okkar Dönum.



INGA ENGILBERTSDÓTTIR

**Hvaðan eru stúlkurnar sem hingað koma?** Þær eru flestar frá austantjaldslöndunum, Eistlandi, Lettlandi, Póllandi og Litháen. Svo er allaf eitthvað um hollenskar stelpur og stelpur frá Skandinavíu sem hingað koma.

**Hvernig eru reglurnar hér á landi varðandi vinnutíma?** Þær mega ekki vinna meira en þrjátíu stundir á viku eða 120 vinnustundir á mánuði. Stúlkan á rétt á tveimur frídögum í viku og eina heila fría vinnuhelgi í mánuði.

**Hvernig eru reglur varðandi aðbúnað?** Það eru ekki til neinar érstakar reglur um það en hér á landi fá stúlkurnar nær undantekningalaust sitt eigið herbergi. Það fer mikið eftir staðlinum í hverju landi.

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




**KÍNVERSK UNGMENNI LÍKJA EFTIR MANNRÉTTINDANEFND SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA** Suzuki segir mannréttindahugsun þjóða í Austur-Asíu sífellt vera að nálgast afstöðu vestrænna ríkja. Efnahagslegur, sögulegur og menningarlegur munur sé þó mikill milli heimshlutanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ríki Asíu hafa allt aðra sýn á mannréttindi en þau vestrænu

**Dr. Motoshi Suzuki er prófessor við lagadeild Kyoto-háskóla í Japan. Hann kom til Íslands til að halda tölu um mannréttindi í Austur-Asíu hjá Háskóla Íslands. Prófessorinn freistaði þess í samtali við Fréttablaðið að útskýra í afar stuttu máli hver helsti munurinn væri á asískri og vestrænni hugsun um mannréttindi.**

Dr. Suzuki hefur samtalið með því að slá nokkra mikilvæga varnagla og minnir á að þótt alhæft sé gjarnan um ákveðna „asíska sýn“ á lífið og tilveruna, séu fleiri en eitt land í Asíu og þau búi við misjafnar efnahagslegar aðstæður, hafi sína söguskoðun hvert og að í álfunni sé talsvert margháttað stjórnarfar. Vestræn sýn á mannréttindi er einnig af ýmsu tagi, segir Suzuki, en þegar hann alhæfi um skil austurs og vesturs, gangi hann út frá hinni bandarísku útgáfu mannréttinda og segir að vegna gífurlega sterkra bandarískra áhrifa í Austur-Asíu séu Bandaríkin það vestræna ríki sem mest hafi haft af mannréttindamálum Asíuþjóða að segja.

Þrennt einkennir helst sýn ólíkra ríkja á mannréttindi, segir Dr. Suzuki. Í fyrsta lagi má telja efnahag þjóðarinnar fyrr og nú, ásamt samfélagsgerð, það er hvort miðstétt sé öflug. Í öðru lagi er mikilvægt að líta til sögu þjóðarinnar og í þriðja stað ber að skoða þá menningarlegu sýn sem þjóðin hefur um sjálfa sig.

Varðandi fyrsta aðgreiningarþáttinn, efnahagsmál, segir Suzuki hann fremur einfaldan í asísku samhengi. „Flest austurasísk ríki hafa brotist eða eru að brjótast út úr fátækt og einblína á að bæta þjóðarhag sinn og þá einkum efnahaginn. Samfélagsleg „hagréttindi“ vega því þyngra en borgaraleg réttindi einstaklinga. Ríkin telja sig gjarnan hafa rétt til að forgangsraða réttindum og þeim finnst að efnahagsframfarir þurfi að koma á undan borgaralegum réttindum. Bandarísk mannréttindahugsun er afar frábrugðin þessari hugmynd, því þar er gengið út frá pólitískum réttindum einstaklingsins.“



**DR. MOTOSHI SUZUKI** Hefur skrifað fjölda greina um mannréttindamál og kennt við háskóla í Japan og Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Um sögulegan bakgrunn þjóðanna, annan aðgreiningarþáttinn, má sömuleiðis alhæfa upp að vissu marki, segir Suzuki. „Ansi mörg lönd í Austur-Asíu hafa fundið nýlendustefnu Evrópuþjóða á eigin skinni, eða átt á hættu að missa sjálfræði sitt í hendur þeirra, til dæmis Japan og Taíland. Ríki Asíu leggja því mikið upp úr því að fullveldi þjóða sé virt og hafa sér til grundvallar regluna um að skipta sér ekki af innanríkismálum annarra þjóða. Þegar reynt er að framfylgja alþjóðlegum mannréttindasáttmálum Sameinuðu þjóðanna í löndum Austur-Asíu, krefst það óneitanlega einhverra afskipta af innanríkismálum þjóðanna. Þetta er misvel séð í Austur-Asíu og stundum er á þetta litið sem nýja utanaðkomandi ógn.“

Þriðji sjónarhóllinn sem klifinn skal til að skilja mismunandi mannréttindaáherslur, er sá menningarlegi. „Austur-asískar þjóðir taka lög og reglur samfélagsins, þjóðskipulagið, fram yfir einstaklingsfrelsi. Þetta er ríkt í þjóðunum og má til dæmis rekja sterka félagshyggju til búddisma og annarra austrænna samfélagshefða.

Á þessum forsendum hefur samræðan milli austurs og vesturs farið fram. Ég hef hins vegar tekið eftir stigvaxandi breytingum og finnst eins og Vesturlönd sýni nú hefðum og gildum Asíuríkja talsvert meiri skilning og á sama hátt eru Asíuríki að nálgast hina vestrænu sýn á mannréttindi. Allt er jú breytingum undirorpið og með aukinni velferð líkjast gildi austrænna þjóða æ meir hinum vestrænu. Aukin samskipti og menntun hjálpast þar að og ég er því ekki sérlega svartsýnn á svokallaða menningargjá milli Asíu og vestrænna ríkja. Sérstaklega ekki þegar litið er til lýðræðisríkja í Asíu og á Vesturlöndum,“ segir Dr. Suzuki og hvetur að lokum til þess að ríkjum Asíu sé sýnd bæði festa og langlundargeð í mannréttindamálum.



FRÉTTAVIÐTAL
KLEMENS ÓL. ÞRASTARSON
klemens@frettabladid.is

## Landssöfnun Rauða kross Íslands 9. september 2006



göngum til góðs

# Þjóðin gefur 37 milljónir króna

**Íslendingar gengu rösklega til góðs síðasta laugardag.** Aldrei fyrr hafa jafn margir lagt á sig sjálfboðaliðavinnu fyrir Rauða kross Íslands. **Tvö þúsund og sex hundruð sjálfboðaliðar** söfnuðu um þrjátíu og sjö milljónum króna. Rauði kross Íslands þakkar þjóðinni **stuðninginn við börn í sunnanverðri Afríku sem eiga um sárt að binda vegna alnæmis.**

**Nú getum við lagt þeim lið og þjóðin mun fá að fylgjast með því hvernig söfnunarfénu verður varið.**

**Rauði kross Íslands þakkar eftirtöldum fyrirtækjum margvíslegan stuðning vegna söfnunarinnar.**

KB BANKI · Iceland Express · Skeljungur hf. · actavis · GLITNIR · WWW.ICELANDAIR.IS

ITR · SAMSKIP · PÓSTURINN · VISA · BURGER KING · sena

Egils · Íslandsprent · TOYOTA · HAGVANGUR · HNIT · spron

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| RÚV | Morgunblaðið | Ásbjörn Ólafsson | Kringlan | Samsýn |
| Stöð 2 | Fréttablaðið | Daniel Ólafsson | O. Johnson & Kaaber | Fíton |
| Skjár Einn | Blaðið | Rekstrarvörur | Freyja sælgætisgerð | Auglýsingamiðlun |

**907 2020**

Þú getur ennþá hringt í Söfnunarsímann **907 2020**.
Þá færist 1.200 kr. framlag á næsta símareikning.

**Rauði kross Íslands**
www.redcross.is

Fíton/SÍA F1016177



13.01.06 † Sæbraut
Pétur Sigurðsson
59 ára



19.01.06 † Hnífsdalsvegur
Þórey Guðmundsdóttir
17 ára



23.02.06 † Bæjarbraut
Halla Margrét Ásgeirsdóttir
15 ára



28.02.06 † Sæbraut
Guðrún Jónsdóttir
18 ára



04.03.06 † Hjalteyrargata
Sesar Þór Viðarsson
19 ára



07.05.06 † Kjósarskarðsvegur
John Joseph Cramer
47 ára



06.06.06 † Elliðavatnsvegur
Hallgrímur Páll Guðmundsson
34 ára



02.07.06 † Varmahlíð
Sigrún Kristinsdóttir
20 ára



02.07.06 † Öræfasveit
Heiðar Þórarinn Jóhannsson
52 ára



23.07.06 † Drangsnesvegur
Þórður Björnsson
83 ára



23.07.06 † Eystri-Rangá
Birkir Hafberg Jónsson
26 ára



07.08.06 † Suðurlandsvegur
Rósa Björg Guðmundsdóttir
36 ára



16.08.06 † Kjalarnes
Linda Björg Rafnsdóttir
16 ára



16.08.06 † Garðskagavegur
Guðmundur Adam Ómarsson
21 árs



16.08.06 † Garðskagavegur
Jóhann Fannar Ingibjörnsson
34 ára



20.08.06 † Vesturlandsvegur
Eugeniusz Leszek Lojko
47 ára



23.08.06 † Vesturlandsvegur
Dariusz Wojewoda
25 ára



27.08.06 † Faxabraut
Bryndís Zophoníasdóttir
74 ára



28.08.06 † Borgarfjarðarvegur
Unnur Betty Guðmundsdóttir
18 ára




14.09.06

# NÚ SEGJUM VIÐ STOPP!

**Það sem af er þessu ári (12. september) hafa nítján einstaklingar látið lífið í umferðarslysum á Íslandi. Þetta er hræðilegur fórnarkostnaður og við hljótum að spyrja hvort lífi einhvers þeirra hefði ekki mátt bjarga með betri umferðarmenningu.**

**Við skorum á alla Íslendinga að segja stopp.**
Þú getur lagt þitt af mörkum með því að fara inn á **www.stopp.is.** og skrifa undir yfirlýsingu um betri hegðun í umferðinni.

Við vottum aðstandendum hinna látnu okkar dýpstu samúð og þökkum þeim fyrir að leggja okkur lið í þessu brýna verkefni.

**www.stopp.is**

UMFERÐARSTOFA

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 7192




# NÚ SEGJUM VIÐ STOPP!

**Fjöldi alvarlegra umferðarslysa á árinu hefur vakið mikinn óhug meðal þjóðarinnar. Efnt verður til þjóðarátaks til að sporna við þessari óheillavænlegu þróun og hefst átakið formlega í dag með borgarafundum víðs vegar um landið. Aðstandendur þeirra sem látist hafa í umferðarslysum það sem af er þessu ári leggja málefninu lið.**

Á fundunum segja fórnarlömb umferðarslysa og aðstandendur þeirra frá reynslu sinni, farið verður yfir aðgerðaáætlun stjórnvalda í umferðarmálum og undirskriftarsöfnuninni **„Nú segjum við stopp“** verður hrint úr vör.

**Við skorum á alla Íslendinga að segja stopp. Sýnum samstöðu og fjölmennum á borgarafundi um bætta umferðarmenningu í dag kl. 17.15.**

**Fundarstaðir:**

**Reykjavík** – Hallgrímskirkja
**Ísafjörður** – Ísafjarðarkirkja
**Akureyri** – Akureyrarkirkja
**Egilsstaðir** – Salur Menntaskólans á Egilsstöðum
**Selfoss** – Fjölbrautaskóli Suðurlands
**Reykjanesbær** – Stapinn

Vegagerðin · Umferðarráð · Ríkislögreglustjórinn · Umferðarstofa · Samgönguráðuneytið · Lögreglan í Reykjavík
Landssamband vörubifreiðastjóra · LÍA · LHM · ÖBÍ · Brautin
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 7192

## Útgjöldin

> Smjörneysla á Íslandi á hvern íbúa




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** HELGI MÁR MAGNÚSSON KÖRFUKNATTLEIKSMAÐUR

## *Bar miklar tilfinningar til Pontiac*

„Bestu kaup sem ég hef gert eru klárlega bíllinn sem ég keypti á meðan að ég var í háskólanámi í Bandaríkjunum,“ segir Helgi Már Magnússon, landsliðsmaður í körfuknattleik, en hann hefur stundað nám við Catawba háskólann undanfarin ár. Bíllinn, sem var ´93 árgerð af Pontiac Bonaville, var að sögn Helga í besta falli hrörlegur og því gerði hann ekki miklar væntingar til þess að hann entist mikið lengur en í eitt ár. „Ég bar miklar tilfinningar til hans. Þetta var stór og mikill bíll sem gaf frá sér undarleg hljóð og var líklegur til að hrynja á hverri stundu. En hann einfaldlega dugði. Fór allt.“ Bíllinn lifði meira að segja af nokkur lengri ferðalög um Bandaríkin og er enn í fullu fjöri í dag því Finnur Magnússon, bróðir Helga sem stundar nám við sama háskóla, tók við honum þegar Helgi útskrifaðist síðastliðið vor. Hann er því að verða nokkurs konar fjölskyldugersemi.

Það hljómar kannski þverstæðukennt en verstu kaup Helga eru að hans sögn sjóngleraugu sem hann festi kaup á fyrir rúmum tveimur árum. „Ætli ég hafi ekki notað þau svona tíu sinnum allt í allt síðan ég fékk þau. Svo brotnuðu þau og ekki jókst notkunin við það, enda dró ég það nokkuð lengi að láta gera við þau. Ég fór þó með þau í viðgerð nýlega þannig að þau fara kannski að batna sem fjárfesting ef notkunin fer að aukast. En þetta er klárlega dýrasti einstaki hlutur sem ég hef keypt án þess að nota nánast neitt, enda kostuðu þau rúmar tuttugu þúsund krónur.“



## GÓÐ HÚSRÁÐ
### TANNKREM Á BLEK

■ *Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, segir gott að setja tannkrem á blekbletti sem kúlupennar skilja eftir sig.*

„Ég á nokkur húsráð í handraðanum eftir að hafa haldið heimili í um aldarfjórðung.

Eitt þeirra er að setja setja nælonsokk fyrir ryksugustút til að finna eyrnalokka eða aðra smáhluti sem detta í teppið og sjást ekki með góðu móti.“

Annað ráð sem getur gagnast vel er að láta egg snúast til að komast að því hvort þau eru harðsoðin eða ósoðin.

Ef eggið snýst hratt er það harðsoðið en ósoðið egg snýst hægt.“

Þá segir Svandís kaffið bragðast betur ef örlítið salt er sett út í kaffiduftið áður en það er lagað.



■ **DÝRAST / ÓDÝRAST**

## Kassagítar



Dýrasti gítar landsins fæst hjá Tónastöðinni og er af gerðinni Martin D-41. Hann kostar 309.000 kr. Aðeins hágæða efniviður er notaður í gítarinn, m.a. rósaviður, Abalone-perlur og ekta gull í stilliskrúfum. Rúmfatalagerinn selur ódýrasta kassagítar landsins. Hann kemur frá Kína og kostar 2.990 kr. Það er því hægt að fá 103 slíka fyrir þann dýrasta, en ólíku er saman að jafna. Ómögulegt er að segja að Kínagítarinn sé vandaður, hann heldur t.d. varla stillingu. Martin-gítarinn endist ævina en Kínagítarinn í mesta lagi útileguna.

■ **Allt er nú til**

## Klósettsetur fyrir pönkara

Klósettsetur eru líklega með því síðasta sem fólki dettur í hug í sambandi við tísku og stíl. Engu að síður teygir tískan anga sína alla leið þangað. Hjá Ísleifi Jónssyni er að finna eitt stærsta úrval landsins af klósettsetum. „Stærðirnar eru frumskógur en seturnar sem við erum með frá Kandre-fyrirtækinu passa í áttatíu prósentum tilfella, enda er hægt að stilla þær,“ segir Haukur Bjarnason sölumaður. „Við erum með marga liti og margar seturnar eru myndskreyttar.“ Nokkurrar hugmyndaauðgi gætir í klósettsetubransanum og hjá Ísleifi eru sem dæmi til gegnsæjar setur með gaddavír og öryggisnælum. Er þetta vinsælt, e.t.v. hjá pönkurum? „Nei, það er ekki hægt að segja að þetta sé mjög vinsælt,“ segir Haukur og hlær. „Reyndar kom stelpa hér um daginn og sýndi gaddavírnum mikla athygli, en hún var reyndar ekkert pönkaraleg.“



■ **LEIÐRÉTTING**

## Ekki það sama, tölva og tölva

Á síðustu Neytendasíðu var borið saman verð á nokkrum vörum keyptum í íslenskum verslunum annars vegar og í bandarískum netverslunum fluttum inn í gegnum ShopUSA hins vegar. Þar á meðal var ofurfartölva frá Dell af tegundinni XPS M2010 með 20“ skjá. Verðmunurinn var sagður 99.751 kr af tölvu keyptri hjá Dell.com og hjá EJS. Halldór Már Sæmundsson á markaðssviði EJS er ekki sáttur við þennan samanburð og segir að verið sé að bera saman epli og appelsínur. „Við létum fara yfir þetta og í ljós kom að í samanburðinum vantaði að vélin væri með þriggja ára ábyrgð auk þess sem vélin frá EJS er með stærra vinnsluminni og stærri harðan disk. Ef öll atriðin eru tekin inn í dæmið og nákvæmlega eins vélar bornar saman kemur í ljós að munurinn er nánast enginn.“




# Hver er besti orkudrykkurinn?

**Orkudrykkir eru vinsælir á Íslandi og nú má fá margar tegundir í næstu búð eða sjoppu. En hver er bestur? Við leituðum á náðir þriggja þrautþjálfaðra einstaklinga, þeirra Sigurpáls Jóhannessonar einkaþjálfara, Gunnhildar Jónasdóttur fitnessiðkanda og Sigurjóns Ragnars langhlaupara, og létum þá smakka.**



**SIGURJÓN, SIGURPÁLL OG GUNNHILDUR SMAKKA ORKUDRYKKI** Þau voru yfirleitt sammála í greiningu sinni á drykkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í verslun 10-11 í Lágmúla fengust sex tegundir orkudrykkja. Allir drykkirnir eru í 250 millilítra umbúðum og kosta í kringum 200 krónur. Smökkunin fór fram í veitingasal World Class í Laugum. Drykkirnir voru innbyrtir einn af öðrum úr plastglösum svo þátttakendur vissu ekki hvað þeir voru að drekka. Íslenskt vatn var drukkið á milli til að hreinsa munninn.

Danski drykkurinn Cult var fyrstur í munn og hlaut fremur óblíðar móttökur. „Þetta er voðalega sætt og ekki gott eftirbragð af þessu,“ sagði Sigurjón og bætti við að kannski væri þetta í lagi til að blanda út í gin. Hin voru á sama máli og Cult fékk lægstu einkunn drykkjanna sex, 2,7 af fimm mögulegum.

Bomba kemur í flösku sem minnir á handsprengju og er framleiddur í Austurríki. „Þessi er miklu betri,“ sagði Gunnhildur, fékk sér annan sopa og bætti við glöð: „Þetta er nú bara alveg eins og sælgæti!“ Strákarnir voru á sama máli og Bomban fékk næst hæstu einkunn, 4.7.

Næst var komið að íslenska orkudrykknum Egils Orku og þátttakendur voru helst á því að nú væri verið að plata þá eitthvað. „Er eitthvað blöff í gangi?“ spurði Sigurpáll, „ertu að gefa okkur Sprite?“ Orkan fékk þó ágætar viðtökur með meðaleinkunnina 3,3 og Sigurjón sagði að þetta væri vel „þambanlegt“ með klökum.

> Ég sé eiginlega fátt jákvætt við þessa drykki. Þetta er mest vatn og sykur
>
> **FRÍÐA RÚN ÞÓRÐARDÓTTIR**
> NÆRINGARFRÆÐINGUR

Næst var komið að Burn sem kynntur var í samkvæmi „fræga og fallega fólksins“ í Iðuhúsinu á dögunum. Burn fékk mjög blendnar viðtökur, Sigurpáll og Gunnhildur voru nokkuð hrifin – „Það er frískandi kirsuberjabragð af þessu“ – en Sigurjón fussaði og sveiaði: „Þetta er hreinlega ógeðslegt!“ Núlleinkunn hans dró Burn niður í neðsta sætið.

Tantra kemur frá Austurríki eins og Bomban og ekki er á hreinu hvort drykkurinn sé erótískur eða exótískur því hvort tveggja má lesa út úr merkinu á dósinni. Það er skemmst frá því að segja að Tantra hlaut hæstu einkunn, fullt hús hjá öllum, og telst því besti orkudrykkur landsins samkvæmt þessari könnun. „Þessi er rosalega góður,“ sagði Gunnhildur. Sigurjón tók undir og bætti við; „þessi slekkur þorstann sem hinir drykkirnir gerðu ekki.“ Þátttakendum kom mjög á óvart eftir á að þeir hefðu kosið Tantra sem besta orkudrykk landsins. Ekkert þeirra hafði smakkað drykkinn áður og varla heyrt af honum.

Að lokum var komið að jaxlinum Magic sem hefur verið lengst orkudrykkja á markaðinum. „Þessi slekkur þorstann líka,“ sagði Sigurjón og öllum fannst Magic minna dálítið á Tantra drykkinn á undan, „samt ekki alveg eins bragðgóður“. Magic fékk engu að síður ágætis einkunn og náði bronsverðlaununum.

Enginn þátttakenda sagðist neyta orkudrykkja að einhverju ráði. „Ég reyni eiginlega að forðast þetta,“ sagði Sigurjón, „þetta ert allt of fitandi. Eftir löng hlaup er miklu betra að fá sér bara vatn og banana.“

„Ég held að það séu einhverjir 12-13 sykurmolar í einni svona dós,“ sagði Sigurpáll og minnti á heilræðið að borða bara hollan mat og reglulega. Gunnhildur játaði að hún fengi sér stundum orkudrykki: „Þetta er stundum ágætt til að fá extra kraft, en það er eins með þetta og annað, að allt er best í hófi.“

Fríða Rún Þórðardóttir næringarfræðingur tók í sama streng þegar samband var haft við hana: „Ég sé eiginlega fátt jákvætt við þessa drykki. Þetta er mest vatn og sykur og koffín sem er alls ekki fyrir litla líkama, börn og unglinga.

Ég veit að námsmenn nota þetta í prófum og íþróttafólk til að fá orkuskot fyrir átök. Þetta er kannski ágætt endrum og sinnum ef fólk hugsar vel um svefn og heilsufar. En fólk með offituvandamál ætti alls ekki að drekka þetta og svo getur hreinlega verið hættulegt að blanda saman orkudrykkjum og áfengi.“ gunnarh@frettabladid.is

### Tantra ☆☆☆☆☆



**Verð:** 199 kr. **Inniheldur m.a.:** Sykur, tárín, koffín (13.5mg/100 ml) og shizandra. **Næringargildi í 100 ml:** 50 kkal / Prótein: <0.4g / Kolvetni: 12.4 g / Fita: 0 g. **Framleitt í:** Austurríki.

### Bomba ☆☆☆☆½



**Verð:** 209 kr. **Inniheldur m.a.:** Sykur, sítrónusýru, koffín (15mg/100ml), ginseng og guarana þykkni. **Næringargildi í 100 ml:** 56.7kkal / Prótein: 0g / Kolvetni: 13.6g / Fita: 0g. **Framleitt í:** Austurríki. Einnig til í sykurlausu og rautt með ávaxtabragði.

### Magic ☆☆☆☆



**Verð:** 205 kr. **Inniheldur m.a.:** Ávaxtasykur, sítrónusýru, koffín (13.5mg/100ml), ginseng og guarana þykkni. **Næringargildi í 100 ml:** 56.7kkal / Prótein: <0.5g / Kolvetni: 11g / Fita: 0g. **Framleitt í:** Svíþjóð. Einnig til í svartri dós með örlítið öðru bragði.

### Egilsorka ☆☆☆½



**Verð:** 179 kr. **Inniheldur m.a.:** Sykur, þrúgusykur, sítrónusýru, koffín (magn ekki uppgefið), ginseng og guarana þykkni. **Næringargildi í 100 ml:** 50kkal / Prótein: 0g / Kolvetni: 12.5g / Fita: 0g. **Framleitt í:** Reykjavík. Einnig til í 500ml plastumbúðum.

### Burn ☆☆☆



**Verð:** 209 kr. **Inniheldur m.a.:** Sykur, sítrónusýru, koffín (15mg/100 ml) og guaranaþykkni. **Næringargildi í 100 ml:** 58kkal / Prótein: 0g / Kolvetni: 13.9g / Fita: 0g. **Framleitt í:** Noregi og Reykjavík.

### Cult ☆☆½



**Verð:** 189 kr. **Inniheldur m.a.:** Sykur, eplamauk, koffín (15mg/100 ml) og guaranaþykkni. **Næringargildi í 100 ml:** 57kkal / Prótein: 0-1g / Kolvetni: 13g / Fita: 0-1g. **Framleitt í:** Danmörku. Einnig til sykurlaust.



Sturtuklefar í sumarbústaðinn
Sól í sinni
í sturtunni þinni
Sumar í sveit
sturtan er heit
Hátækni
Ótrúleg
verð
Kr. 101.000
800x800x2150mm
Kr. 131.000
800x800x2150mm
Kr. 199.000
1300x1300x2150mm
Kr. 49.000
910x910x2000mm
Einfaldir sturtuklefar án baks.
Kr. 139.000
900x900x2150mm
Kr. 41.000
800x800x1980mm
Einfaldir sturtuklefar án baks.
Bara að drífa sig!
Reykjavíkurvegur 64,
220 Hafnarfjörður. Sími: 565-5566
Öll viðgerða/varahluta og uppsetningaþjónusta fyrir hendi
www.sturta.is allan sólarhringinn!
sturta.is
Ekki súr, farðu úr
Hreinn og beinn ...í sturtu!

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.086 **-0,19%** **Fjöldi viðskipta:** 257 **Velta:** 2.126 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Alfesca** | +0,83% | **Össur** | -2,07% |
| **Flaga** | +0,77% | **Mosaic** | -1,11% |
| **Bakkavör** | +0,73% | **Icelandic Group** | -0,66% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 64,70 -0,31% ... Alfesca 4,84 +0,83% ... Atlantic Petroleum 572,00 +0,00% ... Atorka 6,32 +0,32% ... Avion 32,90 +0,31% ... Bakkavör 55,60 +0,73% ... Dagsbrún 4,86 -0,21% ... FL Group 20,20 +0,00% ... Glitnir 20,00 +0,00% ... KB banki 827,00 -0,36% ... Landsbankinn 25,50 -0,39% ... Marel 79,50 +0,63% ... Mosaic Fashions 17,80 -1,11% ... Straumur-Burðarás 16,80 +0,00% ... Össur 118,50 -2,07%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Hneyksli skekur HP

Patricia Dunn, stjórnarformaður bandaríska tölvurisans Hewlett-Packard (HP), hefur ákveðið að segja af sér í byrjun næsta árs vegna hneykslismáls. Í hennar stað kemur Mark Hurd, forstjóri HP.

Glæpur Dunns var að ráða einkaspæjara sem þóttust vera blaðamenn og munu þeir hafa komist yfir skrár með símtölum stjórnarmanna auk þess sem þeir laumuðust í tölvuskjöl starfsmanna fyrirtækisins til að finna út úr því hver stjórnarmanna lak upplýsingum til fjölmiðla.

Saksóknarar vestra kanna nú hvort fyrirtækið hafi brotið lög, en sjálf hefur Dunn beðist afsökunar og kvað einkaspæjarana hafa farið út fyrir verksvið sitt.

Rannsóknin leiddi hins vegar í ljós að George nokkur Keyworth stjórnarmaður lak upplýsingum til fjölmiðla og hefur í refsingarskyni verið meinað að sækjast eftir stjórnarmennsku hjá HP á ný.

### The Thermostator

Glitnir bauð til sín hópi fólks víða að til að hlýða á kynningu um starfsemi sína á svokölluðum Capital Market day. Meðal þess sem bankinn kynnti var sú sérstaða sem bankinn hefur markað sér á alþjóðamarkaði, meðal annars í sjávarútvegi og endurnýjanlegri orku. Magnús Bjarnason fór yfir möguleika



ngu jarðvarma og taldi bankann a forskots.

Áhugi er sívaxandi á nýtingu jarðhita og sem dæmi nefndi Magnús að í stað lítilla ráðstefna um þessa grein væri nú í San Diego stór ráðstefna þar sem mættir væru ekki minni menn en Arnold Schwarzenegger. Ekki í hlutverki The Terminator heldur fremur sem The Thermostator svo maður beygi sig eftir einum fimmeyringi.

### MARKAÐSPUNKTAR

Landsframleiðsla jókst um 7,5 prósent að raungildi á síðasta ári, samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar. Þetta er umfram áætlanir en gert hafði verið ráð fyrir 5,5 prósenta hagvexti. Munurinn skýrist einkum af tekjum í útfluttri þjónustu sem voru tíu milljörðum króna umfram áætlanir.

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf. (TM) ákvað í gær að boða til hluthafafundar þann 26. september næstkomandi til að fjalla um tillögu stjórnar TM um útgáfu nýrra hluta í félaginu.

1.948 manns voru á atvinnuleysisskrá í síðasta mánuði en það jafngildir 1,2 prósenta atvinnuleysi hér á landi, samkvæmt nýbirtum tölum Vinnumálastofnunar. Þetta er minna atvinnuleysi en gert var ráð fyrir.

# Bankarnir spá 50 punkta hækkun stýrivaxta í dag

**Seðlabanki Íslands tilkynnir í dag ákvörðun sína um stýrivexti og er jafnvel talið að með hækkun nú ljúki vaxtahækkunarferli bankans. Verðbólga er enn hátt yfir markmiði Seðlabankans, en reyndist þó heldur minni í síðustu mælingu en spáð hafði verið. Gangi spár bankanna eftir verða stýrivextir fjórtán prósent.**



**Á BENSÍNSTÖÐINNI** Lækkun bensínverðs er meðal þess sem vegur þungt í verðbólgumælingu Hagstofunnar, en verðbólga milli mánaða reyndist minni en spáð hafði verið, þrátt fyrir útsölulok. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Greiningardeildir bankanna spá því allar að Seðlabanki Íslands hækki í dag stýrivexti um 0,5 prósentustig og þeir verði því fjórtán prósent eftir hækkun. Jafnframt er trú manna að vaxtahækkunarferli bankans sé að ljúka, en það hefur staðið frá vordögum 2004.

Verðbólga reyndist í síðustu mælingu Hagstofu Íslands hafa hækkað minna milli mánaða en við var búist, eða um 0,61 prósent og mælist tólf mánaða verðbólga nú 7,6 prósent. Er það almennt mat greinenda að verðbólgan hafi náð toppi sínum og sé nú tekin að hjaðna.

„Við gerum því líka skóna að þetta verði síðasta hækkun bankans, þótt vissulega sé allt breytingum háð í þessum heimi," segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings banka. „Í júní og júlí hélt maður til dæmis að samdráttur væri að bresta á en svo snerist allt við, hlutabréf hækkuðu og krónan líka og jeppaverð lækkaði um leið." Hann segir reyndar líka að endurskoðaðar hagvaxtartölur fyrir síðasta ár setji strik í reikninginn, en hagvöxtur reyndist meiri en áður hafði verið sagt. „Líkön Seðlabankans eru mjög viðkvæm fyrir þessu, en trúlega verður þetta ekki tekið inn í spá bankans fyrr en næst í nóvember."

Greiningardeild Landsbankans segist gera ráð fyrir hratt lækkandi verðbólgu og nýjustu verðbólgutölur Hagstofunnar styðji þá skoðun bankans. „Háir stýrivextir samfara hjaðnandi verðbólgu munu á næstu vikum ná að lyfta raunvöxtum á markaði og draga þar með úr innlendri eftirspurn. Gangi þetta eftir skapast innan fárra mánaða forsendur til að slaka á peningastefnunni á ný," segir greiningardeild bankans í nýju áliti sínu.

Í áliti greiningardeildar Glitnis segir sömuleiðis að búist sé við því að hækkun stýrivaxta nú verði annaðhvort sú síðasta eða næst síðasta hjá bankanum í vaxtahækkunarferlinu. „Verðbólgan er hins vegar enn há og þenslan nokkur í þjóðarbúskapnum sem mun eflaust knýja Seðlabankann til að halda stýrivöxtum sínum háum nokkuð fram á næsta ár," segir Glitnir og bendir á að atvinnuleysi sé minna en nokkru sinni fyrr og einnig að hagvöxtur á síðasta ári hafi reynst meiri í nýbirtum tölum Hagstofu og langt umfram þann vöxt er samrýmist lágri verðbólgu. „Verðbólgan mun áfram vera mikil fram á næsta ár og gæti aukist lítillega á næstu mánuðum frá því sem nú er," segir greiningardeildin. **olikr@frettabladid.is**



**SÍLD** Óttast er að Norðmenn bræði síld úr norsk-íslenska síldarstofninum í stað þess að taka áhættuna af því að selja hana til Rússlands.

# Síldin ekki til manneldis

Svo getur farið að hátt í tvö hundruð þúsund tonn af norsk-íslenskri síld verði send til bræðslu í Noregi í haust og vetur í stað vinnslu til manneldis en fyrir það fæst hærra verð.

Fiskifréttir hafa eftir norska blaðinu Fiskeribladet að ástæðan sé sú að norsk fiskvinnslufyrirtæki þori ekki að taka áhættuna á því að kaupa síld til vinnslu fyrir Rússlandsmarkað og vegna hertra innflutningsreglna í Rússlandi.

Síldarvertíðinni í Noregi lýkur í febrúar á næsta ári. Tvö hundruð þúsund tonn af síldarkvótanum á eftir að veiða og eru líkur á að hann fari mest í bræðslu slaki Rússar ekki á innflutningskröfunum, að sögn blaðsins. **- jab**

# Líkur á hækkun vaxta fyrir árslok

Atsushi Mizuno, stjórnarmaður í bankastjórn Seðlabanka Japans, telur líkur á að bankinn hækki stýrivexti sína fyrir lok þessa árs þrátt fyrir vísbendingar um að hægja muni á hagvexti í landinu.



**TOSHIHIKO FUKUI SEÐLABANKASTJÓRI JAPANS** Líkur sagðar á að japanski seðlabankinn hækki stýrivexti fyrir lok ársins.

Bankinn lét af fimm ára núllvaxtastefnu sinni um miðjan júlí síðastliðinn er hann hækkaði vexti um 25 punkta og ákvað á síðasta vaxtaákvörðunarfundi bankans fyrr í þessum mánuði að halda þeim óbreyttum í 0,25 prósentum.

Mizuno sagði í samtali við fréttastofu Bloomberg að bankastjórnin hefði komist að samkomulagi um að fara varlega í vaxtahækkanir. **- jab**

# Auðkýfingur styrkir fátæka í Afríku

Bandaríski auðkýfingurinn George Soros ætlar að veita fimmtíu milljónum Bandaríkjadala, jafnvirði rúmra 3,5 milljarða íslenskra króna, á næstu fimm árum til verkefnis á vegum Sameinuðu þjóðanna sem stuðlar að því að auka menntun, eyða fátækt og hindra útbreiðslu alnæmis í Afríku.



**GEORGE SOROS**

Á meðal þess sem fellur undir verkefnið er aukin læknisþjónusta og bygging skóla auk þess sem bændur í dreifðari byggðum Afríku fá tilbúinn áburð við akurlendi sitt til að auðvelda þeim að brjótast úr viðjum fátæktar í 79 þorpum í tíu Afríkuríkjum. Á meðal ríkjanna eru Eþíópía, Gana, Malí, Rúanda og Úganda. **- jab**

# Minna álag á bréf bankanna

Nokkuð skörp lækkunarhrina hefur verið á tryggingaálag skuldabréfa bankanna (CDS) á erlendum mörkuðum undanfarna viku. Í gær var álagið 65 punktar á bréf í KB banka og 55 á bréf Landsbankans. Hefur það lækkað um í kringum tíu punkta yfir línuna undanfarna viku. Hraðast hefur álagið á bréf í Glitni lækkað, úr fimmtíu punktum í 45 á einungis tveimur dögum. Það gerðist í beinu framhaldi af skuldabréfaútgáfu Glitnis í Bandaríkjunum sem tilkynnt var um í fyrradag. Að sögn Ingvars H. Ragnarssonar, forstöðumanns alþjóðlegrar fjármögnunar Glitnis, voru gríðarlega góð viðbrögð við skuldabréfaútgáfunni. „Pantanir voru upp á tæpa 1,3 milljarða dollara en við gáfum út fyrir 25 milljónir. Þar að auki var fjárfestahópurinn mjög sterkur."

Sérfróðum ber saman um að jákvæður tónn sé nú ríkjandi á markaðnum. Til merkis um það, og aukið traust til íslensks efnahagslífs, hafi markaðurinn ekki sýnt nein viðbrögð þegar Moody's lækkaði lánshæfismatseinkunn fyrir fjárhagslegan styrk KB banka í fyrradag. „Við byrjuðum að merkja jákvæðari tón í byrjun ágúst í kjölfar sterkra milliuppgjöra. Nokkrar jákvæðar fréttir hafa svo ýtt frekar undir þetta traust. Bankarnir hafa verið að gefa upplýsingar um sterka lausafjárstöðu sem jafngildir endurfjármögnun næsta árs, Landsbankinn var með mjög vel heppnaða skuldabréfaútgáfu í Bandaríkjunum og Fitsch staðfesti lánshæfismat á Glitni og Kaupþingi, svo eitthvað sé nefnt," segir Ingvar. **- hhs**






**VISALán er hagstæð leið til greiðsludreifingar við kaup á vörum eða þjónustu.**

- Staðgreiðsluverð
- Lægri vextir
- Lægri kostnaður
- Til allt að 36 mánaða
- Framlengdur ábyrgðartími
- Flutningstrygging
- Vildarpunktar

VISALán – HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

Nánari upplýsingar á www.visa.is/visalan eða í síma 525 2000

ENNEMM / SÍA

Síminn




# Síminn færir þér öflugustu sjónvarps-fjarstýringuna

Öflugasta fjarstýringin á Íslandi stendur öllum þeim til boða sem eru með ADSL þjónustu hjá Símanum! Með henni færðu Skjáinn þar sem þér býðst að velja yfir 60 skemmtilegar erlendar sjónvarpsstöðvar í gæðum sem eiga engan sinn líka á Íslandi. Að auki færðu aðgang að SkjáBíói þar sem þú leigir bíómyndir heima í stofu, þegar þér hentar.

Í boði á Skjánum

SKJÁREINN SKJÁRHEIMUR SKJÁRBÍÓ SKJÁRSPORT

2* NFS SÝN* SIRKUS

Þú hringir í þjónustuver 365, síma 515 6100, til að fá Stöð 2 og SÝN inn á Skjáinn.

Á siminn.is finnur þú nánari upplýsingar um hagkvæm áskriftarkjör: **Betri leið í Interneti hjá Símanum**. Komdu á sölustaði Símans um allt land eða hringdu í síma 800 7000.

ENNEMM / SIA / NM23277

# Amerískir



**Whirlpool**

**Whirlpool ísskápur**
- 178 cm amerískur ísskápur
- Stál/svartur - evrópsk dýpt
- 6th Sense, jafn kuldi í öllum skápnum
- LCD skjár
- 537 lítrar brúttó
- Kælir 325 lítra
- Frystir 155 lítra
- Total No Frost
- Orkunýting A
- Hljóð: 45dB
- 6 glerhillur í kæli
- Ískalt vatn, klakar og kurlaður ís úr ísvél í hurð á framhlið
- Rafeindastýring - sjálfvirk afþýðing
- Frystigeta 12 kg á dag
- Framleiddur á Ítalíu
- Litur: stálhurðir/svartar hliðar
- Mál (hxbxd): 178x90,2x70,4 (dýpt án hurða 60 cm)

Vnr. 665536

**TILBOÐ**
**199.990kr**
Verð áður 279.990,-



**Whirlpool**

**Whirlpool ísskápur**
- 168 cm kæliskápur með frysti
- 276 lítrar brúttó
- Kælir 210 lítrar
- Frystir 50 lítrar
- 2 hurðir
- Frystir fyrir neðan kæli
- Orkunýting A
- Hljóð: 38dB
- 4 hillur í kæli
- Mál (hxbxd): 168x60x62

Vnr. 711304

**TILBOÐ**
**49.990kr**
Verð áður 69.990,-



**Whirlpool**

**Whirlpool frystiskápur**
- 160 cm og 202 lítra
- Frystiskápur
- Frystigeta 24 kg á sólarhring
- Orkunýting A
- 2 hillur og 5 skúffur
- Mál (hxbxd): 160x60x61

Vnr. 711307

**TILBOÐ**
**49.990kr**
Verð áður 64.990,-



**Disney vöfflujárn**
- 750w vöfflujárn
- Mikka mús vöfflulag
- Litur: silfur/svart

Vnr. 696720

**TILBOÐ**
**2.990kr**
Verð áður 4.990,-




**Disney brauðrist**
- 800w brauðrist
- Mikka mús mynd prentast á brauðið
- Lag spilar þegar brauðið er tilbúið
- Með safnbakka

Vnr. 696722

**TILBOÐ**
**2.990kr**
Verð áður 4.990,-

Gildir 20. september á meðan birgðir endast.

# dagar

# raftæki á frábæru verði

Fáanlegt í Smáralind, Skeifu, Kringlu og á Akureyri



**Whirlpool**

**Whirlpool ísskápur**
- 113 cm kæliskápur
- Kælir 202 lítrar
- 1 hurð
- Orkunýting A
- Hljóð: 40dB
- 4 hillur í kæli
- Mál (hxbxd): 113x55x60

Vnr. 706761

**TILBOÐ**
**34.990kr**
Verð áður 44.990,-



**Whirlpool**

**Whirlpool ísskápur**
- 174 cm amerískur ísskápur - stál
- 2 hurðir fyrir kæli og skúffa fyrir frysti
- 547 lítrar brúttó
- Kælir 407 lítrar
- Frystir 153 lítrar
- Total No Frost
- Orkunýting A
- Hljóð: 44dB
- 6 glerhillur í kæli
- Ískalt vatn, klakar og kurlaður ís úr ísvél
- Rafeindastýring - sjálfvirk afþýðing
- Frystigeta 9,5 kg á dag
- Litur: stálhurðir/svartar hliðar
- Mál í cm (hxbxd): 174,1x90,5x74,4

Vnr. 711302

**TILBOÐ**
**299.990kr**
Verð áður 379.000,-



**Whirlpool**

**Whirlpool þurrkari**
- Tvíátta barkalaus þurrkari
- Tekur 6 kg
- 2 hitastig
- Kaldur blástur og krumpuvörn
- Rakaskynjari
- 6th Sense
- Íslenskur leiðarvísir fylgir
- Stærð í cm (bxhxd): 60x85x59,6

Vnr. 711305

**TILBOÐ**
**59.990kr**
Verð áður 74.990,-



**Whirlpool**

**Whirlpool þvottavél**
- 1200 snúninga og 5 kg þvottavél
- Íslenskt stjórnborð - íslenskur leiðarvísir
- Rafeinda/mekanískur kerfisveljari
- Hitastillir 30-95°
- Hámarksvinda 1000 snúningar
- Tekur 5 kg af þurrum þvotti
- Ullarvagga
- Silkiþvottakerfi
- Hraðkerfi 30 mín.
- Þvotthæfni A
- Orkunýting A
- Vinduhæfni C
- Stærð í cm (bxhxd): 59,5x85x51

Vnr. 711306

**TILBOÐ**
**39.990kr**
Verð áður 54.990,-

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Vaxtaákvörðun Seðlabankans kynnt í dag:

## Enn þenslumerki

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR

Verðbólgan virðist vera á undanhaldi, samkvæmt tölum sem Hagstofa Íslands birti í fyrradag. Almennar verðhækkanir náðu hámarki í ágúst og miðað við þróun neysluverðsvísitölunnar í september hægist á hækkununum. Verðbólgutölur eru þó hærri en Íslendingar hafa átt að venjast og langt frá verðbólgumarkmiði Seðlabanka Íslands. Og enn eru ákveðin þenslumerki í íslensku efnahagslífi. Atvinnuleysi er í algjöru lágmarki og hagvöxtur á síðasta ári er meiri en áður mældist samkvæmt tölum Hagstofunnar, sem birtar voru í gær.

Þetta hefur bankastjórn Seðlabanka Íslands, sem skipuð er öllum þremur bankastjórunum, líklega haft í huga við vaxtaákvörðun bankans, sem tilkynnt verður um í dag. Greiningaraðilar hjá erlendum og innlendum bönkum spá því að stýrivextir verði hækkaðir um 0,5 prósentustig, í fjórtán prósent.

Hannes G. Sigurðsson, forstöðumaður hagdeildar Samtaka atvinnulífsins, sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að full ástæða væri fyrir Seðlabankann að hefja vaxtalækkunarferli í ljósi nýrra verðbólgutalna. Stjórnmálamenn hafa líka varað við frekari stýrivaxtahækkunum. Til dæmis fögnuðu Halldór Ásgrímsson og Geir H. Haarde því að stýrivextirnir voru hækkaðir um 0,25 prósentustig í byrjun desember 2005, þegar sérfræðingar töldu þörf á mun meiri hækkun vegna verðbólguþróunar.

Sú stýrivaxtaákvörðun var á sínum tíma óheppileg því Davíð Oddsson hafði nýtekið við af Birgi Ísleifi Gunnarssyni í Seðlabankanum. Trúverðugleiki bankans, að honum væri alvara um að halda verðbólgu í skefjum, var í hættu. Um sumarið hafði Seðlabankinn verið spurður að því hvort peningamálastefnan hefði farið í sumarfrí! Ekki hefði verið brugðist við hættumerkjum sem blöstu við.

Í kjölfarið hækkaði Seðlabankinn stýrivexti um 0,75 prósentustig 29. september 2005, daginn áður en Birgir Ísleifur hætti störfum í bankanum. "Seðlabankinn telur brýnt að peningastefnan standist þessa prófraun og að verðbólga víki ekki nema skamma hríð umtalsvert frá verðbólgumarkmiði hans. Að öðrum kosti er hætt við að trúverðugleiki bankans og peningastefnunnar bíði skaða sem erfitt getur reynst að endurheimta," sagði hann við það tilefni.

Til að hlúa að trúverðugleika Seðlabankans nú er nauðsynlegt fyrir seðlabankastjórana að horfa á þenslumerki, sem enn er að finna í íslensku efnahagslífi. Þeir mega ekki láta undan þrýstingi fulltrúa atvinnulífsins og stjórnmálamanna. Annars er hætta á að verðbólgan hjaðni ekki eins hratt og væntingar eru um. Það bitnar á almenningi.

En ábyrgðin hvílir ekki öll á herðum seðlabankastjóranna. Ríki og sveitarfélög hafa mikið að segja um þróun innlendrar eftirspurnar næstu mánuðina. Í kjölfar birtingar verðbólgutalna sagði Árni Mathiesen fjármálaráðherra í Fréttablaðinu í gær: "Framhaldið er hins vegar undir okkur neytendum sjálfum komið og því að við höldum að okkur höndum."

Eftir rúmar tvær vikur kynnir fjármálaráðherra fjárlagafrumvarp næsta árs. Ríkisstjórnin hefur réttilega verið gagnrýnd fyrir að sýna ekki nógu mikið aðhald og láta Seðlabankanum einum eftir baráttuna við verðbólguna. Það er því ekki nóg fyrir ráðherrann að reyna að höfða til ábyrgðar fjölskyldna í landinu. Hann verður að hafa stjórn á útgjaldagleði þingmanna og samráðherra á kosningavetri.

Það getur reynst þrautin þyngri.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365
**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

BANTHAI Laugavegi 130
Það vantar:
Starfsfólk í sal. - Kvöldvinna
Kokk - Dag- og kvöldvinna
Starfsmann í útkeyrslu á eiginn bíl
Góð Laun í boði
Banthai
Uppl. 896 3536

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Eftirsótt sæti

Nokkrir einstaklingar hafa tilkynnt um framboð sitt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í kjölfar ákvörðunar fulltrúaráðs flokksins að halda prófkjör í lok október. Hart verður barist um hvert sæti og ekkert gefið eftir. Formaður flokksins á frátekið fyrsta sætið en nú lítur út fyrir að Guðlaugur Þór Þórðarson og Björn Bjarnason muni berjast um annað sæti. Björn hefur þegar sagt að hann sækist eftir því sæti en von er á tilkynningu frá Guðlaugi Þór fljótlega. Í síðasta prófkjöri náði Björn þriðja sæti á eftir Davíð Oddssyni og Geir H. Haarde.

### Konur, konur

Það vantar ekki unga frambærilega karlmenn í prófkjör flokksins. Og enn bætist í þann gæðingahóp. Illugi Gunnarsson, fyrrverandi aðstoðarmaður Davíðs Oddssonar, leggur allt undir og sækist eftir 3. sæti í prófkjörinu. En konurnar vantar. Var því fagnað þegar Sigríður Andersen, fyrrverandi lögfræðingur Viðskiptaráðs, tilkynnti að hún vildi komast í 5.-7. sæti. Sólveig Pétursdóttir hefur ekki enn tekið ákvörðun um þátttöku og Ásta Möller vill í þriðja sætið. Hefur nafn Jóhönnu Vilhjálmsdóttur, eins umsjónarmanna Kastljóssins og dóttur borgarstjórans, einnig verið nefnt. Hún hvorki staðfestir né hafnar þátttöku.



### Kosningastjóri ráðinn

Tilkynnt var í gær að Árni Mathiesen fjármálaráðherra hefði ráðið Böðvar Jónsson sem aðstoðarmann í stað Ármanns Kr. Ólafssonar. Böðvar er eldheitur Suðurnesjamaður og formaður bæjarráðs í Reykjanesbæ. Með þessu slær Árni tvær flugur í einu höggi. Hann fær auðvitað aðstoðarmann en jafnframt mann sem þekkir vel til staðhátta á Suðurnesjum fyrir komandi prófkjör í Suðurkjördæmi. Þar þarf hann góðan stuðning í forystusætið og ganga sumir svo langt að segja að Árni hafi ráðið sér kosningastjóra á kostnað skattgreiðenda.



bjorgvin@frettabladid.is

# Álitamál um íslenzkt réttarfar



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Lög og réttur

*Í Bandaríkjunum dygði ábending Jóhannesar trúlega til þess, að saksóknari hæfi rannsókn til að athuga, hvort um saknæmt athæfi sé að tefla.*

Fyrir viku rifjaði ég upp fáein atriði úr valdatíð Richards Nixon, forseta Bandaríkjanna 1969-74. Nixon gerði ýmislegt gagn um sína daga, batt til dæmis enda á stríðið í Víetnam og tók upp stjórnmálasamband við Kína, en samskipti landanna höfðu nær engin verið frá 1949, þegar kommúnistar brutust til valda þar eystra. Líklegt virðist, að með þessu móti hafi Nixon lagt grunninn að eða flýtt fyrir frívæðingu kínversks efnahagslífs, sem hófst 1978. Nixons er þó helzt minnzt fyrir afbrotin, sem hann og menn hans urðu uppvísir að. Svipuðu máli gegnir um Warren Harding, hann var forseti Bandaríkjanna 1921-23, líka repúblíkani, og lézt í embætti. Enn er forsetaára hans einkum minnzt fyrir spillingu, sem leiddi til fangelsisdóma yfir ráðherrum og embættismönnum í stjórn hans og einkavinum; tveir styttu sér aldur; einn flúði land. Bjarta hliðin á báðum málum er þó sú, að dómskerfi Bandaríkjanna sló eins og klukka og kom lögum yfir ýmsa þeirra, sem höfðu gerzt brotlegir. Nú hrannast upp dómsmál gegn nokkrum þeirra, sem næst standa Bush forseta og Cheney varaforseta, svo að óvíst virðist að svo stöddu, hvort samanlögð fangavist þeirra verður að endingu lengri eða skemmri en fangavist manna Nixons. Við þetta bætist glænýr sex og hálfs árs fangelsisdómur yfir fyrrum ríkisstjóra Illinois, einnig repúblíkana, fyrir mútuþægni og fjársvik í embætti. Dómskerfið vestra fer ekki í manngreinarálit.

Einn höfuðstyrkur bandarísks réttarfars er sá, að ákæruvaldið er dreift, þar eð hvert ríkjanna fimmtíu hefur eigin saksóknara, og það er sjálfstætt gagnvart framkvæmdarvaldi og löggjafarvaldi. Telji saksóknari ástæðu til málshöfðunar vegna gruns um brot gegn lögum, er honum það í sjálfsvald sett, hvort hann ákærir eða ekki. Mörgum málum lyktar svo, að sakborningar verða í yfirheyrslum uppvísir að meinsæri og koma með því móti upp um sekt sína, þótt ekki takist að færa sönnur á brotið, sem var tilefni ákærunnar. Að vísu liggja sumir saksóknarar undir grun um hlutdrægni, það gerir jafnvel Hæstiréttur Bandaríkjanna eftir forsetakosningarnar 2000, þegar Bush var dæmt forsetaembættið með fimm atkvæðum gegn fjórum í Hæstarétti, en það er þó sjaldgæft, að dómar séu vefengdir vegna meintrar hlutdrægni. Bandarísk lög og réttur lúta eigin reglum handan við vettvang stjórnmálanna. Það er eins og það á að vera.

Dómskerfið hér heima nýtur trausts um þriðjungs þjóðarinnar samkvæmt ítrekuðum viðhorfskönnunum Gallups. Fyrrum forsætisráðherra landsins og nú seðlabankastjóri lýsti nýverið þeirri skoðun, að dómskerfið sé veikt og valdi eingöngu smámálum, en ekki stórmálum. Sé það rétt, hlýtur sú spurning að vakna, hvernig á þessum veikleika geti staðið. Ef dómskerfið eða öllu heldur ákæruvaldið er veikt, er það veikt af einskærri óheppni eða handvömm eða jafnvel ásettu ráði? Núverandi ríkisstjórnarflokkar hafa stýrt dómsmálaráðuneytinu á víxl samfleytt síðan 1926, ef sex ár eru undanskilin (1944-47, 1956-58, 1979-80, 1987-88), og þeir bera því fulla ábyrgð á ástandi dómskerfisins.

Ábyrgð þeirra er umhugsunarverð í ljósi Baugsmálsins og líklegra eftirmála, sem Jóhannes Jónsson í Bónusi boðaði nýlega í sjónvarpsviðtali. Hann lýsti þar þeirri skoðun, að tölvupóstur ritstjóra Morgunblaðsins, sem birzt hefur á prenti, sé líklega fullnægjandi sönnunargagn um samblástur nokkurra virðingarmanna í Sjálfstæðisflokknum í því skyni að skaða Jóhannes, fjölskyldu hans og Baug. Í Bandaríkjunum dygði ábending Jóhannesar trúlega til þess, að saksóknari hæfi rannsókn til að athuga, hvort um saknæmt athæfi sé að tefla. Þá væru aðilar málsins kallaðir til yfirheyrslu og á það látið reyna, hvort eiðsvarinn framburður þeirra væri sannleikanum samkvæmur. Ekki virðist líklegt, að til slíks komi á Íslandi, eins og allt er í pottinn búið. En Baugsmenn geta hugsanlega einnig höfðað mál í útlöndum og leitt þar fram vitni til að lýsa þeim skaða, sem meint aðför gegn Baugi hafi valdið fyrirtækinu erlendis. Þetta er hægt, af því að lög ná nú orðið yfir landamæri líkt og glæpir. Þannig tókst að koma lögum yfir Augusto Pinochet, forseta Síle, og einnig að draga nokkra afríska einræðisherra fyrir erlenda dómstóla. Nýtt landslag dómsmálanna á heimsvísu vekur ýmsar áleitnar spurningar, sem glöggir lögfræðingar þyrftu að leggjast yfir og reyna síðan að svara. Þetta er óplægður akur. Réttaróvissa er yfirleitt ekki til góðs.

# Drottningarviðtöl

**Umræðan** | Helga Sigrún Harðardóttir svarar grein Rannveigar Guðmundsdóttur.

Rannveig Guðmundsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, fór mikinn í grein í Fréttablaðinu í gær og tjáir sig um það sem hún kallar sjálf „óþolandi drottningarviðtöl“. Þar skammar hún ljósvakamiðla fyrir það að bjóða tilteknum aðilum einum í viðtöl til sín án aðkomu andstæðinganna.

Hneykslast Rannveig sérstaklega á Valgerði Sverrisdóttur og Geir H. Haarde en mest þó á Davíð Oddssyni, sem hún segir hafa komið þessu fyrirkomulagi á í fjölmiðlunum. Eitt er það þó sem Rannveigu yfirsést en það eru s.k. drottningarviðtöl við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, formann Samfylkingarinnar.

Á tímabilinu frá því í október 2005 og til dagsins í dag hefur Valgerður Sverrisdóttir aðeins verið í tveimur sjónvarpsviðtölum þar sem ekki hafa verið aðrir viðmælendur. Í báðum tilfellum var um það að ræða að ráðherrann var að svara þungum ásökunum af hálfu stjórnarandstöðunnar og eðlilegt í ljósi þeirra gífuryrða sem þar féllu að ráðherrann fengi tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum að og rétta sinn hlut. Á þessu sama tímabili eru útvarpsviðtöl ráðherra 8 talsins eða samtals 10 viðtöl sem ráðherrann hefur gefið.

Á sama tíma var Ingibjörg Sólrún 6 sinnum kölluð ein í sjónvarpssal til að veita viðtöl og 7 sinnum í útvarpsviðtöl. Samtals 13 sinnum eða 30% oftar en ráðherrann sem líklega væri eðlilegra að væri oftar kallaður inn í fjölmiðla til að veita upplýsingar um mál í vinnslu.

Þá er komið að megin málsins. Þingmaðurinn Rannveig Guðmundsdóttir sakar fjölmiðla um undirlægjuhátt við ráðherra ríkisstjórnarinnar. Frá mínum bæjardyrum séð, hafa margir fjölmiðlar ekki síður gerst sekir um undirlægjuhátt gagnvart stjórnarandstöðunni og nefni aðgang Ingibjargar Sólrúnar að fjölmiðlunum. Drottningarviðtölin við hana eru þrisvar sinnum fleiri en þau sem tekin voru við ráðherrann..

Stjórnarandstaðan hefur jafnframt undanfarið notað sjónvarpið til þess að stilla sér upp á fölskum forsendum. Er ég þess viss að margir stjórnarandstöðuþingmenn væru umsvifalaust klipptir út úr stórum hluta þeirra viðtala sem við þá eru tekin, væri þess gætt að menn segðu satt, væru ekki að trana sér fram á fölskum forsendum og væru heiðarlegir í gagnrýni sinni á störf annarra, sem því miður er verulega ábótavant og í raun til skammar. Frú Rannveigu bið ég að líta í eigin rann og óska henni velfarnaðar.

*Höfundur er skrifstofustjóri þingflokks framsóknarmanna*



1 lítri af ávaxtasafa
ÁVAXTASAFI 79 KR. lítri
1 kíló af ávaxtamúslí
770g 129 KR. MYLLUBRAUÐ
HEIMILISBRAUÐ
Apelsinjuice
Orange juice
Fruit muesli
Fruktmüsli
Frukt musli
Hedelmämysli
ES MÚSLÍ 159 KR. 1 KÍLÓ
Ekkert bruðl!
-í bústið
FROSIN JARÐARBER 198 KR. KÍLÓVERÐ
KOFAREYKTU SVEITABJÚGUN
Handsápa með pumpu hálfur lítri
FROSIN HINDBER 198 KR. 500g
1000g
500g
-í orkudrykkinn
SVEITABJÚGU 299 KR. KÍLÓVERÐ
HANDSÁPA 98 KR. 500 ml
500 ml BÓNUSLÝSI 299 KR.
LÝSI
Vertu kátur!
Það er komið
SLÁTUR!
KJARNAFÆÐI
Frábært úr frystinum
LIFRARPYLSA KÍLÓVERÐ 359 KR. MERKT VERÐ 598KR.
BLÓÐMÖR KÍLÓVERÐ 347 KR. MERKT VERÐ 579KR.
40% afsláttur við kassann
Nýtt kortatímabil!
EKKERT BRUÐL
VILLI LAMBALÆRI 1299 KR. kg Merkt verð 1855KR.
LÚXUS LAMBALÆRI
LANGVINSÆLASTA hangikjötið í Bónus!
Broccoli vegetable mix
HANGIFRAMPARTUR m/BEINI 679 KR. kg MERKT VERÐ 799KR.
30% afsláttur við kassann
BROKKOLÍ BROKKOLÍBLANDA 259 KR. HEILT KÍLÓ!
Gott að eiga í frystinum!
www.bonus.is
BÓNUS
bonus.is

# Lögreglan gætir meðalhófs

**Umræðan**

Seinni grein lögreglustjóra um aðgerðir lögreglu gegn mótmælendum.

Í mínum huga er enginn vafi á því að lögreglan hefur í aðgerðum sínum gegn mótmælendum sem mótmælt hafa stórframkvæmdum á Austurlandi að undanförnu hagað málum að fullu og öllu í samræmi við þær leikreglur sem í gildi eru samkvæmt stjórnarskrá og lögreglulögum. Á grunni meðalhófsreglunnar hefur verið stigið varlega til jarðar og ekki gripið til aðgerða fyrr en fullljóst var að ekki væri unnt að standa að málum með öðrum hætti. Raunar held ég, ef eitthvað er, að fremur mætti gagnrýna lögreglu fyrir of vægar aðgerðir gegn mótmælendum en of harkalegar og að hafa gripið of seint í taumana.

## Lögbrot sem mikilvægt tæki borgaranna

Samhliða umræðu um þessi mál hefur þróast orðræða í fjölmiðlum og annars staðar á opinberum vettvangi þar sem því er haldið fram að tiltekna ólögmæta háttsemi og lögbrot verði menn á lýðræðisgrundvelli að þola, ef tilgangur háttseminnar er að mótmæla eða koma með öðrum hætti sjónarmiðum af pólitískum toga á framfæri. Í mínum huga er ástæða til að staldra við og velta því fyrir sér hvað í þessari hugsun felst. Í henni felst meðal annars sú skoðun að tilgangur lögbrotsins sem um er að ræða skipti máli þegar meta eigi annað hvort aðgerðir lögreglu eða hvort ákæra eigi og refsa fyrir tiltekna háttsemi. Í henni felst einnig að tiltekna refsiverða háttsemi eigi ekki að skoða í því ljósi ef tilgangur brotsins er göfugur eða pólitískur, heldur beri að fella hana undir eitthvað annað eins og til dæmis borgaralega óhlýðni.

> Raunar held ég, ef eitthvað er, að fremur mætti gagnrýna lögreglu fyrir of vægar aðgerðir gegn mótmælendum en of harkalegar og að hafa gripið of seint í taumana.



STEFÁN EIRÍKSSON

Í mínum huga er ástæða til að vara við orðræðu og bollaleggingum af þessum toga. Það er að sjálfsögðu ekki boðlegt við skipulagningu löggæslu eða mat á því hvort stöðva eigi ólögmæta háttsemi að horfa til þess í hvaða tilgangi tiltekið lögbrot er framið og miða ákvörðun um að stöðva hið ólögmæta ástand við það. Lögreglan getur ekki og má ekki bregðast öðruvísi við rúðubroti, skemmdarverki, frelsissviptingu eða annarra ólögmætri háttsemi eftir því hvort tilgangurinn er að mótmæla framkvæmdum við Kárahnjúka, ákvörðunum alþjóðabankans eða ótilgreind önnur skemmdarfýsn. Ef opnað er fyrir slík sveigjanleg viðbrögð eftir því hver tilgangurinn að baki lögbroti er, þá fyrst erum við farin að nálgast atriði sem vega að rótum þess lýðræðisskipulags sem við viljum og eigum að varðveita.

Í nýlegri grein í Lesbók Morgunblaðsins (26. ágúst 2006) víkur Guðni Elísson að því sem hann kallar þegnlega óhlýðni og telur það mikilvægt tæki borgaranna til að sýna óánægju sína í verki telji þeir löggjöf, stjórnvaldsákvarðanir eða framkvæmdir á vegum fyrirtækja rangar, skaðlegar eða óréttlátar. Hins vegar kemur það skýrt fram af hans hálfu að þeir sem fremja lögbrot á þessum grunni, með sinni þegnlegu óhlýðni, eigi að bera fulla ábyrgð á gerðum sínum og svara til saka og þá væntanlega að greiða skaðabætur ef svo ber undir.

Það er að sjálfsögðu unnt að taka undir það með Guðna að þessir einstaklingar eigi að svara til saka fyrir sín lögbrot en spurningarmerki verður að setja við þá afstöðu hans að kalla athafnir sem eru ekkert annað en lögbrot „mikilvægt tæki borgaranna“ til að sýna óánægju sína í verki. Guðni skilgreinir þegnlega óhlýðni þó með þeim hætti að ekki megi skaða einstaklinga í slíkum aðgerðum því ekki sé hægt að tengja þegnlega óhlýðni við ofbeldi. Hver segir hins vegar að aðrir einstaklingar sem vilja skilgreina lögbrot sín með þessum hætti dragi línuna þarna? Með því í huga er ljóst að línan á milli þess sem menn skilgreina annars vegar sem mótmæli og hins vegar sem hryðjuverk fer að verða ógreinilegri.

## Hlutverk lögreglu að finna jafnvægið

Þær leikreglur sem gilda þegar kemur að mótmælum eru skýrar, sem og heimildir lögreglu til aðgerða þegar út af bregður. Grunnreglurnar eru í stjórnarskránni og þær eru síðan nánar útfærðar í lögum. Á þeim lögum og stjórnarskránni byggjast aðgerðir lögreglu gegn ólögmætu framferði mótmælenda, og þær aðgerðir lögreglu eiga alltaf að vera innan marka meðalhófs. Lögreglan ber líka skyldur, samkvæmt sömu lögum til að aðstoða mótmælendur ef þörf krefur, þannig að þeir fái notið sinna stjórnarskrárvörðu réttinda til tjáningar- og fundahalda. Sá réttur er eins og hér hefur komið fram háður því að allt fari þetta fram innan marka laganna og raski hvorki almannaöryggi né allsherjarreglu eða réttindum annarra. Hvoru tveggja er mikilvægt lýðræðinu, annars vegar það að menn fái tækifæri til að koma skoðunum sínum og sjónarmiðum á framfæri og hins vegar að við þá iðju sína raski þeir ekki öryggi og réttindum annarra. Meginhlutverk lögreglunnar er einmitt að finna jafnvægið þarna á milli og gæta að rétti einstaklinga beggja vegna borðsins.

*Höfundur er lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins.*

# Á slóð frelsis

**Umræðan**

Birgir Tjörvi svarar gagnrýni

Á laugardag var að finna hér á síðum blaðsins umfjöllun mína um þá skoðun Williams Easterly, prófessors við Háskólann í New York, sem starfað hefur að þróunarmálum í næstum tvo áratugi, að tugþúsundir milljarða króna, sem varið hefur verið í þróunaraðstoð og opinberar fjárfestingar í vanþróuðum löndum hefðu engu skilað í baráttunni við fátækt.

Í kjölfarið birtust tvær greinar þar sem ég var gagnrýndur fyrir að koma þessum sjónarmiðum á framfæri. Heimspekiprófessor og mannfræðingur töldu mig reka frjálshyggjuáróður, sem lítið erindi ætti við lesendur Fréttablaðsins. Ég fagna tækifærinu til að skýra málið og hvet alla áhugasama að kynna sér niðurstöður skýrslnanna án fordóma á www.rse.is.



BIRGIR TJÖRVI PÉTURSSON

Baráttan við fátækt í heiminum snertir með einhverjum hætti við okkur öllum. Það er engin svo samviskulaus að láta sér í léttu rúmi liggja, að tekið sé á móti saklausum börnum í heim fátæktar, hungurs, sjúkdóma og ófriðar. Við bregðumst yfirleitt vel við þegar boð berst frá frjálsum samtökum og stofnunum um neyðaraðstoð í fátækari ríkjum. Um slíka neyðarhjálp er flest gott að segja. Hún getur skipt sköpum á mikilvægum augnablikum.

Á hinn bóginn sýna margar rannsóknir að allt of margt hafi farið úrskeiðis í viðleitni ríkja heims til að veita aðstoð til langvarandi uppbyggingar og þróunar í þriðjaheiminum, m.a. í gegnum alþjóðastofnanir, sem reknar eru fyrir opinber framlög. Meginskýringin á því sé oftrú manna á áætlunarbúskap og miðstýringu, en vantrú á manninn sjálfan, fái hann frelsi til að athafna sig á markaði.

Enda þótt Easterly kunni að hafa tekið of djúpt í árinni og árangurinn sé meiri en hann vill vera láta, liggur fyrir hversu erfitt hefur reynst – á köflum ómögulegt – að sýna fram á samband milli raunverulegs vaxtar og þróunar í fátækum ríkjum annars vegar og þróunaraðstoðar alþjóðasamfélagsins hins vegar. Þar með er ekki sagt að öll aðstoð sé vond, en lengi hefur verið ástæða til að nálgast aðstoð við þróunarríkin á nýjan hátt.

Ástæðulaust er að deila um ásetning fólks, sem tekur þátt í þessari umræðu, því allir hljóta að vilja það sama. Aðalatriðið er að finna leiðir að markmiðunum. Þær eru ekki auðfundnar, en flest bendir til að fólkið sjálft finni þær, fái það að halda sig á slóð frelsis.

Sjónarmið Easterly voru hluti stærri skýrslu sem RSE kynnti í síðustu viku um efnahagslegt frelsi í heiminum. Það er sannarlega sláandi að sjá svart á hvítu hversu nátengd lífskjör jarðarbúa eru því hvort þeir eru efnahagslega frjálsir eða ófrjálsir. Mörgum þykir þetta kannski augljóst, en sú gagnrýni sem birtist í kjölfar kynningar minnar á efninu bendir til þess að ýmsir neiti að horfast í augu við þessar staðreyndir. Rétt er að ítreka að meðal frjálsra þjóða eru lífslíkur mestar, ungbarnadauði sjaldgæfastur, fæst börn á vinnumarkaði og aðgangur að hreinu vatni útbreiddastur. Tekjur á mann eru þar hæstar, líka þegar borin eru saman kjör fátækustu íbúanna og atvinnuleysi minnst, bara svo eitthvað sé tínt til.

Þetta byggir ekki á huglægu mati mínu eða tilfinningu. Opinber gögn sem skýrslan byggir á sýna hreinlega beint samhengi milli frelsis og lífsgæða. Það er til lítils að eyða tíma í að rífast um sökudólga, aðalatriðið er að vinna að því að losa fólkið úr ánauð.

Eins og fram kemur í skýrslunni hefur efnahagslegt frelsi aukist í heiminum, með þeim afleiðingum að milljónir manna hafa komist úr sárustu fátækt, þó enn sé langt í land. Nægir að benda á hvað gerst hefur í Kína eftir að ógnarstjórn kommúnista hefur slakað á klónni.

Málið snýst um að vinna að því að fólk njóti verndar eigna sinna, sé frjálst að gera samninga og eiga hindrunarlaus viðskipti án tollmúra og hafta. Að það njóti atvinnufrelsis og eignarréttinda eins og við gerum að mestu hér á Íslandi. Einn gagnrýnenda minna sló því upp í fyrirsögn að ég væri á villigötum í málflutningi mínum, og þessi sjónarmið mín væru bara einhver frjálshyggjuáróður. Ég verð að játa, að ég veit eiginlega ekki hvernig ég á að bregðast við slíku, eins sjálfsagt og mér þykir að fólk njóti þessara mannréttinda.

*Höfundur er framkvæmdastjóri RSE.*





**Arvor 190** · 75 hestafla dísilvél
Fullt verð 3.404.569 kr. · **Haustverð 3.280.000 kr.**

**Quicksilver 630 Pilothouse** · 120 hestafla Cummins/Mercruiser dísilvél
Fullt verð 3.793.224 kr. · **Haustverð 3.520.000 kr.**

**HAUSTDAGAR HJÁ R. SIGMUNDSSYNI**





BÁTARNIR ERU HLAÐNIR AUKABÚNAÐI
AKKERISREIPI · AKKERISKEÐJA
FRÍHOLT · 10 KG AKKERI
LANDFESTATÓG
OSCULATI BJÖRGUNARVESTI
GARMIN GPS OG DÝPTARMÆLIR

ALLIR Í BÁTANA

Komdu á haustdaga R. Sigmundssonar að Ánanaustum 1 og kynntu þér stórglæsilega báta á sérstöku haustdagsverði. Auk þess verður boðið upp á fjölmörg önnur áhugaverð tilboð í versluninni. **Opið fimmtudag 14. sept. og föstudag 15. sept. kl. 08–18. Laugardag 16. sept. kl. 10–16.**

VÉLASALAN · radiomidun





R. SIGMUNDSSON

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | www.rs.is

**Quicksilver Classic 20** · 220 hestafla Mercruiser og bátakerra
Fullt verð 4.495.438 kr. · **Haustverð 3.950.000 kr.**

**Quicksilver 580 Pilothouse** · 80 hestafla utanborðsmótor og bátakerra
Fullt verð 3.446.385 kr. · **Haustverð 3.190.000 kr.**



## HAUSTIÐ Í HABITAT

Sterkir en dempaðir litir setja svip á haustið.

HEIMILI 8



## FRAMSÆKNI OG NOTAGILDI

Tískuvikur eru nú haldnar víða um heim.

TÍSKA 4

# allt



## ALLT HITT

**[TÍSKA HEIMILI HEILSA]**



**Tískuvikan** í New York stendur nú sem hæst en henni lýkur 15. september. Margar stjörnur taka þátt í vikunni sem er sannkölluð hátíð. Skoðið nánar á www.olympusfashionweek.com.

**Nýtt** tölublað tímaritsins Veggfóðurs er komið út. Þar kennir ýmissa grasa. Til dæmis er kíkt í heimsókn á skrifstofu Davíðs Oddssonar og heim til Gerðar Kristnýjar rithöfundar.



**Heilsuakademían** býður upp á mikið úrval námskeiða, allt frá dans og Rope Yoga til herþjálfunar og Sci-fi fighting. www.heilsuakademian.is

**Lagersala** ADIDAS verður um helgina í kjallaranum í Faxafeni 7. Opið laugardaginn 10-16 og sunnudaginn 12-16. Allar vörur með 50 prósenta afslætti.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 14. september, 257. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.47 | 13.23 | 19.58 |
| Akureyri | 6.29 | 13.08 | 19.45 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími 550 5000
Auglýsingasími Allt 550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Pétur Sturluson skósali segir kúrekastígvélin úr krókódílaskinninu verða miðpunkt athyglinnar þegar hann mætir í þeim á mannamót. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Rándýr kúrekastígvél

***Pétur Sturluson starfar sem skóheildsali hjá Skókaupum. Líf hans frá degi til dags snýst því um að kaupa og selja skó, en sitt uppáhalds skópar fann hann í skrítinni búð í Þýskalandi.***

„Ég var á röltinu í Düsseldorf í Þýskalandi og fór þar inn í einhverja skrítna búð. Þar var allt fullt af gömlu drasli en þessi stígvél stóðu einhvern veginn út úr hrúgunni og voru líka einu skórnir þarna inni,“ segir Pétur.

„Ég mátaði stígvélin og viti menn, þau pössuðu! Ég ákvað í kjölfarið að kaupa skóna og borgaði bara eitthvað smotterí fyrir. Daginn eftir mætti ég svo í „nýju“ stígvélunum mínum á skósýningu. Þar kom að mér reynslubolti frá skófyrirtækinu Bata sem spurði áhugasamur hvar ég hefði fengið þessi stígvél. Ég sagði honum það og þá upplýsir hann mig um að ég hafi dottið í lukkupottinn því að þessi stígvél séu úr krókódílaskinni og ég gæti fengið tvö hundruð og fimmtíu þúsund eða meira, ef ég myndi selja parið á eBay. Sjálfur held ég að ég hafi látið svona þrjú til fjögur þúsund fyrir skóna svo þetta voru vissulega góð kaup.“

Pétur segist ekki nota skóna mikið. „En þegar ég hef farið í þeim á mannamót þá bregst það ekki að skórnir verða miðpunktur athygli þeirra sem eru á staðnum. Það eina sem fólk vill ræða er kúrekastígvélin og ég verð sjálfur eitthvað aukaatriði, enda eru þetta skuggalega flott stígvél,“ segir Pétur og hlær.

Inntur eftir því hvort hann geti hugsað sér að gifta sig í stígvélunum segir Pétur: „Það er aldrei að vita. Ég tala nú ekki um ef sú athöfn færi fram í Las Vegas. Þá væru stígvélin náttúrlega einkar viðeigandi.“

*margret.hugrun@frettabladid.is*

## Gwen Stefani í dúkkuformi

HAFIN ER FRAMLEIÐSLA Á DÚKKUM Í LÍKI SÖNGKONUNNAR GWEN STEFANI.

Leikfangafyrirtækið Huckleberry Toys hefur framleitt átta dúkkur í líki söngkonunnar litríku Gwen Stefani. Dúkkurnar eru í takmörkuðu upplagi en þær sýna hin ýmsu gervi sem söngkonan og tískuhönnuðurinn skartaði í síðustu tónleikaför sinni um heiminn.

Dúkkurnar bera meðal annars nöfnin Love, Angel, Music og Baby.

Á blaðamannafundi þann 5. september síðastliðinn tilkynnti Stefani að hún vildi setja „rokk og ról stimpil“ sinn á leikfangabransann með þessum skemmtilegu dúkkum.

Gwen Stefani, sem hefur reynt fyrir sér á hinum ýmsu sviðum sem söngkona, leikkona og tískuhönnuður, er gríðarlega vinsæl um þessar mundir og því ekki ólíklegt að dúkkurnar renni út eins og heitar lummur.



Hér eru þrár af átta dúkkum í líki Gwen Stefani. Þær eru, frá vinstri, Tick-Tock Gwen, Bananas Gwen og Cool Gwen.




# Einstakar innréttingar

*- hannaðar að þínum þörfum*

Innanhússarkitektar hanna fyrir þig allar innréttingar og aðstoða þig við val á tækjum, gólfefnum, flísum, lýsingu og öllu því sem prýðir falleg heimili.

Við sérsmíðum allar innréttingar og þær koma samsettar og tilbúnar til uppsetningar. Útvegum iðnaðarmenn og fylgjum verkinu eftir allt til loka.

HANÁK INNRÉTTINGAR

HEIMILIÐ Í HEILD

www.heild.is

Síðumúla 35 · 108 Reykjavík · Sími 517 0200 · heild@heild.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

**Möffinsbuxur** Ef þú ert ekki með stinnan maga skaltu forðast gallabuxur með lágum streng.




















Guðríður Inga í Guerrilla Store segir sumar flíkur frá Commes Des Garcons jafnast á við listaverk. Búðin heldur úr höfn eftir nokkra daga og hverfur af landi brott fyrir fullt og allt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Guerrilla Store heldur úr höfn eftir eins árs dvöl

***Hinn tuttugasta og fimmta þessa mánaðar mun verslunin Guerrilla Store hverfa frá Mýrargötunni en þar hefur hún verið síðan 24. september á síðasta ári.***

Fyrir tveimur árum tók japanska hátískufyrirtækið Comme Des Garcons upp á því að reka verslanir líkt og eins konar farandsirkus í þeim skilningi að þær koma sér fyrir á afviknum stað í borgum heimins en hverfa svo á braut að ári liðnu.

Guðríður Inga Ingólfsdóttir, einn af fjórum rekstrarstjórum verslunarinnar, segir að versluninni hafi verið mjög vel tekið á þessu ári sem hún hefur haft aðsetur í Reykjavík.

„Miðað við það að við megum ekki auglýsa og hversu sérkennilega búðin er staðsett hefur þetta í raun gengið alveg einstaklega vel,“ segir Guðríður.

„Við höfum verið að selja nýjar og gamlar vörur frá Comme Des Garcons, vörur sem voru framleiddar á áttunda áratugnum til dagsins í dag. Þetta eru fyrst og fremst föt og fylgihlutir en einnig ilmvötn sem hafa verið alveg sérstaklega vinsæl, enda eru þau á góðu verði. Verðbilið hérna er reyndar nokkuð breytt. Sumt er frekar dýrt enda eru þetta eins konar listaverk. Lifa mjög lengi og eru hálfgerðir safngripir. Sem dæmi um það höfum við fengið pósta og símtöl alls staðar að úr heiminum þar sem fólk er t.d. að leita að pilsi sem kom úr einhverri ákveðinni línu sem var bara á markaðnum í ákveðinn tíma. Þessar flíkur lifa því mjög lengi og verða verðmætari með tímanum. Þannig lítum við á búðina sem eins konar listasýningu sem er opin í ákveðinn tíma, eða þar til eitthvað annað tekur við.“

Stendur til að hafa útsölu, þar sem þið eruð að fara úr landi?

„Nei, í raun ekki. Notuðu fötin eru reyndar öll á fjörutíu prósenta afslætti og við erum með tilboð á ilmvötnum. Ef við lækkum verð eða höfum tilboð gerist það vanalega með stuttum fyrirvara og stendur ekki lengi yfir,“ segir Guðríður að lokum, glöð með árangurinn sem verslunin hefur náð á þeim tíma sem hún hefur staðið við höfnina.

*margret.hugrun@frettabladid.is*






Elton og The Pussycat Dolls syngja hér lokalagið á Fashion Rocks tónleikum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Elton á tískuviku

***Elton syngur fyrir alnæmissmitaða.***

Elton John og skvísurnar í hljómsveitinni The Pussycat Dolls komu saman fram á þriðju Fashion Rocks tónleikunum sem voru haldnir í Radio City Music Hall í New York hinn 7. september síðastliðinn. Tónleikarnir eru haldnir í upphafi tískuviku New York borgar en þangað leggja alþjóðlegar stjörnur og tónlistarfólk leið sína í tugatali. Ágóðinn af þessum tónleikum rennur til styrktarsjóðs sem Elton John hefur stofnað fyrir alnæmissmitaða.


6.000 kr.


3.000 kr.


3.000 kr.


1.000 kr.


1.000 kr.

# Flottir skór á góðu verði

***Risaskómarkaður í Perlunni til 17. september.***

Í Perlunni stendur þessa dagana yfir skómarkaður á vegum Skór.is. Á markaðinum má finna skó af öllum stærðum og gerðum á mjög góðu verði. Skómarkaðurinn er opinn virka daga frá 13.00 til 18.00 og um helgar frá 12.00 til 18.00 en honum lýkur á sunnudaginn svo það er um að gera að líta við í Perlunni fyrir þann tíma og gera góð kaup. *- eö*


3.000 kr.


4.000 kr.


6.000 kr.


4.000 kr.


4.000 kr.

## Fjórir flottir maskarar

Flestar konur telja maskarann algerlega ómissandi í snyrtibudduna. Góður maskari gerir gæfumuninn en þeir eru til í ýmsum gerðum. Hér eru nokkrar nýjungar frá þekktum snyrtivöruframleiðendum.



**Helena Rubinstein Surrealist Mascara.** Þessi nýi maskari frá Helenu Rubinstein lengir augnhárin svo um munar. Hann er kenndur við súrrealistana, enda á virkni hans að vera hreint ótrúleg.



**Clinique High Definition Lashes.** Góður maskari frá eðalmerkinu Clinique. Burstinn hefur tvær hliðar; önnur til að bera maskarann á augnhárin, hin til að greiða úr litnum og skilja augnhárin að.



**Bourjois Mascara Maxi Frange Waterproof.** Þessi maskari frá Bourjois helst svo vel á að þú gætir synt 500 metrana án sundgleraugna án þess að líta út eins og þvottabjörn. Tveir burstar koma með maskaranum; annar til að lengja þau og þykkja en hinn til að bera litinn á.



**Lancôme L'extremé WP.** Einfaldur maskari frá Lancóme sem lengir augnhárin og þykkir. Helsti óvinur maskarans er súrefni, sem þurrkar maskarann upp. Umbúðirnar á þessum eru hannaðar þannig að burstinn læsist ofan í sjálfum litnum, svo hann þornar ekki upp.

Gabor
GLÆSIBÆ



nýju haustvörurnar komnar.
Skór og töskur.

Gabor fashion
xena
GLÆSIBÆ S: 553 7060

Ný gallabuxnasending
Kvart- og síðbuxur



Ríta
Bæjarlind 6 - s. 554-7030
Eddufelli 2 - s. 557-1730

allt matur



Nýtt á Íslandi! NO STRESS




Þægilegur, saumlaus og fallegur fatnaður. S. Gunnbjörnsson ehf.

Helgarbrjálæði

50% afsláttur

af kjólum við buxur

Áður 5990

Nú 2990

FLASH

Laugavegi 54, sími 552 5201



Mikið úrval af brjóstagjafa- og meðgönguundirfatnaði í mörgum litum

Móðurást

Hamraborg 7 Kópavogi Sími 564 1451
www.modurast.is

allt bílar

Alla laugardaga



Einföld hönnun Lorettu Davis vakti mikla athygli og þótti bæði kvenleg og sportleg.



Hönnuðurinn Nicole Collins notaði eingöngu hvítan lit í sinni línu og notaði mikið fallega skartgripi til að tengja flíkurnar saman. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



Loretta Davis notar rauða litinn til að draga fram gleði í hönnun sinni. Hér sýnir hún kvenlegt útlit sem vísar vel til ruslrokkaratískunnar sem tröllríður öllu í dag.

# Framsækni og notagildi

***Tískuvikur eru nú haldnar víða um heim. Á áströlsku tískuvikunni vakti sýning nemenda í Royal Melbourne Institute of Technology nokkra athygli.***

Ástralska tískuvikan var haldin í Melbourne fyrir skömmu og sýndu margir af frægustu hönnuðum Ástralíu fatasafn sitt. Royal Melbourne Institute of Technology tók einnig þátt í sýningunni og sýndu upprennandi hönnunarnemar hugsmíði sína sem náði til allra árstíða. Kenndi þar ýmissa grasa og greinilegt að ekki er komið að tómum fataskápnum í Ástralíu varðandi framtíðarhönnuði.

- jóa



Rauði liturinn var nokkuð áberandi á sýningunni. Hér sýnir hönnuðurinn Loretta Davis sportlegt haustútlit.



Loretta Davis notar enn rauða litinn til að brjóta upp einfalda hönnun. Vestið er sérlega fallega hannað með nýstárlegu hálsmáli.



Kjóll Karen Luu skartar skemmtilegum andstæðum en hekluð axlarsláin er skemmtilegt mótvægi við bleikt belti.



Hönnuðurinn Pia Interlandi hafði notagildið að leiðarljósi. Jakkinn er hnepptur við mittið og tónar fóður jakkans við efni bolsins. Jakkann má svo leysa frá og láta falla niður eins og kjól yfir buxur.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Grunge og glamúr er það sem gildir

September er ekki aðeins upphaf skólagöngu hjá krökkunum heldur sömuleiðis sá tími þegar fórnarlömb tískunnar fara að huga að vetrarklæðaskápnum. Auðvitað eru þeir til sem eiga þegar allt og þurfa aðeins að opna fataskápinn til að taka fram leðurstígvél og ullarkápu en það eru ekki allir eins og Bree Van De Kamp sem sjálfsagt þurrkar ryk af nýju stígvélunum sínum einu sinni á dag áður en þau verða notuð. Hinna bíður það vandaverk að finna það sem upp á vantar fyrr en seinna.

Vetrarlínurnar eru eins og áður mikið í anda sjöunda og áttunda áratugarins, sem mér hefur einhverra hluta vegna alltaf fundist frekar ljót tíska. Litirnir eru dökkir, svart er ríkjandi með blöndu af gráu og dálítlu af hvítu og faldarnir eru annað hvort mjög stuttir eða síðir. Sumir kalla vetrartíðarandann Grungle sem kemur úr grunge og glamúr. Blanda af Kurt Cobaintísku og fágun.

Hermès, ein af stofnunum franska tískuheimsins, hefur eins og mörg önnur tískuhús snúið sér að nýju að loðfeldum og býður til dæmis upp á ljósa minkaslá sem ég ímynda mér nú ekkert sérstaklega á Laugaveginum, sömuleiðis leðurkápu úr þvegnu lambaskinni. Mikið er um gegnsæjar blússur og toppa úr blúndum eins og sjá má bæði hjá Louis Vuitton og Yves Saint-Laurent en vetrarlínan sem Stefano Pilati hefur hannað fyrir YSL hefur bókstaflega verið rifin út. Ekki fyrir svo löngu virtist sem þetta tískuhús væri á síðasta snúningi eftir brottför Tom Ford en nú er aldeilis líf í tuskunum. Ég hef það reyndar eftir einni sölukonunni að veltan hafi verið tvöföld miðað við það sem áætlað var í ágúst í búðinni á rue Faubourg St. Honoré sem er flaggskip tískuhússins. Pilsin eru með blúndum og plíseruðu kögri og kragarnir uppháir (munið þið eftir kraganum á hvítri blússu Fridu í Abba á einu plötuumslaginu í kringum áttatíu?).

Hjá mörgum er það diskó-stíllinn sem er aðalatriðið eins og til dæmis hjá Gucci þar sem hægt er að sjá fyrir sér gesti Stúdíó 54 í New York á leið út á lífið í kjólum, útvíðum frá brjóstum. Ekki bara Madonna sem er í endurvinnslunni á því tímabili. Með þessu öllu er nauðsynlegt að fá sér eitt „full diamonds J12“ úr frá Chanel sem eru á bilinu 20-70 þúsund evrur. Hjá Balenciaga eru það mínípilsin sem eru „inn“ og stórar tölur og víðar ermar í anda Jackie Kennedy. Það hlýtur reyndar að vera frekar fúlt fyrir hana að vera ekki lengur í lifenda tölu til að sjá þessa tísku endurlífgaða og meira en nokkru sinni áður er hægt að tala um að tískan fari í hringi. Ég veit að endurvinnsla er það sem gildir í dag en er ekki kominn tími á eitthvað nýtt og ferskt?

bergthor.bjarnason@wanadoo.fr









**Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?**

Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ

– Mest lesið

**Heimabakstur**
Á veturna er tíminn til inniveru og þá er gaman að baka. Hvernig væri að nota vætusama helgina til að baka köku með börnunum og halda svo lítið kaffiboð fyrir frænkurnar?



Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is

DÚKADAGAR



20% afsláttur af öllum dúkum þessa viku

Bæjarlind 6, Kóp. - s.534 7470 - www.feim.is
Opið virka daga 10-18 og laugad. 10-16




Magnús Helgason

opnar sýningu í Baksalnum í Gallerii Fold,
Rauðarárstíg, laugardaginn 16. september kl. 15

Opið virka daga kl. 10-18,
laugardaga kl. 11-16, sunnudaga kl. 14-16

Sjáumst í Gallerii Fold

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstíg 14, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is



Myndin ofan við rúmið og púðarnir tóna við lit rúmgaflsins. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

# Stílhrein og falleg svefnhbergi

***Með réttri litasamsetningu getur svefnherbergið orðið notalegur hvíldarstaður.***

Hvítur litur er einn sá algengasti í svefnherberginu ásamt ljósum litum, sérstaklega fyrir þær sakir að þeir eru litlausir, bjartir og hreinlegir. Aftur á móti getur það verið vandasamt verk að hafa svefnherbergið mjög ljóst, eða alveg hvítt, og á sama tíma notalegt. Þess vegna er gott að hleypa lit inn í herbergið með púðum, gardínum eða rúmteppi.

Best er að velja einn lit, í stað þess að blanda mörgum saman, svo heildaráhrifin verði fallegri. Um marga liti er að velja og best er að prófa sig áfram með einn hlut inn í herbergið í einhverjum lit og sjá hvernig hann virkar í rýminu. Þegar búið er að finna litinn ætti að vera lítið mál að finna réttu fylgihlutina.



Rauðu koddarnir gefa herberginu munúðarfullt yfirbragð, auk bleiku orkideunnar á náttborðinu.



Veggirnir á þessu herbergi hafa verið málaðir ljósfjólubláir, en mynstrað rúmteppið og gaflinn draga athyglina að rúminu.



Rauði liturinn á púðanum í rúminu fær mann til að taka eftir svefnherberginu, sem er annars hálffalið bak við rennihurð.



Svörtu og hvítu púðarnir eru sérstaklega flottir með rauðu golfmottunni.

# Feng shui

*Nokkur ráð fyrir byrjendur.*



**Takið til.** Mikilvægasta atriði feng shui er að heimilið sé snyrtilegt.

**Komið hreyfingu á allt gamalt.** Það skiptir máli að taka til í skápunum og losa sig við allt sem aldrei er notað því öll stöðnun hefur slæm áhrif. Ekki er nóg að koma því sem ekki er notað fyrir í geymslunni því mikilvægt er að slíta öll tengsl við það með því að henda því eða gefa það.



**Sofið vel.** Rúmið á aldrei að vera beint inn af dyrunum inn í svefnherbergið en það verður að snúa þannig að þið sjáið dyrnar alltaf. Það má vel hafa spegil inni í svefnherberginu en ekki þannig að þið sjáið ykkur sjálf uppi í rúminu.





**Hugsið vel um blómin ykkar.** Plöntur endurspegla svolítið líðan ykkar; sjáið því til þess að þær séu grænar, fallegar og gróskumiklar. Þurrkuð blóm eiga ekki að vera inni á heimilinu.

**Gæludýr eru góð.** Gæludýr koma hreyfingu á orkuna inni í íbúðinni en það verður að gæta þess hvar klósettin þeirra eru og sjá til þess að þau séu snyrtileg.



## góð ráð }

### Upp með gluggatjöldin

Gólfsíð gluggatjöld geta flækst fyrir þegar skúrað er. Gott ráð til að einfalda sér þrifin er að sauma hringa, til dæmis úr plasti, neðst á rönguna á gluggatjöldunum. Skrúfaðu krók neðan í gluggakistu og hengdu tjöldin upp á hann.



### Veðravörn

Nú þegar haustvindar blása feykjast lauf og annað rusl um himin og leita sér skjóls í hornum og jafnvel inni á heimilum. Með nýrri árstíð er því gott að hafa í huga að skilja ekki alla glugga eftir opna þegar heimilið er yfirgefið. Taka má mið af vindáttum og reyna að opna þá glugga sem snúa ekki beint upp í vindinn. Síst af öllu skulu viðkvæmir munir geymdir fyrir neðan opinn glugga því kröftug haustrigningin nær oft langt inn á gólf. Nógu leiðinleg eru heimilisþrifin og ekki er á bætandi öllu haustrykinu sem leitar inn í hlýjuna undan köldum Kára sem nú læðist um stræti og torg.



# Skipulagið skiptir miklu máli

***Jóhanna Kristín Tómasdóttir er vel inni í hugmyndafræði Feng shui og hefur haldið nokkur námskeið þar sem hún kennir fólki hvernig er best að skipuleggja heimilið út frá því.***

Fyrir sex árum kynntist Jóhanna Feng shui og það vakti strax áhuga hennar. „Mér var gefin bók um Feng shui sem varð til þess að ég fór að afla mér frekari upplýsinga,“ segir hún.

Jóhanna segir að hægt sé að finna fjölda bóka um Feng shui auk þess sem miklar upplýsingar séu um það á netinu. „Ég hef ekki farið á nein formleg námskeið og er algjörlega sjálfmenntuð í Feng shui en hef verið mjög dugleg að afla mér upplýsinga um það.“

Jóhanna hefur þó haldið nokkur byrjendanámskeið sjálf fyrir þá sem vilja kynnast Feng shui. „Þetta hafa bara verið svona þriggja tíma kynningarnámskeið og markmiðið með þeim hefur verið að opna augu fólks svo að það geti farið heim og endurskoðað aðeins skipulagið á heimilum sínum.“

Feng shui hefur verið notað í margs konar tilgangi og margir nota það ekki einungis til þess að skipuleggja heimili sín heldur fjármál og ástarlíf líka. „Feng shui nær í rauninni yfir öll svið mannlegrar tilveru. Fólk byrjar yfirleitt á heimilinu og um leið og byrjað er á því hefur það áhrif á öll svið lífsins. Fólk gerir breytingar á heimilum sínum til þess að koma af stað breytingum á lífi sínu og heimilinu er skipt upp í ákveðin svæði sem hvert hefur einstaka merkingu.“

Á heimasíðu Jóhönnu, http://www.fengshui.is má finna frekari upplýsingar um Feng shui og námskeiðin sem hún hefur verið með.

- eö



Jóhanna kynntist Feng shui fyrir sex árum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


## Falleg ensk húsgögn - nýtt á Íslandi

**Tvær borðstofulínur komnar í verslunina Siena og Milan sem er úr Hnotu og tvær aðrar á leiðinni Java og Lille úr Kirsuberjaviði rauðleitum (sjá heimasíðu). Einnig getur þú farið inná www.wguk.com og valið þína borðstofulínu og við sérpöntum fyrir þig.**



WILLIS & GAMBIER
*Furniture designed for life*













Borðstofuborð m/skúffu **kr. 89.900**
stærð B:95 L:166 H:78cm stækkanlegt um 2x45cm

Skenkur **kr. 138.900**
B:160 H:91 D:44cm

Stór glerskápur **kr 168.900**
H:190 B:110 D:44cm

Lítill glerskápur **kr. 148.900**
H:150 B:110 D:44cm

Consol borð **kr. 59.900**
B:143 H:78 D:40cm

Sófaborð m/skúffu **kr. 56.900**
B:120 D:80 H:45cm

Stólar **kr. 33.900**



Borðstofuborð **kr. 236.900**
L:175 B:90 H:75cm stækkanlegt í miðju um 40cm

Skenkur **kr. 248.900**
B:170 H:75 D:48cm

Glerskápur **kr. 268.900**
B:94 H:190 D47cm

Bókahilla **kr. 124.900**
B:150 H:150 D:36cm

Sófaborð **kr. 99.500**
B:100 H:45cm D:71cm

Hliðarborð m/skúffum **kr. 68.900**
B:50 H:60 D:45cm






OPIÐ
Mánudaga til föstudaga kl. 10.00 – 18.00
Laugardaga 11-16

HÚSGÖGNIN HEIM

Sími 461 5200 · Fax 461 1121












Karrígulur litur er einn af þeim sem gera heimilið hlýlegt.

# Haustið í Habitat

***Sterkir en dempaðir litir setja svip sinn á haustlínuna í Habitat.***

Dumbrauður, karrígulur og olíublár eru áberandi í heimilisvörum sem verið er að taka upp í Habitat þessa dagana. Þeir blandast fallega með brúnu og mosagrænu, sem líka eru í öndvegi. „Við erum rétt að byrja að stilla upp fyrir haustið og gámarnir streyma að með nýjum og spennandi hlutum. Búðin mun alveg breyta um svip á næstu vikum,“ segir Gunnhildur Ásgeirsdóttir, starfsmaður í Habitat. Þar eru skæru litirnir sem voru áberandi í sumar í öllum hlutum að víkja fyrir öðrum dempaðri litum sem minna meira á rökkur haustsins og rómantík. *- gg*



Það er alltaf eitthvað fjörlegt við fiðrildi.

Stílfagur vasi.

Blátt, blátt, olíublátt.

Kertin lífga upp á tilveruna í haustmyrkrinu.

Kertastjakar sem minna á skákmenn fást í ýmsum litum.

Púðar eru alltaf heimilislegir.

Munstruð motta við útidyrnar býður gesti velkomna.

Olíublátt er nýr og spennandi tónn í litaskalanum.

Kertin eru ómissandi.

Gott er að draga yfir sig ábreiðu þegar slakað er á í sófanum.



# Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM ALLAN GRÓÐUR HEIMILANNA

## Reyniber

Í görðunum okkar eru reyniviðirnir farnir að svigna af skærrauðum berjaklösunum. Vissulega lífgar það upp á hauststemminguna, en ekki síst kætir það skógarþrestina sem sjá þarna krásir nægtaborðsins og tækifærið til að hlaða á kroppinn sinn þeirri orku sem þeir þurfa til að komast klakklaust austur yfir Atlantsála í trygg vetrarheimkynni. Að minnsta kosti þeir þrestir sem enn hafa ekki sett allt sitt traust um lífsbjörg vetrarins á Bæjarins bestu, pylsuskúrinn í Hafnarstrætinu.

### Reyniberjaskreytingar

Margir garðeigendur hafa samt áhuga á að nýta sjálfir berin til einhvers. Að sjálfsögðu er það hægt. T.d. með því að nota berjaklasana í skreytingar, hvort sem er innanhúss eða utan. Setja má reynigreinar með berjum í vasa eða ker. Það er hægt að hnýta úr þeim kransa til að hengja á vegg eða leggja á borð. Svo sómir sér líka vel að leggja bara nokkra klasa á disk eða í skál og hafa þar sem hentar. Margir hafa spurt hvort ekki sé hægt að varðveita berin óskemmd til að hafa þau í jólaskreytingar. Það er að vísu hægt, en kostar svolítið vesen. Gamalt ráð er að dýfa klösunum í bráðið parafínvax, ef berin eru síðan höfð á köldum stað halda þau sér nokkuð vel en parafínið myndar alltaf leiðinlega mjólkurskollitaða skán utan á þeim, þannig að skrautgildið dvínar mikið. Aðrir hafa geymt berin í rökum sandi á köldum stað, en þá hættir þeim til að mygla. Það þykir óskemmtilegt. Það er eiginlega sama hvað við gerum, berin verða aldrei söm og á septemberdegi. Besta ráðið til að varðveita þau svona nokkurn veginn er hreinlega að setja þau saman, þétt og mikið, í kransa eða skálarskreytingar og láta þau þorna þannig. Þau rýrna við þurrkunina en halda lit og minningunni um hið liðna haust. Til að fríska upp á skreytingar af þessu tagi má fá á þær gljáa með því að úða yfir þær með lakki fyrir þurrblómaskreytingar, sem venjulega er selt undir nafninu „fílahúð“ í blómabúðunum. Sama trix dugar einnig á þurrskreytingar úr íslensku haustflórunni, svo sem sortulyng og beitilyng og jafnvel ýmsar runnagreinar sem komnar eru í haustliti.

### Náskyld eplum

Reyniber eru náskyld eplum og perum og úr þeim er hægt að gera ýmislegt matarkyns. En reyniber eru römm og súr þar sem þau hanga á trjánum á haustin. Það stafar af því að í þeim eru beiskjuefni og barkarsýrur sem hafa því hlutverki að gegna að koma í veg fyrir ótímabæra spírun fræjanna á haustin. Þetta aftrar ekki þröstunum, sem skila fræjunum óskemmdum með úrganginum þegar þeir eru búnir að melta aldinkjötið. En ef við höfum tök á að geyma reyniberin heil og óskemmd, án þess að frysta þau en nálægt frostmarki, fram yfir miðjan vetur er þessi beiskja að mestu horfin úr þeim, svo að við getum borðað þau grettulaust eins og epli. Og satt að segja er þá af þeim fremur ljúffengur eplakeimur.

Reyniberjahlaup er samt gert úr berjunum á haustin. Og helst þurfa menn að vera snemma á ferðinni áður en þrestirnir hafa hrifsað allt til sín. Reyniberjahlaup hefur afar sérstætt bragð sem passar afar vel við rjúpna- og hreindýrakjöt. Þeir sem hafa kynnst því geta ekki án þess verið. Hér er uppskrift að reyniberjahlaupi sem ég lærði að gera í Svíþjóð fyrir margt löngu, en er nú búinn að pússa svolítið til fyrir íslenskar aðstæður. Það er bara synd að ekki skuli vera íslenskar jólarjúpur á mínum borðum lengur. En ég verð mér bara úti um skoskar.

### Reyniberjahlaup

Ég nota um 700 grömm af hreinsuðum og þvegnum reyniberjum. Síðan tek ég þrjú meðalstór, græn eða lítið þroskuð epli. Eplin sker ég í báta, hef hýði og kjarnahús með. Sýð þetta svo í u.þ.b. hálfum lítra af vatni þar til berin byrja að springa og „leka“. Þá þrýsti ég varlega á allt saman með kartöflustappara og helli síðan í fínt sigti svo að safinn geti runnið af maukinu. Ekki borgar sig að pressa mikið á maukið í sigtinu ef hlaupið á að vera nokkurn veginn glært. Þegar safinn er siginn niður mæli ég hann og reikna með ca 900 grömmum af sykri í hvern lítra af vökva. Hleypi svo suðunni upp í 3-5 mínútur. Lækka hitann aftur og læt þetta malla hægt í 20-30 mínútur. Þá ætti soppan að vera orðin það þétt að hún drjúpi hægt af skeið og hlaupi saman við kólnun. Ef ekki, má setja svosem eina skeið af sultuhleypi (pektíni) í hvern lítra og hita aftur í 1-2 mínútur. Eftir það er hlaupið sett heitt í fremur litlar krukkur og lokað þétt með skrúfuðu loki. Ílátin þurfa að vera tandurhrein, helst skoluð úr sjóðandi vatni strax fyrir notkun. Lokin þurfa að hafa góðan þéttihring til að loka loftþétt þegar glösin kólna. Ef geyma á þetta lengi er vissara að setja rotvarnarefni, t.d. bensonat, í hlaupið (fylgja magnleiðbeiningum á umbúðunum) áður en það er sett á glösin. Gott með „villibráð heiðanna“ og er heldur ekki slakt á sykurlausar vöfflur með gráðosti og þeyttum rjóma!












**Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?**

Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ

– Mest lesið







Hinn fullkomni þjálfari!

Life Fitness – vænstu þess besta

X9i

- Allt að 50% meiri hitaeininganotkun



ARGUS 06-0350

Life Fitness

þrekhjól, hlaupabrautir, þrekþjálfar og æfingastöðvar

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

Hagstæð greiðslukjör | Opið 10-18 mán.-fös. | www.hreysti.is

Hollusta í hverjum bita!




SÖLUSTAÐIR:

Bónus • Hagkaup • World Class • Hreyfing • Hress



Fyrir utan námskeið fyrir fullorðna er ýmislegt í boði fyrir börn í Heilsudrekanum, en þessir hressu krakkar stunda bardagalist. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Kínverskir dagar

***Dagana 14.-17. september verður opið hús í Heilsudrekanum í Skeifunni 3j, þar sem almenningi gefst kostur á að kynna sér kínverska leikfimi og meðferðarúrræði gegn alls kyns kvillum.***

„Við verðum með kynningu á námskeiðunum okkar, meðal annars bardagalist sem börn allt niður í fjögurra ár aldur geta stundað,“ segir Dong Qing Guan eigandi Heilsudrekans, sem stendur fyrir opna húsinu. „Bardagalist af þessari gerð er sprottin upp úr kung fu og alveg óhætt fyrir svo ung börn að tileinka sér hana,“ bætir hún við.

Í Heilsudrekanum verða einnig ýmsar tegundir af tei á boðstólum sem gestum gefst færi á að smakka á sér að kostnaðarlausu, svo sem grænt og svart heilsute, sem samkvæmt kínverskri trú eru allra meina bót. „Hver tetegund býr yfir ákveðnum lækningamætti, ein léttir lundina, önnur styrkir ónæmskerfið og svo mætti lengi telja,“ segir Dong, sem drekkur sjálf te að staðaldri og er ekki í neinum vafa um að það skili tilætluðum árangri.

Þá verða sérfræðingar á staðnum sem starfa eftir kínverskri læknisfræði og munu veita ókeypis ráðgjöf sé þess óskað. „Í Heilsudrekanum er boðið upp á nálarstungur og kínverskt nudd, auk námskeiðanna, sem reynst geta vel gegn alls kyns kvillum,“ útskýrir Dong. „Áður en meðferð hefst, þarf hins vegar að grafast fyrir um vandann og orsakir hans enda hvert tilfelli sérstakt. Þar koma sérfræðingar okkar til sögunnar,“ bætir hún við og hvetur sem flesta til að kíkja inn til að fræðast betur um það sem er í boði.

Haft verður opið frá kl. 09.00 til 19.00 á fimmtudag og föstudag en frá kl. 09.00-16.00 á laugardag og sunnudag. Sjá nánar www.heilsudrekinn.is *roald@frettabladid.is*



Dong Qoing Guan býður alla velkomna á opið hús í Heilsudrekanum dagana 14.-17. september. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Spornað við óæskilegri þróun

***Ísland tekur virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi til að sporna við þróun ónæmra bakteríustofna.***

Í nýútkomnu Farsóttarfréttum Landlæknisembættisins er fjallað um þá þróun sem orðið hefur á síðasta áratug sem leitt hefur til þess að bakteríur hafa myndað ónæmi gegn mörum sýklalyfjum sem áður voru notuð með góðum árangri. Því hafa bakteríusýkingar orðið erfiðari viðureignar með þverrandi lækningamætti lyfjanna.

Þessi þróun er alþjóðlegt áhyggjuefni og því hefur þótt ástæða til að sameina þekkingu þjóða í því skyni að sporna gegn frekari þróun ónæmra bakteríustofna, setja þjóðum sameiginleg markmið í þessu efni og marka leiðir til að ná þeim.

Ísland tekur virkan þátt í alþjóðlegu- og norrænu samstarfi á þessum vettvangi en skynsamleg sýklalyfjanotkun er hluti af opinberri stefnu íslenskra heilbrigðisyfirvalda. Árið 2004 voru gerðar breytingar á sóttvarnalögum með ákvæðum um að sóttvarnalækni væri skylt að fylgjast með sýklalyfjanotkun landsmanna og þróun ónæmis gegn sýklalyfjum og færa upplýsingar þar að lútandi í sérstakan gagnagrunn. Upplýsingunum er ætlað að vera til stuðnings sóttvarnastarfi og faraldsfræðirannsóknum.

Um þessar mundir er unnið að því að treysta þær upplýsingar sem fara í grunninn og byggja þannig upp áreiðanlegan og samanburðarhæfan sýklalyfjagagnagrunn en skýrsla um sýklalyfjanotkun á árinu 2005 verður brátt fullunnin.



Óhófleg sýklalyfjanotkun getur leitt til þess að bakteríur verði ónæmar fyrir lyfjunum.



Ráðstefna um tóbaksvarnir verður haldin í Reykjanesbæ um næstu helgi.

# LOFT 2006

***Ráðstefna um tóbaksvarnir verður haldin í Reykjanesbæ 14. til 15. september.***

Í ár verður LOFT, ráðstefna um tóbaksvarnir, haldin í fjórða sinn í Reykjanesbæ dagana 14. til 15. september. Ráðstefnan er haldin annað hvert ár og skiptast heilbrigðisstofnanir á að halda hana. Að þessu sinni verður sérstaklega fjallað um óbeinar reykingar, reykingar á vinnustöðum og í vinnuumhverfi. Einnig verður fjallað um reykingar út frá sjónarhóli heilsugæslu nánar tiltekið um reykleysismeðferð.

Efni ráðstefnunnar sem verður fjölbreytt og áhugavert fyrir alla þá sem hafa áhuga á tóbaksvörnum. Nánari upplýsingar um dagskrá ráðstefnunnar og skráning er á heimasíðunni www.congress.is/loft2006. **- jóa**

## Heilbrigð sál

BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR
EINKAÞJÁLFARI OG B.A. Í SÁLFRÆÐI



# Viltu betri lífsgæði?

Við viljum öll lifa lengi og vel, en gæði lífsins byggja að mörgu leyti á okkur sjálfum. Þetta vitum við öll en við erum misjafnlega meðvituð um það frá degi til dags. Það er ekki nokkur vafi að regluleg hreyfing er einn stærsti þátturinn í heilbrigðum líkama. Þennan hluta af lífinu getur enginn annar gefið okkur. Aðeins við getum fært sjálfum okkur fleiri og betri ár með hreyfingu og næringarríku mataræði.

Hreyfing eykur ekki bara blóðstreymi og almenna vellíðan, hjálpar okkur að brenna fleiri hitaeiningum til að léttast, styrkir vöðva og gefur okkur aukna orku sem við héldum að við ættum ekki til, heldur er hún einn mikilvægasti þátturinn í að líkaminn starfi á heilbrigðan hátt sem lengst og dregur þar af leiðandi úr líkum á fjölda sjúkdóma.

Þeir sem byrja að hreyfa sig reglulega finna fljótlega að þeir verða hressari, bæði andlega og líkamlega, sjálfstraustið eykst og þeir fyllast meiri krafti til framkvæmda. Bara þetta ætti að vera nægileg ástæða til að hreyfa sig á hverjum degi.

Við tölum kannski um að við þurfum kauphækkun til að geta haft það aðeins betra, en hreyfingin veitir okkur alvöru kauphækkun sem endist lengur en fleiri þúsundkallar. Ég veit að það er kannski erfitt að trúa þessu, því að þetta er eins og besta lygasaga!

### Hreyfing eykur lífsgæði okkar

Hreyfing minnkar líkur á og/eða dregur úr einkennum beinþynningar. Að lyfta lóðum eykur styrk beina og er það því sérstaklega mikilvægt fyrir konur á breytingarskeiði. Við vitum aldrei hvort við fáum beinþynningu eða ekki, svo að hreyfing er besta forvörnin. Rannsóknir hafa sýnt að styrktarþjálfun ásamt hormónameðferð og viðeigandi mataræði geta snúið atburðarásinni við ef beinþynning er hafin. Það er því aldrei of seint að byrja.

Hreyfing minnkar líkur á að fá áunna sykursýki (sykursýki 2). Sýnt hefur verið fram á að þol- og styrktarþjálfun (t.d. að skokka eða hjóla og lyfta lóðum) eykur næmni líkamans fyrir insúlíni og líkaminn stjórnar því blóðsykurmagninu betur.

Hreyfing dregur verulega úr líkum á kransæðasjúkdómum, sem eru meðal algengustu sjúkdóma okkar í dag. Hugsaðu þér, að með því að hreyfa þig reglulega, það er að stunda þol- og styrktarþjálfun minnst þrisvar í viku, minnkum við líkurnar á að fá slíka sjúkdóma um 50% og líkurnar á að fá of háan blóðþrýsting um 30%!

Hreyfing eykur grunnbrennsluna verulega. Þetta þýðir að ef þú hreyfir þig reglulega brennir þú meira við að sitja kyrr og lesa Fréttablaðið en ef þú hreyfir þig ekki reglulega.

### Aukin kynferðisleg virkni

Ef þetta kveikir ekki í þér, legg ég fram trompið! Rannsóknir sýna bein tengsl á milli hreyfingar og aukinnar kyngetu og -virkni. Aukið vöðvaþol og –styrkur og þar af leiðandi bætt líkamsstaða og lungnaþol getur án efa aukið kynferðislega virkni. Hafið þó í huga að ofþjálfun getur dregið úr slíkri virkni! Bandarískar rannsóknir frá árunum 1999 til 2004 leiddu í ljós að þeir sem hreyfa sig reglulega hafa meiri líkamsvitund og líður betur með sjálfan sig, sem getur leitt til þess að verða betri elskhugi. Fólk sem hreyfir sig reglulega er líklegra til að upplifa sig „sexí“ og lifa kynlífi lengur en þeir sem hreyfa sig lítið.

### Lífsgleði njóttu

Með aukinni vellíðan og sjálfsvitund tökum við frekar þátt í því sem lífið hefur upp á að bjóða. Sópum síður undir mottu því sem þarf að takast á við, bæði líkamlega og andlega, þar sem taugakerfið batnar einnig til muna. Lífsgæðin aukast, árum fjölgar og lífsgleðin eykst!

Eins og ég sagði áðan hljómar þetta eins og lygasaga. Næstum of gott til að vera satt! En þetta eru bara dagsannar afleiðingar hreyfingar. Ég vona því að sem flestir sem ekki hreyfa sig daglega sjái nú kosti þess að huga að þessum málum. Þrisvar sinnum í viku, 30-40 mínútur í senn, er góð byrjun, sem svo er aukið í 4-5 sinnum í viku, klst. í senn. Markmiðið ætti svo að vera að hreyfa sig eitthvað á hverjum degi, með því að ganga, synda, hjóla, nota stiga en ekki lyftur og/eða fara í ræktina. Allt telur!

Farðu vel með þig!

*Kær kveðja, Borghildur*

# Óhóflegur þrýstingur á börn

***Madeline Levine sálfræðingur bendir foreldrum á þær neikvæðu afleiðingar sem þrýstingur þeirra á börn sín getur haft.***

Sálfræðingurinn Madeline Levine segir foreldra nútímans vera að ala upp kynslóð aftengdra unglinga. Madeline bendir á að þeir foreldrar sem beiti börn sín miklum þrýstingi séu í raun að stuðla að óhamingju þeirra og þrýstingurinn leiði til þess að börnin verði aftengd sjálfum sér og óvirk.

Madeline hefur starfað sem sálfræðingur í 25 ár og við rannsóknir sínar hefur hún oftar en ekki hitt börn sem þjást af kvíða, vímuefnanotkun og þunglyndi, en þá vanlíðan má rekja til foreldrnna, sem stjórnast með líf barna sinna. Stjórnunin gerir það að verkum að börn fá ekki að finna út úr hlutunum sjálf, gera sín eigin mistök og læra af þeim. Þrýstingur foreldranna um árangur gerir það að verkum að börnin eiga ekki það sem kalla mætti sitt eigið innra líf. Börnin eru svo upptekin við að fullnægja kröfum foreldra sinna að lítið svigrúm er eftir fyrir börnin að láta sínar eigin langanir rætast.

Madeline heldur því svo fram að þetta vandamál sé sérstaklega algengt hjá mjög efnuðum fjölskyldum. Hún segir góða frammistöðu í ríkra manna samfélagi skapa gríðarlega pressu á börn sem þau standa oft ekki undir.

Þessi gildra sem svo margir foreldrar falla í, að beita börn sín þrýstingi, gerir að verkum að ást foreldranna verður skilyrt og árangurstengd. Slík ást er meiðandi fyrir börn og ættu foreldrar því að virða langanir barnsins umfram sínar.

Frétt fengin af www.persona.is

*- jóa*



Foreldrar þurfa að gæta sín að beita börn sín ekki of miklum þrýstingi en hann getur leitt til vanlíðunar barnanna. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

## bætiefnið }

### Kalíum

Kalíum og natríum vinna saman að eðlilegu vökvajafnvægi í líkamanum. Það er mikilvægt fyrir heilbrigt taugakerfi og reglulegan hjartslátt. Það er talið vinna gegn hjartaáföllum og hjálpa til við vöðvasamdrátt. Blóðsykurskortur veldur kalíumtapi, svo og langar föstur og/eða niðurgangur. Skortseinkenni eru meðal annars bjúgur, blóðsykurskortur, háþrýstingur, þreyta, slen og vöðvaverkir. Skortur er óalgengur en kemur fram hjá fólki sem notar þvagræsandi lyf, sem eyða kalíumi.



Kalíum er í flestum fjölvítamínum og steinefnablöndum en má einnig fá úr banönum, avókadó, grænu blaðgrænmeti, sítrusávöxtum, fræjum, hnetum, kartöflum og korni. Ráðlagður dagsskammtur af kalíumi er 3.000 mg bæði fyrir karla og konur en þungaðar konur eða með barn á brjósti þurfa 3.100 mg.

*Heimild: Ný og betri Bætiefnabiblía*

# Hreyfing barna

***Hreyfing og fjölbreytt umhverfi eru mikilvægir þættir fyrstu þrjú æviárin.***

Börn verða öruggari, félagslyndari og fá aukna hreyfifærni ef þau fá mikla hreyfingu og fá að leika sér í fjölbreyttu umhverfi fyrstu þrjú æviárin. Þetta kemur fram í norskri kennslubók um líkama ungra barna en þau upplifa heiminn gegnum líkama og leik.

Höfundar bókarinnar segja að börn sem hreyfa sig í fjölbreyttu umhverfi fái aukna tilfinningu fyrir eigin líkama, aukna könnunarþörf, hreyfifærni og einbeitingu.

*- jóa*



Börn upplifa heiminn gegnum líkama og leik.

# Bóluefni gegn HIV virðist í sjónmáli

Niðurstöður úr tilraunum sænskra vísindamanna til að framleiða bóluefni gegn HIV veirunni lofa góðu.

Um fjörutíu hraustir og heilsugóðir Svíar prófuðu hið nýja bóluefni og níu af hverjum tíu þróuðu með sér mótefni gegn HIV án þess að þjást af teljandi aukaverkunum. Það var Karólínska háskólasjúkrahúsið í Stokkhólmi sem stóð að tilraununum og niðurstöðurnar voru kynntar á ráðstefnu í Amsterdam nýlega. Þær þykja stórt skref í læknavísindum og gefa tilefni til bjartsýni á að takast megi að hindra útbreiðslu HIV, meðal annars í Afríku, þar sem váin er mest. „Niðurstöður okkar eru það jákvæðar að vert er að halda þróun lyfsins áfram,“ er haft eftir Eric Sandström prófessor og yfirlækni við Karólínska í grein í Dagens Nyheter. Enn er þó langt þar til farið verður að framleiða lyfið enda fleiri rannsóknir á því framundan. Eina rannsókn á að gera nú í haust á 60 manna hópi í Tanzaníu til að kanna áhrif lyfsins á Afríkumenn. Eric Sandström vill engu spá um hvort og þá hvenær nýja bóluefnið kemur á markað. „Það er ótrúlegt að það verði innan fimm ára en mögulegt að það verði innan tíu,“ er eftir honum haft.



Það mundi skipta sköpum fyrir þjóðir Afríku ef tækist að framleiða bóluefni á viðráðanlegu verði gegn HIV.











## LJÚFFENGT OG LOKKANDI

*Allt um súkkulaði*

SJÁ BLS. 8



## ENGIR HAMBORGARAR OG FRANSKAR

*Kristín og Guðbjörg hjá Yndisauka elda dýrindis mat*

SJÁ BLS. 10

[ SÉRBLAÐ UM VÍN OG MAT – FIMMTUDAGUR 14. SEPTEMBER 2006 ]

# matargerðarlist



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



## EFNISYFIRLIT


HJARTAÐ RÆÐUR FÖR
*Ástríðukokkurinn Shabana Zaman* BLS. 2

VEISLURÉTTUR ÚR NÝJUM FISKI
*Girnileg uppskrift* BLS. 2

LÉTTIR RÉTTIR OG MATARVÆN VÍN
*Marentza og Gissur bjóða í mat* BLS. 4

STÖKKT OG GLANSANDI
*Allt um súkkulaði* BLS. 8

KAMPAVÍN Í FRAKKLANDI
*Hið spennandi hérað Champagne* BLS. 9

STEIKJUM EKKI HAM-BORGARA OG FRANSKAR
*Sælkeraþjónusta Yndisauka* BLS. 10



SEPTEMBER

Kafbátur mánaðarins

Pizzabátur

...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

6 tommu bátur kr. 299

Gildir í sept. 2006 • Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnumáli



SUBWAY

Samræmdur afgreiðslutími
á höfuðborgarsvæðinu

11-18 MÁN-FIM
11-19 FÖS
11-18 LAU

Vakin er athygli á afgreiðslutíma í Holtagörðum og á Dalvegi:
mán-fös kl. 9-20 og lau kl. 11-18.

VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum



Shabana Zaman hefur búið um nokkurt skeið á Íslandi og finnst einstaklega gaman að elda fyrir þjóðina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hjartað ræður för

Ástríðukokknum Shabönu Zaman finnst gaman að kaupa í matinn fyrir aðra, elda hann og framreiða sé þjónustu hennar óskað.

„Ég gef fólki kost á að velja á milli réttana sem ég býð upp á og kaupa inn í samræmi við það," segir Shabana. „Síðan elda ég matinn fyrir viðkomandi hóp, en fólki er frjálst að taka þátt í matseldinni hafi það áhuga. Svo er um að gera að spyrja, því mér er sönn ánægja að segja frá matarvenjum okkar Indverja."

Shabana, sem kennir grunnskólanemum leiklist, hefur ætíð haft mikinn áhuga á matseld og rak veitingastað áður en hún fór út í kennsluna. Hún hélt á sínum tíma matarnámskeið sem vöktu mikla lukku, en segja má að þar hafi hugmyndin að heimamatseldinni kviknað.

„Þátttakendur á matreiðslunámsskeiðunum fóru að spyrja hvort ég væri til í að elda heima hjá þeim við sérstök tilefni og við nánari umhugsun ákvað ég að slá til," útskýrir Shabana. „Smám saman vatt þetta upp á sig þar til ég gat varla annað eftirspurn."

Shabana reynir að laga eldamennskuna að smekk matargesta og því spyr hún gjarnan um séróskir gestgjafans áður en hún hefst handa. „Ég elda heimalagaðan, indverskan mat og gæti þess að hafa hann ekki of flókinn til að fólk eigi auðveldara með að muna hvernig hann var búinn til," segir hún. „Fólki gefst færi á að velja á mili grænmetis- og kjötrétta, en Íslendingar virðast almennt gefnir fyrir kjúkling og grænmeti enda mjög umhugað um heilsuna."



Hér gefur að líta grænmetisrétt sem á indversku nefnist phaji og nýtur mikilla vinsælda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Shabana styðst ekki við uppskriftir við matreiðsluna heldur lætur hjartað ráða för. „Ég hef eldað frá sjö ára aldri og hef viðað að mér mikilli þekkingu á þeim tíma þannig að þær eru óþarfi," segir hún hlæjandi. „Ég vil frekar vita fyrir hvern ég er að elda svo útkoman verði sem allra best. Mér er það mikilvægt að geta lagt mig alla fram og skapað sérstaka stund fyrir matargestina, enda á hún að vera það."

Í lokin segir Shabana að sér finnist frábært að fá tækifæri til að sameina áhugamálið og vinnuna og geta kennt Íslendingum, sem séu með eindæmum námfúsir, elskulegir og óhræddir við að reyna nýja hluti. „Ég er Íslendingum sannarlega þakklát fyrir að veita mér þetta einstaka tækifæri til að kynna fyrir þeim indverska matseld, menningu og tungu," segir hún hrærð. *-rve*

WWW.SMAKKARINN.IS

Viltu prófa eitthvað nýtt og skemmtilegt á næsta klúbb eða starfsmannafundi?

Stefán Guðjónsson margverðlaunaður vínþjónn og ritstjóri smakkarinn.is getur komið til þín og haldið vínfyrirlestur. Hægt er að halda fyrirlesturinn í heimahúsi eða hjá fyrirtækjum. Einnig er hægt að fá skemmtilegan vínfyrirlestur og mat eftir þínum þörfum.

Hafðu samband í **GSM: 693-6526** eða e-mail **sbgka@centrum.is** til að fá upplýsingar eða verðlista.

Vantar þig ráðgjöf fyrir veislur?

S. G. Vín og veislu ráðgjöf býður upp á aðstoð við veislur af öllu tagi.

S. G. Vín og veislu ráðgjöf er rekin af Stefáni Guðjónssyni framreiðslumanni ársins 2004 og margverðlaunuðum vínþjóni sem hefur mikla reynslu í alls konar veislum, allt frá grill veislum upp í 7 rétta kvöldverð fyrir forsætisráðherra.

Hafðu samband í **GSM: 693-6526** eða e-mail **sbgka@centrum.is** til að fá upplýsingar eða verðlista.



# Veisluréttur úr nýjum fiski

Úr smiðju Sigríðar Margrétar Guðmundsdóttur fréttamanns.

**600 g nýr fiskur, gott að blanda mörgum tegundum saman, til dæmis 150 g lúða**
**150 hörpudiskur**
**150 g skötuselur**
**150 g humar**
**ólífuolía**
**hvítlaukur**
**smátt skorinn laukur**
**gulrætur í fínum strimlum**
**spergilkál**
**timían, ferskt eða þurrkað**
**hvítvín eða mysa**
**svartar ólífur**
**salt og grófur svartur pipar**
**slatti af rjóma ef fólk vill.**

Fiskurinn er skorinn í bita og beinhreinsaður. Laukur, hvítlaukur, gulrætur og spergilkál gljáð í olíunni, hvítvíni og mysu hellt yfir. Suðan látin koma upp og þá er fiskurinn settur út í. Soðið í um 5 mínútur eða þar til fiskurinn er næstum soðinn. Þá er hörpudisknum, ólífunum og rjómanum bætt í og látið hitna vel. Kryddað með timíani, salti og pipar og borið fram með fersku spaghettíi, rifnum parmesan og grófu brauði.



Fiskréttur sem gælir við bragðlaukana. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

allt heimili
Alla fimmtudaga

# MIRALE

# ÚTSALA



## 10–70% afsláttur

## NÝTT kortatímabil











15% afsláttur
af sérpöntuðum
húsgögnum



Cassina

ALESSI

**MIRALE**
Grensásvegi 8
108 Reykjavík
sími: 517 1020

opið:
mán.–föstud. 11–18
laugard. 11–16

Mirale er eini
viðurkenndi sölu-
aðili Alessi og
Cassina á Íslandi

# Léttir réttir og matarvæn vín

Létt og gott í hádeginu að hætti Marentzu og Að njóta vína eru nöfn á námskeiðum sem haldin verða í næsta mánuði á vegum Sæmundar fróða.

Ilmandi matarlyktin er meðal þess sem sannfærir blaðamann og ljósmyndara um að þeir séu á réttum stað þegar þeir koma á kynningu hjá símenntunarfyritækinu Sæmundi fróða. Þar er Marentza Poulsen að töfra fram tvo rétti sem hvor um sig flokkast undir léttan og góðan hádegisverð og Gissur Kristjánsson vínsérfræðingur hjá ÁTVR er mættur með frönsk eðalvín til að dreypa á með matnum. Þau tvö eru kennarar á námskeiðum sem haldin verða á næstunni í húsakynnum Menntaskólans í Kópavogi. Til að gera strax grein fyrir Sæmundi fróða skal tekið fram að hann er samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla, rekinn af Iðu fræðslusetri og Menntaskólanum í Kópavogi og er nú að hefja fjórða starfsár sitt. Hann stendur að námskeiðum fyrir fólk í ferðaþjónustu, matreiðslu, framreiðslu, bakstri og kjötiðnaði. Bæði er þar um nokkurra stunda námskeið að ræða og önnur lengri sem mynda brú frá óformlegu námi yfir í formlegt nám meðal annars í matartækni. Kröfur til starfsfólks í eldhúsum aukast stöðugt og opinber manneldismarkmið eru meðal þeirra skilyrða sem það þarf að uppfylla.

Marentsa er með hollustuna og næringuna á hreinu í sínu eldhúsi og bragðgæðin líka. Meðan hún lýkur við að raða saman fiskrétti með beikoni og sætum kartöflum sem hún skreytir með blöðum morgunfrúar og fleiri blómum er freistandi að fræðast um vínið sem Gissur er að opna. Hann segir frönsk vín einkar viðeigandi þegar flottur matur sé á borðum og byrjar á rauðu frá Búrgundí. Það heitir Lafort og hann segir það annað af tveimur frægustu rauðvínum Frakklands. „Það er létt og þess vegna valdi ég það með fiskinum,“ segir hann brosandi. Bendir á að beikonið kalli á rauðvín en tekur fram að hvítvínið passi að sjálfsögðu vel líka. Það er úr þrúgu sem nefnist Pinot Gris. „Þeim sem þykir hvítvín gott velja það en þeir sem aðhyllast rautt vín geta drukkið það með hverju sem er. Víngerð hefur breyst svo mikið á síðustu árum og reglurnar sem fylgja henni líka.“ Þetta þykja blaðamanni heldur betur mikil tíðindi.


Frönsk vín eru matarvæn að sögn sérfræðingsins.

Námskeiðið Létt og gott í hádeginu að hætti Marentzu verður 3. til 4. október frá kl. 17 til 21 og námskeiðið hans Gissurar um léttvín og vínfræði þriðjudaginn 17. október frá kl. 18- 22.

*gun@frettabladid.is*

## Baka með rótargrænmeti

Að hætti Marentzu

**1 pk. frosið smjördeig**
**1 rófa**
**1 sellerírót**
**1 sæt kartafla**
**200 g sprotakál (brokkólí)**
**2 tómatar**
**2 dl rifinn ostur**
**3 egg**
**2 dl matvinnslurjómi**
**salt, pipar og annað krydd eftir smekk**

Afþýðið smjördeigið, raðið plötunum hlið við hlið og fletjið þær aðeins út. Smyrjið lausbotna 24 sm form og klæðið það með smjördeiginu.

Skrælið rófu, sæta kartöflu og sellerírót og skerið í bita. Skerið sprotakálið í litla bita. Sjóðið grænmetið í smá vatni ásamt salti og pipar í u.þ.b. 10 mín. Hellið soðinu af grænmetinu og setjið það í smjördeigsklætt formið. Þeytið eggin og matreiðslurjómann vel saman. Setjið ostinn út í eggjamassann og kryddið með salti og pipar eða öðru kryddi. Hellið þessu síðan ofan á grænmetið, skerið tómatana í sneiðar og raðið þeim fallega ofan á bökuna sem síðan er sett inn í ofn og bökuð við 200°C í 45 mín. Bakan er borin fram með salati.


Baka með rótargrænmeti, bæði holl og góð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Marentza nostrar við fiskréttinn og skreytir hann meðal annars ætum blómum.


Marentza og Gissur miðla fróðleik um mat og vín á stuttum námskeiðum hjá Sæmundi fróða á næstunni. Fréttablaðið/Anton

## Beikonvafinn þorskur eða ýsa

**fiskflak**
**karrý**
**beikon**

Skerið fiskflakið í tvö eða þrjú stykki eftir stærð.

Stráið karrýi ofan á fiskstykkið og rúllið því upp eða leggið saman þannig að karrýið lendi inn í miðju fiskstykkinu. Vefjið tveimur beikonsneiðum utan um hvert fiskstykki og festið með tannstöngli. Steikið í olíu á pönnu eða í ofni við 200°C í 20 mínútur.


Beikonvafinn þorskur á grilluðum sætum kartöflum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gott er að bera sinnepssósu fram með þessum rétti ásamt grilluðum sætum kartöflum og fersku salati.

**SINNEPSSÓSA**

**1/2 ltr létt AB mjólk**
**1 msk. sætt sinnep**
**1 msk. dill**

Salt og pipar eftir smekk
Setjið hráefnið saman í skál og hrærið.

# Heilsubuff

ÁN MSG









GRÍMUR KOKKUR





*Gríms heilsubuffin fást í flestum matvöruverslunum.*
*Kælivara, tilbúin til matreiðslu og án MSG.*




**Philips 23PF4310**
23" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1280x768 punkta upplausn (VGA, SVGA, XGA, WXGA), Crystal Clear og Progressive Scan, HD Ready, Reflex, 500:1 skerpu, 20w Stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, Smart Picture og Smart Sound, Scart tengi (með RGB), SVHS og RCA tengjum, PC-inngangi (DVI-D), tengi fyrir heyrnatól, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi.

HD ready

TILBOÐ
**84.995**
FULLT VERÐ **109.995**




**Philips 26PF5321**
26" LCD HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn (VGA, SVGA, XGA), Digital Crystal Clear og Progressive Scan, 1200:1 skerpu, 20w stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, 2 Scart tengjum (með RGB),2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, PC í gegnum HDMI (styður VGA, SVGA og XGA) og textavarpi.

TILBOÐ
**109.995**
FULLT VERÐ **159.995**




**Philips 32PF7321**
32" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með Pixel Plus mynd-tækni, 1366x768 punkta upplausn, Dynamic Contrast og Progressive Scan, HD Ready, 3.200:1 skerpu, Anti Reflection og Active Control, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

HD ready
PIXEL PLUS 2 HD

TILBOÐ
**179.995**
FULLT VERÐ **229.995**




**Philips 32PF9631D**
32" LCD HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með Pixel Plus 2 HD myndtækni,1366x768 punkta upplausn, Clear LCD og Digital Natural Motion, HD Ready, 7.000:1 skerpu, Dynamic Contrast og Active Control, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, 2 coax (1 inn, 1 út) og USB tengi og textavarpi.

HD ready
PIXEL PLUS 2 HD

TILBOÐ
**259.995**
FULLT VERÐ **349.995**




**Philips 32PF5321**
32" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta (VGA, SVGA, XGA, WXGA) upplausn, 1600:1 skerpu, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, ljósskynjara og Active Control, AutoFormat/ 6 breiðtjaldsstillingum, 2x30w Nicam stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi og fjarstýringu.

TILBOÐ
**149.995**
FULLT VERÐ **179.995**

# FLATSKJÁDAGAR

## FRÁBÆR TILBOÐ




PIXEL PLUS

HD ready

**Philips 37PF7321**
37" LCD Pixel Plus BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Digital Noise Reduction og Progressive Scan, HD Ready, 3.200:1 skerpu, Anti Reflection og Active Control, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

TILBOÐ **249.995**
FULLT VERÐ **299.995**




PIXEL PLUS 2 HD

HD ready

ambi light

**Philips 37PF9631D**
37" LCD Pixel Plus 2 HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD myndtækni, Ambilight 2 bakljósi, Digital Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready skerpu, 6.000:1, ljósskynjara og Active Control, innbyggðum digital DVB-T móttakara, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi 2 coax (1 inn og 1 út) og textavarpi.

TILBOÐ **379.995**
FULLT VERÐ **449.995**




HD ready

**Philips 42PF5421**
42" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, HD Ready, 800:1skerpu, ljósskynjara og Active Control, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

TILBOÐ **279.995**
FULLT VERÐ **299.995**




PIXEL PLUS 2 HD

HD ready

ambi light

**Philips 50PF9966-10**
50" HD Plasma BREIÐTJALDSSJÓNVARP með Pixel Plus 2 myndtækni 1366x768 punkta upplausn og 10.000:1 skerpu, Ambilight bakljósi, Digital Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, ljósskynjara og Antireflex System, 2x30w Nicam stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, 3 Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, DVI-i Tengi (VGA, SVGA, XGA) og textavarpi.

TILBOÐ **379.995**
FULLT VERÐ **549.995**




**Philips 427PF5321**
42" ED Plasma SJÓNVARP með Digital Crystal Clear og Progressive Scan, 852x480 upplausn og 7.000:1 skerpu, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, HDTV Ready, Contrast Plus og Active Control, 2x30w Nicam stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

TILBOÐ **179.995**
FULLT VERÐ **239.995**

**Heimilistæki**
www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR



10 grunnreglur™
Heilsu- og matreiðslunámskeið í Heilsuhúsinu Lágmúla

10 grunnreglur™ fyrir konur yfir fertugt!
Ein kvöldstund 19. september eða 19. október kl. 19-22. Verð kr. 5.900

Meltingarvandamál og Candida sýking
20. september kl. 19-23. Verð kr. 6.900

Matreiðslunámskeið fyrir alla sem vilja búa til góðan og hollan mat!
21. september kl. 19-23. Verð kr. 6.900

10 grunnreglur™ fyrir byrjendur. Fræðslu- og matreiðslunámskeið
3. október kl. 19-23. Verð kr. 6.900

Grænmetis- og súpugerðarnámskeið Umahro
5. október kl. 19-22. Verð kr. 5.900

Endurnæring með alvöru mat og líkamsrækt
Breyttu um lífsstíl – allur pakkinn!
8. október 2006 til 8. janúar 2007. Verð kr. 85.000

Bólgur og gigt í vöðvum og liðum
18. október kl. 19-22. Verð kr. 5.900

Eftirréttir og nammi án viðbætts sykurs
2. nóvember kl. 19-22. Verð kr. 5.900

Bókun á námskeið fer fram í síma 692 8489 eða á namskeid@10grunnreglur.com

Frekari upplýsingar eru í Heilsuhúsinu eða á vefsíðunni www.10grunnreglur.com

heilsuhúsið
Skólavörðustíg - Kringlunni - Smáratorgi - Selfossi - Lágmúla



Plokkfiskur
hollur kostur á 5 mín.






SÆMUNDUR FRÓÐI

SÍMENNTUN Á SVIÐI MATVÆLAGREINA, FRAMLEIÐSLUGREINA OG FERÐAÞJÓNUSTUGREINA

Dagskrá á haustönn 2006

- Fæðuofnæmi og fæðuóþol
- Að njóta vína. Grunnnám um léttvín og vínfræði
- Verð framlegð og markaður
- Létt og gott í hádegi, matreiðsla að hætti Marentzu Poulsen
- Að laga gott expressokaffi. Námskeið í samvinnu við Te&kaffi
- Tölvunám
- Lífrænt og vistvænt
- Að segja sögu
- Skyndihjálp
- Þjónusta og samskipti
- Vinna með gesti
- Áhöld og tæki
- Gæði, öryggi og hollusta í kjötvinnslum
- Gæði, öryggi og hollusta í eldhúsum
- Gæði, öryggi og hollusta í matvælafyrirtækjum, framhald
- Þernur og þrif

Innritun í síma 590-6400

Upplýsingar í síma 590-6400, 594-4000,
sfrodi@sfrodi.is og www.sfrodi.is

IÐAN fræðslusetur
MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI




Úr kakóbaunum er unnið kakóduft og kakósmjör.

# Ekki er allt súkkulaði súkkulaði

**Óteljandi aðferðum er beitt til að ná fram réttu bragði og réttri áferð súkkulaðis. En hvað er súkkulaði? Ekki eru allir sammála.**

Súkkulaði er unnið úr baunum kakótrjáa. Vinnsla fer þannig fram að baunirnar eru látnar liggja og gerjast í 3-7 daga. Því næst eru þær þurrkaðar en passa verður upp á að það gerist áður en baunirnar mygla. Baunirnar eru svo ýmist ristaðar, pressaðar eða látnar hanga til að fá úr þeim kakóduft og kakósmjör, en bæði efnin eru lykilhráefnin í súkkulaðigerð.

Þær þrjár kakótrjátegundir sem mest eru notaðar í súkkulaðiframleiðslu eru Criollo, Forastero og Trinitario. Criollo er sjaldgæfasta afbrigðið en baunir þess eru langdýrastar. Súkkulaði unnið úr þeim er þekkt fyrir ríkt eftirbragð og þarf því engan að undra vinsældir þess. Forastero er aftur á móti mjög algengt og langflest kakótré í Afríku eru af þessum stofni. Trinitario er afrakstur náttúrulegrar blöndunar hinna tveggja tegundanna.

Þegar búa á til súkkulaði er innihaldið jafn mismunandi og tegundirnar eru margar. Í grunninn er súkkulaðibragðið sjálft fengið frá kakóduftinu og smjörinu en magn þess í súkkulaði er mjög mismunandi. Fínt dökkt súkkulaði inniheldur að minnsta kosti 70 prósent kakóduft og smjör. Í mjólkursúkkulaði er þetta hlutfall allt að 50 prósent en í hvítu súkkulaði rétt um 33 prósent. Fjöldaframleitt súkkulaði kemst ekki nálægt þessum hlutföllum en algeng tala er 7 prósent.



Súkkulaði er afar mismunandi eins og flestir hafa fengið að reyna.

Margir vilja meina að ekki sé um súkkulaði að ræða þegar hlutfallið er orðið svo lágt en dæmi hver fyrir sig. Sumir framleiðendur nota einnig gerviefni og flestir nota aðra feiti en kakósmjör í afurðir sínar. Einhverjar reglur gilda um hvað kallast megi súkkulaði og hvað ekki og til marks um hversu umdeildar þær eru deila menn grimmt innan Evrópusambandsins um þær.

Þegar búa á til alvöru súkkulaði er ferillinn allt annað en einfaldur. Til að byrja með er kakóið mulið ásamt sykri í sameindir sem eru svo smáar að bragðlaukarnir eiga í erfiðleikum með að greina þær. Þetta gefur súkkulaði mjúkt bragð. Því næst er kakóið og kakósmjörið hitað í 45° C til að bræða allar kristalsameindir sem myndast hafa í súkkulaðinu. Svo er það kælt í 27° til að mynda réttar kristalstærðir, og aftur hitað í 31° til að losna við síðustu óæskilegu kristalsameindirnar. Sé þetta gert rétt verður súkkulaðið stökkt og glansandi og bráðnar við líkamshita. Ekki er unnið með meira en 1,5 kíló af súkkulaði í einu en í stærri verksmiðjum á þetta auðvitað ekki við, enda súkkulaðið ekki eins gott.

Til að fá mismunandi áferð, bragð og útlit er ýmsum efnum bætt út í súkkulaðið. Algengustu bætiefnin eru auðvitað sykur, mjólk og vanilla en þar að auki koma ógrynnin öll af efnum til greina. Einnig er hægt að bregða út af bræðsluferlinu og leika sér með hitastigið.

Endalaust er hægt að leika sér með súkkulaðigerð. Kakóið, og þá einkum og sér í lagi kakósmjörið, er líka nýtt í margt fleira en súkkulaði, eins og snyrtivörur og lyf, og á stöðum þar sem kakótré eru ræktuð er kakó í öllu. Þar er hægt að fá kakóbrauð að maula áður en maður fær sér nautasteik með kakósósu og súkkulaðiís í eftirrétt.

*tryggvi@frettabladid.is*

# Er góða veislu gjöra skal

**Fyrirtækið Veislan, veisluþjónusta, hefur starfað síðan 1988. Veislan hefur mörgu fagfólki á að skipa sem vissulega kann sitt fag er góða veislu gjöra skal.**

Eigendurnir Veislunnar, veisluþjónustu eru fjórir; þau Ísak Þórður Runólfsson bakarameistari, Bjarni Óli Haraldsson matreiðslumeistari, Andrea Ásgeirsdóttir og Árný Davíðsdóttir. Saman baka þau, elda, reikna, bóka og plana svo úr verður hin besta veisla fyrir hvern kúnna. „Við bjóðum upp á heildarpakkann og útbúum veislu sem hentar hverjum og einum,“ segir Árný. „Stundum er aðeins óskað eftir snittum og smáréttum en svo vilja margir að við tökum alla veisluna að okkur. Í þeim tilfellum bjóðum við fólki til okkar á fund og finnum út í sameiningu hvernig veislan á að vera.“

**Tekurðu skyndiákvarðanir í fatakaupum?**
„Ég tek örsjaldan skyndiákvarðanir í fatakaupum en það hefur svo sem komið fyrir, eins og hjá flestum."

**Einhverjar venjur við innkaup?**
„Ég reyni að hafa það fyrir reglu að fá heimlán í einn dag hjá þeim verslunum sem selja dýrari fatnað. Annars reyni ég að halda mig við að kaupa sjaldan en vandað. Ef kaupgleðin grípur mig, og lítið um pening í buddunni, þá eru second-hand búðirnar ágætis ráð til að svala kaupfíkn fyrir ekki svo mikinn pening."



DÝRLEIF ÝR ÖRLYGSDÓTTIR
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## VISSIR ÞÚ ...

... að leikarinn Matthew McGroy, sem fer meðal annars með hlutverk í kvikmyndinni Big Fish (2003), er með stærstu fætur í heimi að fílaveikissjúklingum undanskildum? Hægri fótur hans er 44,45 cm að lengd frá hæl fram á tá en sá vinstri er 1,27 cm styttri.

... að bandaríski flugstjórinn Walter H. Mullikin hefur flogið manna hrað-ast yfir pólana? Hann flaug Boeing 747 SP þotu kringum hnöttinn um pólana á 54 klst., 7 mín. og 12 sek. (með eldsneytishléum) dagana 28.-31. október 1977. Ferðin hófst í San Francisco í Bandaríkjunum og lauk á sama stað.

... að Frakkinn Stéphane Gras á met í hífingum á klst? Hann hífði sjálfan sig upp með handleggjunum 445 sinnum á einum klukkutíma í Artix í Frakklandi 26. apríl 2004.

... að Bretinn Paul Martin hefur hrist flesta kokteila á einni klst? Hann hristi samtals 179 kokteila á klukku-stund á Pog-barnum í Lundúnum 23. nóvember 2004.

... að Kanadamaðurinn Norman Lee Craven hefur ræktað stærstu næpu í heimi? Þegar hún var vegin á Kon-unglegu vetrarlandbúnaðarsýning-unni í Ontario í Kanada 4. nóvember 2003 reyndist hún vera 3,8 kg.

... að fyrsti maðurinn til að skoða, mæla og skrásetja göngu reikistjörn-unnar Venusar fyrir sólina var Bretinn Jeremiah Horrocks? Hann fylgdist með atburðinum 24. nóvember 1639 í Lancashire á Bretlandi. Milljónir manna fylgdust með þegar Venus fór fyrir sólu 8. júní 2004.

... að Urengoy-jarðgaslindirnar í Síb-eríu eru þær stærstu sinnar tegund-ar? Þær voru uppgötvaðar árið 1966 en talið er að úr þeim megi vinna 8 biljón rúmmetra af gasi. Gas úr Urengoy-lindunum nemur rúmlega þriðjungi af árlegri gasframleiðslu Rússa.

... að útgjöld til hermála voru mest í Ísarel árið 2003? Framlög námu 95.323 krónur á hvern íbúa á því ári.

... að samkvæmt upplýsingahandbók CIA eru Íslendingar sú þjóð sem minnstum fjármunum ver til hernað-ar? Í desember 2003 hafði ekki ein króna verið sett í þennan málaflokk á árinu.

... að samkvæmt lista Forbes-fyrir-tækisins yfir laun 100 stórstjarna hafði Mel Gibson mestar tekjur karlleikara á árinu 2003 eða 13.650 miljónir?

... að samkvæmt sama lista var Cameron Diaz sú leikkona sem hafði mestar tekjur árið 2003 eða 2.145 miljónir króna?

... að Brother in Arms með hljóm-sveitinni Dire Straits var fyrsti geisladiskurinn sem seldist í yfir einni miljón eintaka, en hann kom út árið 1986?

... að Bandaríkjamaðurinn Brian Deegan hefur unnið til flestra verð-launa í mótorkrossi? Deegan, eða Metal Mulisha eins og hann er kall-aður, hefur unnið til níu verðlauna, þar af tvenna gullverðlauna, á ferli sínum á X-leikunum.




# Magnað þetta með Magna

## Viðbrögð

Bakþönkum svarað



VALUR GUNNARSSON

Þjóðin stendur nú saman sem aldrei fyrr. Og tilefnið er hvorki verndun hálendisins, andstaða við innrásina í Írak né stuðningur við bágstaddar mæður. Nei, hér um ræðir sigurganga Magna nokkurs í þættinum Rock Star:Supernova.

Á baksíðugrein Fréttablaðsins einn sunnudag fyrir stuttu gagnrýnir Davíð Þór Grapevine fyrir að hafa ekki gaman af flutningi Magna þessa, sem hefur verið „landi og þjóð til staks sóma“. Ekki þótti þó skylda að hafa gaman af hljómsveit hans, Á móti sól, meðan hún spilaði einungis fyrir okkur Íslendinga.

Vissulega var grein GV óþarflega harðorð, og virðist lítið þurfa til að blaðamaður missi trú á rokkinu jafnt sem á lífinu sjálfu. En samt sem áður virðist almennt viðhorf til Magna byggt á ákveðnum misskilningi. Rock Star:Supernova er ekki landsleikur.

„Strákurinn okkar“ er ekki að koma fram fyrir hönd lands og þjóðar. Og ekki myndi það skipta öllu máli þó svo væri. Rock Star er söngvarakeppni, og er það því huglægt mat hver af þátttakendum, ef nokkur, þyki skemmtilegur flytjandi. Því hlýtur hverjum að vera frjálst að hafa þá skoðun sem hann vill á flytjendum, hverrar þjóðar svo sem söngvarinn kann að vera.

### Björk, Sigur Rós, Magni

Öll þjóðin tók sig saman og kaus Magna, enda býður kerfið upp á það þar sem hver og einn hefur jafn mörg atkvæði og hann hefur tíma og nennu til að nýta. Ef sama kerfi væri haft í Evróvision myndum við líklega alltaf vinna, við stöndum með okkar mönnum, óháð persónulegum smekk.

Það er skiljanlegt að einn elsti maður Íslands, sem tekið var viðtal við í Kastljósinu um daginn, finni til þjóðarstolts þegar Magni birtist á skjánum, enda ólst sá líklega upp við kreppu og ástand á útnára Evrópu. En eftir Björk og Sigur Rós, Baltasar og Vesturport, Arnald og Yrsu, Jón Ásgeir og Björgólf er óþarfi að líta á það sem lið í sjálfsstæðisbaráttunni í hvert sinn sem tekið er mark á Íslendingi annars staðar en hér heima. Það er ekki nema eðlilegt að aðdáendur Magna greiði honum atkvæði sitt. En það er varla skylda allra að halda með honum.

### Söfnun fyrir rokkstjörnur

Undarlegust af öllu er þó sú viðleitni Spron að heita á Magna einni og hálfri milljón ef hann vinnur. Tilboðunum virðast hafa rignt yfir manninn undanfarið. Mögulega er hann sá íslenski tónlistarmaður sem minnst þarf á fjárstuðningi að halda. Og ekki fæ ég séð að þessi stuðningur auki sigurlíkur hans á nokkurn hátt. En ef sigur Magna er sigur okkar allra má svo sem búast við því að allir reyni að eigna sér hann og græða á honum, í þessu tilfelli mögulega með því að fá fleiri unglinga til viðskipta við bankann.

Að lokum vil ég óska öllum þátttakendum Rock Star góðs gengis, eða að minnsta kosti góðs flutnings, því ekki geta allir unnið.

*Höfundur er fyrrverandi ritstjóri Grapevine og rithöfundur.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Beittur hnífur Bjólfs

**Ingólfur Steinsson svarar gagnrýni um myndina Bjólfskviðu**

Ég fann til eftirvæntingar þegar ég settist niður til að horfa á mynd Vestur-Íslendingsins Sturlu Gunnarssonar, Bjólfskviðu. Hafði brotist í gegnum þetta 11. aldar kvæði í skóla og skynjað að þar töluðu menn hinna myrku miðalda enda talið að kvæðið hafi lifað í munnlegri frásögn allt frá 6. öld. Sagan sór sig í ætt við Fornaldarsögur Norðurlanda, Sigurð fáfnisbana og fleira í þeim dúr sem talist getur samgermanskur sagnasjóður. Strax á fyrstu mínútum myndarinnar fékk ég það á tilfinninguna að hér væri sögð eldforn hetjusaga á allsérstæðan hátt. Myndatakan var áhrifamikil, landslagið stórbrotið og íslenskt óveðrið léði myndinni yfirnáttúrulegan bjarma. En það var þó dýpt persónanna sem vakti mesta athygli mína.

Með nokkurri einföldun má segja að leikstjórinn taki söguna út úr ríki goðsagna og færi hana yfir í ríki náttúrunnar. Hjá Sturlu verður hetjan Bjólfur einkar mannleg og flókin persóna, hugsandi maður, fullur hjálpsemi og samúðar. Grendel hefur að sama skapi jafnt tröllslega sem mannlega eiginleika. Hann er ekki bara óvættur og hermdarverk hans eiga sér orsakir sem við eigum auðvelt með að skilja. Kóngurinn drykkfelldi og ráðalausi, Hróðgeir, virðist eiga skyldmenni í leikritum Shakespeares og nornin Selma er trú hinum heiðna arfi dulúðar og galdra.

Þessi mynd hafði fengið misjafnar móttökur, m.a. í Svíþjóð, og því voru væntingar mínar ekki mjög miklar. Þeim mun meiri varð ánægjan þegar ég áttaði mig á því að hér er á ferðinni fágætt listaverk. Þar fer saman gott handrit, frábær leikur, listræn myndataka og leikstjórn og svo tónlist Hilmars Arnar sem er hreint afbragð. Leikstjórinn hefur einkum nefnt tvær ástæður fyrir því að kvikmynda söguna um Bjólf: Í fyrsta lagi langaði hann að vinna með sagnasjóð víkinganna, forfeðra sinna, og gera myndina á Íslandi. Í öðru lagi þótti honum meginstef kvæðisins, óttinn sem liggur eins og mara á söguhetjunum, ríma vel við meginstef okkar tíma.

Þó að byggt sé á hinu forna hetjukvæði er hér á ferð nýsmíð í persónusköpun. Mér finnst persónurnar trúverðugar, maður upplifir mennsku þeirra. Meira að segja Grendel með sín tröllslegu læti vekur samúð þegar maður skynjar harminn á bak við gjörðir hans. Það eina sem truflaði mig var endurtekin notkun á orðinu „fucking“ í handriti. Mér er til efs að menn hafi notað þetta mikið á miðöldum. Þeir hafa áreiðanlega haft kjarnmeiri blótsyrði í fórum sínum. Líklega er verið að höfða til nútímamannsins með þessu merkingarsnauða orðskrípi sem tröllríður íslenskum unglingum nú um stundir. Hefði mátt missa sín.

Sá greinarstúfur sem birtist í Fréttablaðinu 2. sept. undir titlinum Deigur hnífur er að mati undirritaðs ekki gagnrýni heldur átakanleg smekkleysa sem afhjúpar vanmátt ungs manns til þess að njóta vel gerðrar myndar og skynja galdur fornsögunnar sem þar er spunninn. Það er ekki Fréttablaðinu til sóma að ata gott verk auri á þann hátt sem þar er gert. Mættu þeir líta til fjandvina sinna á Mogganum sem birtu faglega gagnrýni um Bjólfskviðu, gagnrýni sem mark er á takandi.





Gourmet Lamb
Grims Fiskibollur
25% afsláttur
1189 kr. kg
2400
Goða Gourmet lamba ofnsteik hvítlauk / basil
299 kr. kg
399
Gríms plokkfiskur og Fiskibollur
Myllu Fimmlagaterta
299 kr/stk
Maryland
Maryland kex 3 í pakka
235 kr/pk
20% afsláttur
Pickwick Te 7 teg.
Siesta
Siesta kaffi 400gr
249 kr/pk
Coke & Coke light
99 kr/Ltr
Coca-Cola
Stjörnusnakk 3 reg.
189 kr/pk
Góu tvenna
399 kr/stk
ÆDI BITAR
Virk Sam-keppni
SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN
SKEIFAN: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-18
BÍLDSHÖFÐI: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
HRINGBRAUT: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
BREIÐHOLT: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
NORÐURBRÚN: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
HVALEYRARBRAUT: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
MOSFELLSBÆR: Allir dagar 12-23
SELFOSS: virkir dagar 11-19, föstudagar 11-20, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
VESTMANNAEYJAR: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
ÞORLÁKSHÖFN: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað


KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
399 kr. kg
614
Goða grillborgarar
4 stk m/brauði
35% afsláttur
30% afsláttur
Goða naggar
Cordon Blue, Grísasnitsel
Kjötbollur
Krónan alltaf hagstæð!
Goða súpukjöt
299
kr/kg
Goða lambahjörtu
269
kr/kg
Goða lambalifur
279
kr/kg
Egils epla Cider
169
kr/2Ltr
Charmin salernisrúllur 24stk
1298
kr/pk
Myllu Brallarabrauð
99
kr/stk
Bláber BOX
229
kr/stk
Nektarínur 1kg
229
kr/askjan
MS létt drykkjarjógúrt
69
kr/stk
Banana
Jarðaberja
Stjörnuávextir
Alltaf tilboð alla daga

## Kjarni málsins

Árið 1998 dvöldu **2.743** börn í níu tíma eða lengur á dag á leikskóla

Árið 2002 dvöldu **4.703** börn í níu tíma eða lengur á dag á leikskóla

Árið 2005 dvöldu **5.594** börn í níu tíma eða lengur á dag á leikskóla



# menntun
*nám, fróðleikur og vísindi*

**KENNARINN:** ARNFRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR DÓSENT Í GUÐFRÆÐI

## *„Guðfræði er ekki úrelt“*

„Guðfræði snýst um að leita að merkingu lífsins,“ segir Arnfríður Guðmundsdóttir, dósent í guðfræði við Háskóla Íslands. Hún segir gildi námsins ekki hafa úrelst í heimi tækninnar. Þvert á móti kalli sá heimur á að manneskjan gefi sér tíma til að velta fyrir sér merkingu og tilgangi tilverunnar.

Hún segist ávallt hafa haft áhuga á kirkju og trúmálum og því hafi nám í guðfræði heillað hana. „Mér fannst það spennandi, ekki eingöngu vegna trúarlegs áhuga míns heldur vegna þess að það tengir svo mörg svið svo sem málanám, sögu, trúfræði, siðfræði og sálgæslu. Námið hefur þó breyst mikið en sem dæmi má nefna að aukinn áhugi hefur vaknað á öðrum trúarbrögðum en kristni og því að skoða hana í samhengi við þau. Sálgæsla hefur einnig orðið mun stærri þáttur. Hinn dæmigerði nemandi í guðfræði hefur líka breyst mikið frá því ég hóf



nám fyrir rúmum tuttugu árum. Tvítugir karlmenn sem einblína á embættispróf eru ekki lengur í meirihluta heldur eru um það bil 75 prósent nemandanna nú konur,“ segir Arnfríður en hún er eini kvenkyns kennarinn í hópi fastráðinna við deildina. Arnfríður hefur mikinn áhuga á þeirri umræðu sem skapast hefur á síðustu árum um kyn guðs. „Við tölum um guð í líkingum. Þegar við segjum að guð sé faðir erum við ekki að meina að hann sé það heldur að hann sé eins og. Líkingarnar sem aðallega hafa verið notaðar eru mjög karllægar því þannig hefur samfélag okkar verið. Við höfum samt sem áður fjölda kvenlegra líkinga við guð í Biblíunni,“ segir Arnfríður og nefnir sem dæmi að guð sé líkt við blíða móður. Notkun þessara líkinga telur hún þurfa að auka. „Guð er hvorki karl né kona og guðfræði úreldist aldrei því við leitum alltaf að merkingu lífsins.“

■ **Nýjar rannsóknir**

## Hnýðingum loks sýndur áhugi

Hnýðingur er fremur stór höfrungategund og sú langalgengasta sem finna má við strendur Íslands. Útbreiðslusvæði tegundarinnar er bundið við norðanvert Norður-Atlantshaf og hafa afar takmarkaðar rannsóknir verið gerðar á þessari tegund hér við land sem annars staðar. Úr þessu var þó að nokkru leyti bætt í sumar en þá voru vísindamenn frá Danmörku, Bandaríkjunum og Japan við rannsóknir hér við land í samstarfi við Gísla A. Víkingsson hvalasérfræðing á Hafrannsóknastofnuninni. Rannsóknir þessar, sem byggjast á veiðum á lifandi hnýðingum, eru hinar fyrstu sinnar tegundar í heiminum. Þær lúta annars vegar að hljóðnotkun og heyrn hnýðinga og hins vegar að ferðum og búsvæðanotkun. Fyrstu niðurstöður benda til að hnýðingur sé mjög hreyfanlegur, hafi mikla yfirferð og staldri ekki lengi við á hverju svæði.



■ **Grunnskólalög endurskoðuð?**

## Óskað eftir hugmyndum almennings



„Það sem við höfum að leiðarljósi er að málefni nemenda séu höfð í huga,“ segir Guðrún Ebba Ólafsdóttir, formaður nefndar sem menntamálaráðherra skipaði til að vinna að heildarendurskoðun laga um grunnskóla. Guðrún Ebba segir að frá því að nefndin var stofnuð um miðjan mars hafi mikið verk verið unnið og rætt við um hundrað hagsmunaaðila grunnskóla. Von sé á áfangaskýrslu í lok þessa mánaðar þar sem niðurstöðurnar úr samræðuferlinu verði dregnar saman en áður en það verður gert hefur nefndin óskað eftir tillögum frá almenningi. Fjölmörg málefni þurfi að kanna betur, til að mynda hvernig hag barna af erlendum uppruna sé best borgið innan skólakerfisins.

# Íslenska háskóla skortir aukið fjármagn

**Íslendingar verja hlutfallslega mestu fé í menntamál af öllum OECD-ríkjum. Útgjöldin eru þó hlutfallslega lítil til æðri menntunar en mikil til leik- og grunnskóla.**



**RÍKISREKNIR HÁSKÓLAR ÞURFA AUKIÐ FJÁRMAGN** Háskólastigið á Íslandi fær hlutfallslega lítið fé frá hinu opinbera miðað við önnur OECD-ríki.

Ísland er talsvert undir meðallagi hvað varðar útgjöld á nemanda í framhalds- og háskólum miðað við önnur OECD ríki. Þetta kemur fram í nýju riti frá OECD, Education at a Glance, OECD Indicators 2006, en þar má finna fjölda upplýsinga um menntun í hinum 30 aðildarríkjum stofnunarinnar auk þess sem litið er til 20 landa utan hennar. Útgjöld Íslendinga eru hlutfallslega fremur lítil þegar kemur að æðri menntun og hafnar Ísland í 19. sæti þegar kemur að framhaldsskólum og 21. þegar miðað er við útgjöld til háskóla. Aftur á móti breytist staðan töluvert þegar litið er til yngri nemenda en þar eru Íslendingar mjög ofarlega á lista eða í þriðja sæti þegar kemur að fjármunum sem varið er til menntunar í leikskólum, í sjötta sæti þegar kemur að barnaskólum og því tólfta á unglingastigi.

Í skýrslunni kemur einnig fram að Íslendingar verja hlutafallslega mestu fé í menntamál af öllum OECD-ríkjunum. Heildarútgjöld Íslendinga til menntamála námu 8 prósentum af þjóðarframleiðslu árið 2003 en meðaltal OECD-ríkja er 5,9 prósent.



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** Segir að opinská umræðu þurfi um skólagjöld.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segir að þessi munur skýrist að hluta til af því að hér sé skólaganga nemanda á Íslandi sé mun lengri en í flestum öðrum löndum OECD. Verið sé að leita leiða hvernig megi stytta nám í framhaldsskólum án þess að gæði þess og fjölbreytileiki skerðist. Umræður séu hafnar um niðurstöðurnar sem fengust við athugun OECD, þá sérstaklega stöðu háskólanámsins á Íslandi. Hún bendir á að mikið hafi áunnist í málum háskólanna á síðustu tveimur árum. Skammt sé liðið frá því að Íslendinga skorti háskólamenntað fólk en vel hafi tekist til við að fjölga þeim.

Í nýlegri úttekt OECD á íslenska háskólastiginu, eingöngu, var bent á að íslenskir háskólar þyrftu aukið fjármagn og að bæta þyrfti úr gæðamálum. Skýrsluhöfundarnir töldu að fjármögnunarleiðir þyrftu að verða meginviðfangsefni stefnumótunar fyrir æðri menntun hér á landi og beinlínis var lagt til að hér yrðu tekin upp skólagjöld í ríkisrekna háskóla. Höfundarnir tóku þó fram að hérlendis væri sú umræða mjög viðkvæmt pólitískt viðfangsefni.

Þorgerður tekur undir orð skýrsluhöfundanna og segir nauðsynlegt að opinská umræða um skólagjöld eigi sér stað hér á landi sem fyrst. Hún tekur þó skýrt fram að hún telji að ríkisvaldið eigi að halda áfram að auka fjárframlög sín til háskólanna. Ekki verði þó lengur skorast undan umræðu um fleiri fjármögnunarleiðir og vill hún að umhverfi háskólanna verði gert aðlaðandi fyrir fyrirtæki svo þau komi fremur inn með fé. Nefnir hún sem dæmi samkomulag sem Orkuveita Reykjavíkur gerði fyrir skömmu við íslensku háskólana um sjóð sem ætlað er að vera samstarfsvettvangur um umhverfis- og náttúrurannsóknir.

„Ég myndi ekki segja að ójöfnuður ríkti í útgjöldum til grunn- og háskólastigs en það er ljóst að málefni háskólanna þarf að athuga vel og er það starf í fullum gangi.“

**karen@frettabladid.is**

### ÚTGJÖLD TIL MENNTAMÁLA Á NEMANDA SEM HLUTFALL AF ÞJÓÐARFRAMLEIÐSLU ÁRIÐ 2003 (tölur í USD)




Fjöldi barna á leikskólastigi á íslandi árið 2003 var **16.685**, í grunnskóla (barna- og unglingastig) **44.809**, í framhaldsskólum **23.120** og á háskólastigi **15.477**.


LAGER-SALA!




Eftir sameiningu verslunarinnar **Í húsinu** við **Kokku** rýmum við til á lagernum.

Frábær tilboð á glervöru og postulíni, **30 - 70% afsláttur**. Glös, kertastjakar, bollar, vasar, skálar, dúkar, kerti, gjafavara, jólavara og allt á frábæru verði.
Aðeins opið um helgina.

**Opnunartími:**

| | | |
|---|---|---|
| Fimmtudagur | 14. september | kl. 14 - 20 |
| Föstudagur | 15. september | kl. 14 - 18 |
| Laugardagur | 16. september | kl. 10 - 18 |
| Sunnudagur | 17. september | kl. 13 - 17 |

**Köllunarklettsvegur 4**
**108 Reykjavík**
www.ihusinu.is

Í húsinu




# FRUMSÝND Á MORGUN

VESTURPORT í samstarfi við ARTBOX, KLIKK PRODUCTIONS og KÖGGULL KVIKMYNDAGERÐ kynnir
Kvikmynd eftir RAGNAR BRAGASON
Aðalhlutverk GÍSLI ÖRN GARÐARSSON, NÍNA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR, ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON ofl.
Framleiðendur GÍSLI ÖRN GARÐARSSON, HLYNUR KRISTJÁNSSON, INGVAR E.SIGURÐSSON, NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR,
NÍNA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR, ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON, RAGNAR BRAGASON og VÍKINGUR KRISTJÁNSSON Executive Producer KRISTÍN ÓLAFSDÓTTIR
Stjórn kvikmyndatöku BERGSTEINN BJÖRGÚLFSSON Klipping SVERRIR KRISTJÁNSSON
Tónlist PÉTUR ÞÓR BENEDIKTSSON Hljóðhönnun HULDAR FREYR ARNARSON
Handrit RAGNAR BRAGASON, GÍSLI ÖRN GARÐARSSON, NÍNA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR, ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON & LEIKHÓPURINN
Leikstjórn RAGNAR BRAGASON

Styrkt af KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS

Deloitte. DOLBY DIGITAL norden Nordisk Kulturfond KÖGGULL Eymundsson Coca-Cola

GRACE KELLY (1929-1982
LÉST ÞENNAN DAG

*Konan er máttarstólpi fjölskyldunnar.*

***Grace Kelly var ein skærasta stjarna Hollywood á sínum tíma og giftist seinna Rainer fursta af Mónakó.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 14. SEPTEMBER 1812

## *Pyrrosarsigur Napóleons*

Á þessum degi árið 1812 marseraði her Napóleons Frakklandskeisara inn í Moskvuborg, aðeins viku eftir sigur Frakka í blóðugum átökum við rússneska herinn við Borodino. Moskva hafði verið takmark innrásarinnar í Rússland. Þegar herinn gekk inn í borgina var hún hins vegar auð og yfirgefin, bæði af almenningi og hermönnum sem hörfuðu undan Napóleoni. Þar var því engan embættismann að finna sem gæti handsalað uppgjöf Rússa. Þá voru engar matarbirgðir í borginni og sársvangir og þreyttir hermenn Frakka fengu enga næringu eftir langa og stranga baráttu.



Stuttu eftir miðnætti hinn 14. september brutust út eldar um alla borg sem talið er að rússneskir þjóðernissinnar hafi kveikt. Útlitið var því svart fyrir hermenn Napóleons sem voru bæði illa klæddir og matarlitlir og því alls ekki í stakk búnir til að takast á við rússneska veturinn.

Herinn dvaldi í mánuð í borginni og beið eftir uppgjöf sem aldrei kom. Þá var ákveðið að herinn skyldi snúa heim. Napóleon sjálfur komst til Parísar 18. desember en her hans komst við illan leik frá Rússlandi í lok mánaðarins. Af þeim 420 þúsund hermönnum sem lögðu af stað til Rússlands komust aðeins tíu þúsund lífs af.

### MERKISATBURÐIR

**1741** Tónskáldið Georg Friedrich Händel lýkur við stórverkið Messías.

**1944** Marlene Dietrich, kvikmyndaleikkonan fræga, heldur sýningu í Trípólíbíóhúsinu í Reykjavík.

**1950** Flugvélin Geysir brotlendir á Bárðarbungu á Vatnajökli. Sex manna áhöfn kemst lífs af en flugvélin fannst ekki fyrr en fjórum dögum síðar.

**1982** Kristján Eldjárn, fyrrverandi forseti Íslands, andast.

**1982** Grace Kelly, prinsessa af Mónakó, lætur lífið eftir umferðarslys.

**1996** Vestfjarðagöng, milli Önundarfjarðar, Súgandafjarðar og Ísafjarðar, eru formlega opnuð.

**ÆÐRULEYSISMESSUR:** HEFJAST Á NÝ EFTIR SUMARIÐ

# Einkennast af gleði og von

Æðruleysismessurnar eru að hefja göngu sína í Dómkirkjunni eftir sumarið en þær hafa verið mjög vel sóttar á undanförnum árum. Séra Karl V. Matthíasson, áfengisvarnaprestur, heldur utan um messurnar í vetur og verður fyrsta æðruleysismessan nú á sunnudaginn. „Það eru liðin tíu ár frá því fyrsta æðruleysismessan var haldin hér á landi en hún var á Akureyri. Messurnar eiga sér sænska fyrirmynd og eru öðruvísi uppbyggðar en almennar guðsþjónustur auk þess sem þær eru með léttara sniði,“ segir Karl og bætir við: „Það sem er mest frábrugðið öðrum messum er að það kemur alltaf leikmaður og segir sögu sína í messunni. Þar talar hann út frá reynslu sinni í tengslum við að hætta í neyslu sjálfur, eða sem aðstandandi.“ Karl segir tónlistina einnig öðruvísi þar sem ekki sé orgel og kórsöngur heldur sé reiknað með að kirkjugestir syngi sjálfir undir stjórn tónlistarmanna en oft hafa verið fengnir landsþekktir tónlistarmenn í það hlutverk.

Hugmyndin á bak við æðruleysismessurnar er að koma til móts við þá einstaklinga sem hafa lifað umskipti á lífi sínu en messurnar einkennast af gleði og von. „Messurnar eru ekki eingöngu sóttar af þeim sem eiga við alkóhólisma að stríða. Margir koma einfaldlega af því þeim finnst gott að koma í kirkjuna og taka þátt í æðruleysismessunum,“ segir Karl en hann segir fólk almennt mjög ánægt með messurnar.

**sigridurh@frettabladid.is**



**ÁFENGISVARNAPRESTUR** Séra Karl V. Matthíasson heldur utan um æðruleysismessurnar í Dómkirkjunni en fyrsta messan eftir sumarið verður næstkomandi sunnudagskvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



†

*Faðir okkar*

**Björgvin Ólafsson**

prentari, áður til heimilis að Grænumörk 3, Selfossi,

lést á Kumbaravogi sunnudaginn 10. september.
Jarðarför auglýst síðar.

**Dætur hins látna.**

†



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu*

**Sóleyjar Kristinsdóttur**

Dalbraut 27, Reykjavík.

**María Anna Þorsteinsdóttir** **Rúnar E. Indriðason**
**Kristinn E. Pétursson** **Björk Þórarinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†

*Ástkær sambýlismaður minn, faðir og fósturfaðir,*

**Hallgrímur Einar Aðalsteinsson**

frá Húsavík, Efri tungu, Örlygshöfn,

sem lést í Landspítalanum Fossvogi 31. ágúst sl. verður jarðsunginn frá Sauðlauksdalskirkju laugardaginn 16. september kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag íslands.

**Emma Kristjánsdóttir**
**Marinó Thorlacius**
**Anna K. Hallgrímsdóttir**
**Elva Hallgrímsdóttir**
**Auður Hallgrímsdóttir**
**Guðrún M. Guðmundsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**





†

*Yndislega dóttir okkar og barnabarn*

**Bryndís Eva Hjörleifsdóttir**

Heiðarbóli 10, Keflavík,

lést á Barnaspítala Hringsins miðvikudaginn 6. september. Útför verður gerð frá Keflavíkurkirkju mánudaginn 18. september kl. 12.00.

**Bergþóra Ólöf Björnsdóttir** **Hjörleifur Már Jóhannsson**
**Björn Viðar Björnsson** **Birna Oddný Björnsdóttir**
**Jóhann Guðnason** **Sóley Vaka Hjörleifsdóttir**
**Hjörleifur Örn Gunnarsson.**

**Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð, en þeim sem vildu minnast Bryndísar Evu er bent á Barnaspítala Hringsins.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Lúter Kristjánsson**

tónlistarmaður, Eyjabakka 5, Reykjavík,

varð bráðkvaddur föstudaginn 8. september.
Útförin fer fram frá Landholtskirkju þriðjudaginn 19. september kl. 13.

**Kolbrún Kristín Ólafsdóttir** **Pétur Jökull Hákonarson**
**Kristján Björn Ólafsson** **Pála Kristín Ólafsdóttir**
**Erna Ólína Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,*

**Rannveig Eiðsdóttir**

Borgarhóli, Svalbarðseyri,

andaðist að kvöldi 11. september. Jarðarförin auglýst síðar.

**Karl Á. Gunnlaugsson** **Oktavía Jóhannesdóttir**
**Birna Gunnlaugsdóttir** **Stefán Einarsson**
**Hreinn Gunnlaugsson** **Elsa Valdimarsdóttir**
**Eiður Gunnlaugsson** **Sigríður Sigtryggsdóttir**
**Hildur Eiðsdóttir**
**Eiður Eiðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



## Sjötugsafmæli

**Paul B. Hansen**

tæknifræðingur

verður sjötugur sunnudaginn 17. september nk. Í tilefni þess býður hann ættingjum, vinum og starfsfélögum til fagnaðar í Hlégarði kl. 17.00-19.00, gjafir afþakkaðar.


SÓLSTEINAR

☆ Gæði
☆ Þjónusta
☆ Gott verð
☆ Úrval
☆ Fagmennska



Kársnesbraut 98 | Kópavogur | S: 564 4566
www.solsteinar.is | sol@solsteinar.is

LEGSTEINAR
OG FYLGIHLUTIR
Í MIKLU ÚRVALI



Steinsmiðjan MOSAIK
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is

Sjón er sögu ríkari...!

# Útsala

## Komdu og gerðu frábær kaup...

# LOKADAGAR

Sófasett, stakir sófar, hornsófar, svefnsófar, borðstofusett, hvíldarstólar, skenkar, stakir stólar, o.fl.o.fl...



Úrval af borðstofuhúsgögnum



Verðdæmi:
Vandaður leðurtungusófi
Verð nú kr. 79.000.-



Verðdæmi: Vandaðir borðstofustólar með leðri/fætur: krisub.,hnota, svart
Verð áður kr. 16.500.-
Verð nú kr. 12.900.-

Verðdæmi: Vandaðir borðstofustólar með slitsterku ákl./ljósir fætur
Verð áður kr. 15.900.-
Verð nú kr. 10.000.-

Vandaður slökunarsófi með skemlum



Verð áður kr.149.000
Verð nú kr.119.000.-

NÝ SENDING

Nettur og þægilegur leðurhvíldarstóll m/skemmli





Leður eða áklæði



Verðdæmi: Sófasett 3+1+1
Verð áður kr. 198.000.-
Verð nú kr. 99.000.-



Verðdæmi: Mjög vandað sófasett 3+1+1 með þykku nautaleðri
Verð áður kr. 321.000.-
Verð nú kr. 221.000.-



NÝ SENDING

Mjög vandaður hornsófi m/tungu og 2 skemmlum
Sterku áklæði sem auðvelt er að þrífa
2 stærðir fáanlegar

Opið Virka daga kl.10-18
Laugard. kl.11-16

**Val húsgögn**
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ▪ 568-5375

www.valhusgogn.is Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar - Þetta verður þú að prófa!






## STUÐ MILLI STRÍÐA Blautur glæpamaður

**KRISTJÁN HJÁLMARSSON** Á ERFITT MEÐ AÐ AÐLAGAST NÝRRI TÆKNI



Háskólaganga mín hófst aðeins seinna en venja er, fyrir tæpum tíu árum eða svo, en nú sér loks fyrir endann á henni.

Þær breytingar sem orðið hafa á skólanum á þessum tíma eru töluverðar, sérstaklega hvað varðar tölvur. Kennarar nota til dæmis ekki lengur gömlu góðu glærurnar heldur varpa á vegg misfallegum „powerpoint sjóvum“ sem nemendur geta svo sótt á þar til gert heimasvæði.

Nemendur hafa heldur ekki farið varhluta af tölvutækninni því þriðjungur þeirra, samkvæmt óformlegri rannsókn minni, slær glósurnar beint inn í fartölvur. Sumir ganga jafnvel svo langt að birta þær á netinu jafnóðum og þeir skrifa.

Vissulega eru ýmsir kostir og gallar sem fylgja svona breytingum og flestir nemendur hafa aðlagast þeim furðu fljótt. Annað gildir hins vegar um gamlan hund eins og mig. Eftir aðeins þrjár vikur í skóla er ég orðinn ein taugahrúga. Ég missi iðulega af mikilvægum tilkynningum af því að ég gleymi að kíkja inn á þar til gerða heimasvæðið, sem er þar að auki eins og illa skipulagt völundarhús.

Heimasvæðið er þó ekki það versta því hinn eilífi sláttur nemenda á lyklaborð fartölvanna er gjörsamlega að gera út af við mig. Í fyrstu áttaði ég mig ekki á því hvaða hljóð þetta væri, hélt að þakið á sal þrjú í Háskólabíói læki og ég ætti eftir að koma blautur út úr tíma. Eftir að ég áttaði mig á því hvaðan hljóðið kom fannst mér hins vegar eins og ég sæti sem glæpamaður fyrir rétti þar sem hraðritari skrifaði allt niður sem þar kom fram, hvort sem það væri rétt eða rangt.

Ef fram fer sem horfir mun illa fara fyrir skólagöngu minni. Ég verð búinn að naga upp alla gulu blýantana mína áður en september er úti og þá taka illa skrifuðu glósurnar mínar við. Það er nefnilega ekkert grín að líða eins og rennandi blautum manni sem framdi þann glæp einn að skussast í skóla og missa af því þegar tölvan hélt innreið sína þangað inn.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





JACK NICHOLSON Leikarinn var lagður inn á spítala á dögunum og eru sögusagnir á kreiki í Hollywood þess efnis að hann sé veikari en gefið er uppi í fjölmiðlum.

# Lagður inn

Leikarinn góðkunni Jack Nicholson var lagður inn á spítala fyrir stuttu vegna óþekktrar vírussýkingar. Stjarnan hefur áður verið lögð inn vegna óþekktrar sýkingar og ýtir þetta undir orðróm þess efnis að Nicholson sé með alvarlegan sjúkdóm. Talsmaður leikarans, Sandy Basler, segist ekki ræða einkalíf Nicholsons við fjölmiðla og vill því ekki ræða um sjúkdóminn við fjölmiðla.

Jack Nicholson hefur nýlokið við að leika í nýjustu mynd Martins Scorsese sem nefnist „The Departed“ og ekki er víst hvort hann kynni myndina ásamt meðleikurum sínum vegna veikindanna.

# Ringulreið á tökustað

**Það braust út mikil ringulreið meðal íbúa í blokk í Róm á Ítalíu þar sem verið var að taka upp auglýsingu með leikkonunni Nicole Kidman. Íbúarnir heimtuðu að fá meiri laun fyrir að lána kvikmyndatökuliðinu húsakynni sín og mótmæltu svo harkalega að stöðva þurfti tökur í nokkra klukkutíma.**



NICOLE KIDMAN

**Íbúarnir fengu að lokum fjórfalt þá upphæð sem samið hafði verið um eða rúmar tvær og hálfa milljón íslenskra króna og gat Kidman því haldið áfram tökum í sátt og samlyndi við íbúa hússins.**



VICTORIA BECKHAM Segir að Tom Cruise sé ekki skrítinn og að Holmes sé mjög jarðbundin manneskja. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

# Ver Cruise og Holmes

Stjörnurnar í Hollywood virðast flestar kenna í brjóst um aumingjans Tom Cruise og spúsu hans Katie Holmes og keppast nú um að koma fram í fjölmiðlum til að hrósa Cruise. Nú hefur fótboltafrúin og fyrrverandi kryddstúlkan Victoria Beckham bæst í hópinn og tekið upp hanskann fyrir parið. Þegar Beckham var stödd í Feneyjum nýverið til að kynna ilmvatnið sitt þá snerust flestar spurningar blaðamanna um meintan vinskap Beckham hjónanna við Cruise og Holmes. „Fólk segir að Cruise sé skrítinn en hann er mjög almennilegur náungi og Holmes er fín stelpa og ein jarðbundnasta leikkona sem ég hef hitt.“

# Seinasta partíið

Fjórða og seinasta nætís-partíið með Curver og hinni bresku Kiki-Ow í bili verður haldið á laugardagskvöld.

Curver er að fara í tónleikaferð um Bandaríkin með Ghostigital og að vinna að myndlistarverkefnum og Kiki-Ow að einbeita sér að tónlistarsköpun sinni.

Frábær stemning hefur myndast á kvöldunum, sem eru haldin á Bar 11, og hefur fólk dansað fram á rauða nótt. „Þetta er búið að ganga rosalega vel og alltaf verið brjáluð stemning. Okkur þykir rosalega gaman að því hvað þetta er búið að hafa mikil áhrif. Bæði FM 957 og Kiss FM eru að spila næntís-músík á fullu og fólk tekur vel í þetta,“ segir Curver. „Fólk sem hefur komið á þessi kvöld hefur skemmt sér geðveikt vel og það er alveg magnað hvað þetta hefur verið mikil sprengja.“

Partíið á Bar 11 byrjar á miðnætti og er ókeypis inn.



CURVER OG KIKI-OW Seinasta 90´s partíið þeirra verður haldið á laugardagskvöld.

# Bono enn sviðshræddur

Söngvari hljómsveitarinnar góðkunnu U2, Bono, hefur nú viðurkennt að hann þjáist af sviðshræðslu. Þetta kemur sér ekki vel fyrir Bono þar sem hann er einn af vinsælustu tónlistarmönnum heims. „Morguninn fyrir tónleika er ég alltaf mjög stressaður og stundum er ég það slæmur að ég kasta upp,“ segir Bono í viðtali við tímaritið Harper´s Bazaar. Söngvarinn segir einnig að allir tónlistarmenn þjáist af einhverskonar óöryggi vegna mikillar pressu frá aðdáendum.



BONO Viðurkennir að hann kasti stundum upp fyrir tónleika vegna sviðsskrekks.


REYKJAVIK JAZZ

Stórtónleikar
Kurt Elling
ásamt Laurence Hobgood Trio
Háskólabíó 30.september

*Kurt Elling var nýlega kosinn “Male Vocalist of the year” af gagnrýnendum Downbeat*

Fyrir tónleika Kurt Elling leikur
**Eyjólfur Þorleifs/Andrés Þór kvartett**
Kvartettinn skipa þeir Eyjólfur Þorleifs, Andrés Þór Þorgrímur Jónsson og Einar Valur Scheving

Miðasala hefst 14.sept.:
www.midi.is
verslunum Skífunnar og BT úti á landi.

**Allar nánari upplýsingar um þessa tónleika og aðra viðburði á Jazzhátíð Reykjavíkur 2006 er að finna á**
**www.jazz.is**



"Hugely talented."
THE NEW YORK TIMES

"Elling is arguably the most interesting and innovative jazz singer to come along in years."
ARTIE SHAW

"The most flamboyantly creative male jazz singer to emerge in the last decade."
S.F. CHRONICLE

"...In an era when bona fide jazz singers are in perilously short supply...Elling seems hellbent on rewriting the definition of what jazz singing is all about."
CHICAGO TRIBUNE

"A musical phenomenon."
THE GUARDIAN (UK)

"Elling freestyles over complex jazz compositions with the ease of butter over hot corn...Elling is a vocal experience."
HITS!

"(possibly) the greatest jazz singer of all time."
JAZZ REVIEW (UK)

"Elling is a cool breeze in the desert of male jazz singers. Elling sings, scats, does vocalese, tells stories and reads poetry in a baritone voice that bounces from sweet to tangy."
PHILADELPHIA DAILY NEWS

GLITNIR
olís
VISA


Lífrænt
& hollt...
NÓATÚN
...í Nóatúni!
Móðir náttúra
hollusta í erli dagsins!
Earth friendly
vistvænar hreinlætisvörur
Eden Organic
Rye Spirals
Saffron Ribbons
Hodgson Mill
Whole Roma Tomatoes
Pizza-Pasta Sauce
Black Beans
Apple Sauce
Organic Edensoy Extra
Organic Edensoy
Yellow Mustard
Cannellini Beans
Couscous
Spínatbuff
Kjúklingabaunabuff
Sólskinssósa
Hummus
Dishmate
OXO Brite
ECOS
Orange Plus

...mmm **NÓATÚN** -hljómar vel!

# Ljúffengar kræsingar!

## Heitt með Heim

### Pönnuréttur dagsins!

### Nautagúllas í sósu
+ hrísgrjón og 0,5 l gos

Fljótlegir og hollir réttir í hádeginu eða á kvöldin, heitt með heim.

Ýmsir heilsu- kjöt- fiski- núðlu- eða pastaréttir ásamt meðlæti í pönnunum á hverjum degi.







**GRÍSABÓGUR**
HRINGSKORINN
**499** kr. kg

*Þú færð úrvals hráefni og framúrskarandi þjónustu í kjötborði Nóatúns!*




ALI BJÚGU **389** kr. kg.

ALI MEDISTERPYLSA **389** kr. kg.




UNGNAUTAGÚLLAS
Í VILLISVEPPASÓSU **1.498** kr. kg.




RAUÐSPRETTUFLÖK
ÚR FISKBORÐI **799** kr. kg.

## ABT-mjólk







## Nýjung í örbylgjumat!
Umbúðir með gufuventli




*Verði ykkur að góðu!*

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið fyrir alla!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00
ELDHÚS EFTIR MÁLI eftir Völu Þórsdóttur byggt á sögum Svövu Jakobsdóttur.
Sun. 17/9 örfá sæti laus, fös. 22/9. lau. 23/9. Aðeins fáar sýningar í haust.
FAGNAÐUR eftir Harold Pinter.
Sun. 24/9 kl. 21:00 örfá sæti laus, sun. 1/10 kl. 21:00. Aðeins fáar sýningar í haust.
SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Frumsýning fös. 29/9 kl. 20:00 uppselt, lau. 30/9 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 1/10 kl. 14:00, fös. 6/10 kl. 20:00, lau. 7/10 kl. 14:00, sun. 8/10 kl. 14:00, lau. 14/10 kl. 14:00, sun. 15/10 kl. 14:00.
KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fös. 15/9 uppselt, lau. 16/9 uppselt, sun. 17/9 uppselt, fim. 21/9 örfá sæti laus, fös. 22/9 örfá sæti laus, lau. 23/9 uppselt, lau. 30/9 uppselt, sun. 1/10 kl. 17:00. fim. 5/10 kl. 20:00, fös. 6/10 kl. 20:00, lau. 7/10 kl. 20:00.
SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00
SUMARDAGUR eftir Jon Fosse.
Fös. 15/9 örfá sæti laus, lau. 16/9, fim. 21/9, sun. 24/9.
Leikhúskjallarinn er opinn fyrir og eftir sýningar.
Nánari upplýsingar og borðapantanir í síma 585 1295.
KORTASALAN ER HAFIN! ÁSKRIFTARKORT OG OPIN KORT!
MIÐASALA Á NETINU: WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN KL. 12:30-18:00 MÁN.– ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551-1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

AUSTURBÆR


AFGANGAR
Fim. 14. sept. kl. 21.00 Örfá sæti laus
Fös. 15. sept. kl. 21.00 Örfá sæti laus
Fim. 21. sept. kl. 21.00
HAFIÐ BLÁA Fékk áhorfendaverðlaun grímunar 2006.
Sun. 17. sept. kl. 13.30 sæti laus
DREKASKÓGUR
Lau. 16. sept. kl. 14.00 miðaverð kr. 800 sæti laus
Miðasala Austurbæjar opinn 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

GLEÐILEGT NÝTT LEIKÁR!
RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 24/9 kl. 14 Lau 30/9 kl. 14
Sun 1/10 kl. 14 Sun 8/10 kl. 14
VILTU FINNA MILLJÓN?
Sun 24/9 kl. 20 Lau 30/9 kl. 20
Fös 6/10 kl. 20 Sun 15/10 kl. 20
FOOTLOOSE
Fös 22/9 kl. 20 Lau 23/9 kl. 20
Fim 28/9 kl. 20 Fös 29/9 kl. 20
ALLIR Í LEIKHÚSIÐ
Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd með forráðamönnum.
Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is
ÞAÐ BORGAR SIG AÐ GERAST ÁSKRIFANDI
Áskriftarkort á 5 sýningar á 9.900.
Þeir sem gerast áskrifendur fyrir 20.sept. fá gjafakort í Borgarleikhúsið í kaupbæti.
Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is
PINA BAUSCH
LOKSINS Á ÍSLANDI!
Dansleikhúsið frá Wuppertal undir stjórn Pinu Bausch verður með 4 sýningar á verkinu Água í Borgarleikhúsinu.
Sun 17/9 kl. 20 UPPS.
Mán 18/9 kl. 20
Þri 19/9 kl. 20
Mið 20/9 kl. 20
Aðeins þessar 4 sýningar.
Miðaverð 4.900. MIÐASALA HAFIN.
MEIN KAMPF
Lau 23/9 frumsýning UPPS.
Mið 27/9 kl. 20 UPPS.
Fös 29/9 kl. 20
MIÐASALA HAFIN.
ÁSKRIFTARKORT
Endurnýjun áskrftarkorta stendur yfir!
Mein Kampf e. George Tabori
Amadeus e. Peter Shaffer
Fagra veröld e. Anthony Neilson
Dagur vonar e. Birgi Sigurðsson
Söngleikurinn Grettir e. Ólaf Hauk Símonarson, Þórarinn Eldjárn og Egil Ólafsson.
Lík í óskilum e. Anthony Neilson
Ronja ræningjadóttir e. Astrid Lindgren
Viltu finna milljón? e. Ray Cooney.
Belgíska Kongó e. Braga Ólafsson
Íslenski dansflokkurinn
og margt, margt fleira.
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

**Kl. 19.00**

*Tónleikar með yfirskriftinni „Reykjanes rokkar" verða haldnir í Þjóðleikhúskjallaranum. Þrjár kynslóðir tónlistarmanna úr Reykjanesbæ og nágrenni leggja málefninu lið og rokka fyrir Reykjanes í sátt við umhverfið; listafólkið Deep Jimi and the Zep Creams, Heiða og heiðingjarnir, Rúnar Júlíusson, Æla, Koja, Tommy Gun og Victory or Death. Dagskráin verður síðan endurtekin í Frumleikhúsinu annað kvöld á sama tíma.*



## > Dagar taldir

Haustið er hátíðlegur tími og eftir **13 daga** hefst djasshátíð í Reykjavík, eftir **24 daga** byrja Norrænir músíkdagar og eftir aðeins **34 daga** skellur Iceland Airwaves á. Því ætti enginn að þurfa að láta sér leiðast til lengdar.

# menning

menning@frettabladid.is

# Til minningar um merkan mann

Minningartónleikar um söngstjórann og organistann Geirlaug K. Árnason verða haldnir í Vinaminni á Akranesi í kvöld kl. 20. Geirlaugur hefði orðið 80 ára á þessu ári, en hann lést árið 1981 aðeins 54 ára að aldri. Geirlaugur var um árabil mikilvirkur í sönglífi Akraness og stjórnaði meðal annars Karlakórnum Svönum. Síðar var hann organisti í Árbæjarkirkju í Reykjavík.

Á tónleikunum munu afkomendur hans syngja, meðal annars söngkonurnar Laufey G. Geirlaugsdóttir og systurnar Erla Björg og Rannveig Káradætur, en þær eru báðar í söngnámi, Rannveig í Reykjavík en Erla Björg í framhaldsnámi í Salzburg. Píanóleikari verður Árni Heiðar Karlsson. Dagskrá tónleikanna verður fjölbreytt með tilheyrandi einsöng, tvísöng, flautuleik og kórsöng.



**MEÐ SÖNGINN Í BLÓÐINU** Laufey Geirlaugsdóttir, Erla Björg og Rannveig Káradætur syngja á minningartónleikum í Vinaminni í kvöld.

Stofnaður hefur verið minningarsjóður í minningu Geirlaugs til styrktar ungu og efnilegu tónlistarfólki á Akranesi og rennur aðgangseyrir tónleikanna í sjóðinn.

# Reflar og kirkjugripir

Sérsýning á útsaumuðu handverki kvenna var opnuð í Bogasal Þjóðminjasafns Íslands um síðustu helgi en yfirskrift hennar er „Með silfurbjarta nál – spor miðalda í íslenskum myndsaumi". Sýningin byggir á niðurstöðum Elsu E. Guðjónsson textíl- og búningafræðings sem lengi starfaði við Þjóðminjasafnið en hún gerði rannsóknir á íslenska refilsaumnum og textíl hvers konar að ævistarfi sínu.



**ÍSLENSKAR HANNYRÐIR**

Refilsaumur dregur nafn sitt af reflum, aflöngum og mjóum veggtjöldum sem menn á miðöldum notuðu til að tjalda innan híbýli manna og kirkjur.

Veggtjöld voru bæði notuð í kirkjum og venjulegum híbýlum og á sýningunni er hluti úr eina íslenska reflinum sem varðveist hefur, veggtjöld frá 17. og 18. öld, altarisklæði og kirkjugripir á borð við korpóralshús, hökul og altarisbrúnir. Myndefni útsaumsins er fjölbreytt, meðal annars sótt í biblíuna og sögur helgra manna en einnig í kynjadýraveröld fyrri alda. Sýningin stendur í hálft ár og í tengslum við hana mun Þjóðminjasafnið gefa út veglega bók eftir Elsu, grundvallarrit um íslenska refilsauminn. Sýningarstjóri er Lilja Árnadóttir. **- khh**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

11 12 13 **14** 15 16 17

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

20.00 Djasshljómsveit **Eyjólfs Þorleifssonar** heldur tónleika í **TÍBRÁR tónleikaröðinni** í **Salnum** í **Kópavogi** og flytur tónlist eftir Eyjólf. Sveitina skipa auk forsprakkans sem leikur á tenórsaxófónn þau **Hildur Guðný Þórhallsdóttir**, söngur, **Sigtryggur Baldursson**, slagverk og söngur, **Helgi Svavar Helgason**, trommur, **Davíð Þór Jónsson**, píanó, Rhodes og Hammond orgel, **Ómar Guðjónsson**, gítar, **Snorri Sigurðarson**, trompet og flugelhorn og **Tómas R. Einarsson,** kontrabassi.

### FYRIRLESTRAR

11.30 Þýski myndlistarmaðurinn **Tilo Baumgärtel** heldur fyrirlestur og kynnir verk sín í **Opna listaháskólanum** í fyrirlestrasal **Listaháskóla Íslands** í Laugarnesi 1. Sýning **Tilo Baumgärtel** og **Martin Kobe** opnar í Safni næstkomandi laugardag og verður opin til 5. nóvember.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Djass og blús

Söngkonan Kristjana Stefáns treður upp á skemmtistaðnum Oliver við Laugaveg í kvöld ásamt hljómsveit sinni og syngur hugljúfan djass og blús í bland við hressandi fönktónlist.



**KRISTJANA STEFÁNSDÓTTIR**

Sveitina skipa Kári Árnason trommuleikari, Andrés Þór Gunnlaugsson gítarleikari, Helgi Egilsson bassaleikari og Kristján Marteinsson píanóleikari. Fjörið stendur til kl. eitt en hópurinn mun endurtaka leikinn síðar í mánuðinum. **- khh**






10%
vaxtaauki!

spron
www.spron.is

# Endurnýjun þjóðlagaarfs

**Hljómdiskurinn Fagurt er í Fjörðum hefur rúmlega tuttugu íslensk þjóðlög í nýjum útsetningum. Diskurinn kom út á dögunum en þar hljóma fjörugir dansar, drykkjukvæði, eldheit ástarljóð og innileg trúarkvæði.**



**ÞJÓÐLAGAVINIR** Gerður Bolladóttir, Hlín Erlendsdóttir og Sophie Schoonjans flytja tímamótaútsetningar á íslenskum þjóðlögum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gerður Bolladóttir sópransöngkona útskýrir að markmiðið hafi verið að færa þjóðlögin nær upprunа sínum og nær almenningi um leið. „Við gerum það með nýjum útsetningum en flutningi í gömlum stíl. Þessi lög hafa jafnan verið flutt með píanóundirleik en ég vildi fá eldri og upprunalegri hljóðfæri að þessu sinni.“ Undirleik á diskinum annast Hlín Erlendsdóttir fiðluleikari og Sophie Schoonjans hörpuleikari og Gerður útskýrir að bæði hljóðfærin eigi sér langa sögu hérlendis. Talað sé um að Jón Ögmundsson biskup, sem uppi var á elleftu öld, hafi leikið á hörpu svo hún verði að teljast upprunalegt hljóðfæri. Þess sé einnig getið í ritum Bjarna Þorsteinssonar að fiðlur hafi þekkst hér á landi árið 1775 en hann heldur því fram að fiðlan sé eldri en langspilið. Þessi samsetning gerir diskinn mjög sérstæðan en útsetningarnar eru bæði nýjar og aðlagaðar. Fyrri hluti disksins er helgaður útsetningum Ferdinands Rauter á veraldlegum þjóðlögum sem nú eru leiknar á hörpu í stað píanós. Á hinum hlutanum eru nýjar útsetningar tónskáldsins Önnu Þorvaldsdóttur á trúarlegum þjóðlögum þar sem leikið er með á fiðlu. Lögin eru úr ýmsum áttum en Gerður útskýrir að þau spanni hálfrar aldar tímabil, frá Eysteini munki til Jónasar Hallgrímssonar.

Að sögn Gerðar eru þær stöllur allar miklir þjóðlagavinir. „Þær Hlín og Sophie hugsa mikið um ljóðin og textana en það er alls ekkert gefið að meðleikarar hugi mikið að því.“ Gerður kveðst alin upp við þjóðlagatónlist og henni verður að sögn oft hugsað til bernskuslóða sinna í Laufási við Eyjafjörð þegar lögin hljóma. „Ég ólst upp við söng og mörg þessara laga standa mér nærri því þau eru samin á þeim slóðum. Síðan ég lauk námi í óperusöng hef ég mest fengist við að syngja ljóða- og kirkjutónlist en mér finnst gaman þegar hægt er að blanda saman gömlu og nýju,“ segir hún og áréttar mikilvægi þess að þjóðlögin fái reglulega endurnýjun svo þau megi lifa lengur meðal fólks.

Upptökustjórn var í höndum píanóleikarans Ólafs Elíassonar en formála disksins skrifaði Andri Snær Magnason. Útgáfutónleikar verða haldnir í Dómkirkjunni næstkomandi laugardag kl. 16. Þar mun sr. Bolli Pétur Bollason, bróðir Gerðar, lesa stutt formálsorð að lögunum sem Gerður og eiginmaður hennar Ásgeir Jónsson tóku saman. - khh




**HÉR KENNIR ÝMISSA GRASA** Nýjar útsetningar með upprunalegri hljóðfærum.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 6657
„ÉG ER HJARTASJÚKUR NEFAPI.“
VILTU FINNA MILLJÓN?
EFTIR RAY COONEY
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhusid.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 6657
„ÞEGAR MOZART ER Í FÝLU ÞÁ FLENGI ÉG HANN.“
AMADEUS
EFTIR PETER SHAFFER
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhusid.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

PENETREITOR
Sunnudagurinn 17.09.06
Mánudagurinn 25.09.06
Þriðjudagurinn 26.09.06
**** Glæsilegur Penetreitor
Hvergi að finna veikan punkt
miðapantanir í síma:699-0913
vermordingjar.blogspot.com



Sýningar í Landnámssetri í september og október
Föstudagur 15. september kl. 20 Uppselt
Laugardagur 16. september kl. 20 Uppselt
Sunnudagur 17. september kl. 20 Uppselt
Laugardagur 23. september kl. 20 Uppselt
Sunnudagur 24. september kl. 16 Uppselt
Miðvikudagur 27. september kl. 20 Laus sæti
Fimmtudagur 28. september kl. 20 Laus sæti
Fimmtudagur 5. október kl. 20 Laus sæti
LEIKHÚSTILBOÐ: Tvíréttaður kvöldverður og leikhúsmiði frá kr. 4300 - 4800
TEKIÐ Á MÓTI PÖNTUNUM frá kl. 10 til 16 mánudaga - fimmtudaga í síma 437 1600
Staðfesta þarf miða með greiðslu viku fyrir sýningardag

Brottnámið úr kvennabúrinu W. A. Mozart
BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart
Frumsýning fös. 29. sep. kl. 20
2. sýn. sun. 1.okt. kl. 20 – 3. sýn. fös. 6. okt. kl. 20 – 4. sýn. sun. 8. okt . kl. 20
5. sýn. fös. 13. okt. kl. 20 - 6. sýn. sun. 15. okt. kl. 20
Kynning fyrir sýningu í boði Vinafélags íslensku óperunnar kl. 19.15
Námskeið um Mozart og Brottnámið úr kvennabúrinu hjá EHÍ hefst 3. október. Skráning í síma 525 4444 – endurmenntun@hi.is
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN







## GOTT GLÁP

**Pirates of the Caribbean 2:** Síðustu forvöð til að sjá vinsælustu mynd sumarsins á hvíta tjaldinu.
**Miami Vice:** Ein svalasta mynd ársins fer brátt á myndbandaleigur þar sem hún nýtur sín ekki til fullnustu.
**Þetta er ekkert mál:** Mjög góð heimildarmynd um einn ástsælasta og vinsælasta íþróttagarp okkar Íslendinga, Jón Pál.
**An Inconvenient Truth:** Al Gore fer yfir sviðið í sláandi mynd um ástand náttúrunnar.
**Over the Hedge:** Stórskemmtileg teiknimynd fyrir börnin á tímum kvikmyndahátíða.

# bíó

bio@frettabladid.is

## KVIKMYNDANJÖRÐURINN ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON LEIKARI

# *Magnolia í miklu uppáhaldi*

**Eftirlætis kvikmynd:**
Magnolia, finnst hún stórkostleg. Hún er svona „leikaramynd“.

**Eftirminnilegasta atriðið:**
Þegar rignir froskum í Magnolia, magnað atriði.

**Uppáhaldsleikstjóri:**
Pedro Almodóvar, finnst myndir hans stórskemmtilegar.

**Mesta hetja hvíta tjaldsins:**
Leðurblökumaðurinn, frábær í nýjustu myndinni, Batman begins þar sem Christian Bale brá sér í líki hetjunnar. Þarna var hann „alvöru“ leðurblökumaður.

**Mesti skúrkurinn:**
Gary Oldman í Leon.

**Hvaða persóna fer mest í taugarnar á þér?**
Jar Jar Binks í The Phantom Menace.

**Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?**
Gerðist í Sahara-eyðmörkinni og fjallaði um mann sem væri að leita að vatnsglasi. Martin Scorsese myndi leikstýra en Paul Giamatti og Angelina Jolie léku á móti mér.





## AF HVÍTA TJALDINU

Þórarinn Þórarinsson

# *Árleg lotugræðgi*

Íslenskt kvikmyndaáhugafólk er undir töluverðri pressu þessa dagana þar sem ein kvikmyndahátíð er í fullum gangi og önnur handan við hornið. Iceland Film Festival er hátíð kvikmyndahúsanna og á henni eru nú sýndar þrjátíu kvikmyndir úr ýmsum áttum, margar hverjar fyrir kjaftfullum sölum í Háskólabíói og Regnboganum.

Aðsóknin og áhuginn tala sínu máli og eru óræk vísbending um að margar myndanna á hátíðinni eiga fullt erindi á almennar sýningar enda hefur reynslan sýnt það að vinsælustu myndirnar á IFF-hátíðunum halda áfram í sýningu eftir að hátíðunum lýkur formlega.

Nú dettur mér ekki til hugar að fara að fordæma Hollywood og þá framleiðslu sem þaðan kemur eins og hún leggur sig enda kemur margt það besta sem gert er í kvikmyndum þaðan. Það sama gildir að vísu um það versta og ameríkanisering íslensks kvikmyndamarkaðar gerir það að verkum að ruslið flæðir óhindrað í kvikmyndahús hér á meðan gæðaefni frá öðrum heimshornum verður útundan.

Þessar myndir eru lausar við Hollywoodþokkann sem dregur fólk, þúsundum saman, á risavaxnar og oft innihaldslausar glansmyndir og þess vegna er þeim smalað saman á kvikmyndahátíð sem gerir það auðveldara að magna upp í kringum þær spennu.

Það er vissulega gaman á kvikmyndahátíðum eins og IFF og aðstandendur hennar mega eiga það að þeim hefur tekist að keyra upp frábæra stemningu og búa til magnað bíópartí en samt skýtur það skökku við að fólk þurfi að vera í spreng í þrjár vikur við að komast yfir sem flestar myndir en líða svo skort lungann úr árinu.

Myndir eins og Volver, The Wind That Shakes the Barley, Factotum, An Inconvenient Truth, Paris, je t'aime, The Proposition, Tsotsi og fleiri og fleiri ættu með réttu ekki að þurfa að safnast saman í biðsal kvikmyndahátíðar og dembast yfir okkur allar í einu. Þetta eru dæmi um myndir sem þola enga bið og eiga að koma í bíó við fyrsta tækifæri. Kosturinn við hátíð eins og IFF er hins vegar sá að með þessum stórstraumi berast alls konar myndir, sem annars hefðu ekkifengið tækifæri í íslenskum kvikmyndahúsum. Maður getur því ekki annað en þakkað fyrir sig þó aðsóknin á IFF sé fyrst og fremst þroskamerki á íslenska bíómarkaðnum og í raun háværi krafa bíógesta um meiri fjölbreytni allan ársins hring.






# Hvað gerðist 9/11?

**Kvikmynd hins unga Dylan Avery, Loose Change, hefur vakið mikla athygli á netinu en hún fjallar um þau atriði sem mörgum finnst enn ósvarað hvað varðar 11. september 2001.**



**PENTAGON** Allar þær samsæriskenningamyndir sem sýndar hafa verið á netinu hafa árásina á Pentagon að leiðarljósi.

Kvikmyndaiðnaðurinn í Bandaríkjunum hefur loksins aflétt sjálfskipuðu banni á þessum atburðum sem hafa verið hálfgert tabú í Hollywwod. Tvær kvikmyndir sem byggja á atburðunum hafa þegar verið frumsýndar í Bandaríkjunum, United 93 sem hefur verið tekin til sýningar hér á landi og World Trade Center eftir hinn umdeilda leikstjóra Oliver Stone en hvorugar hafa treyst sér til að fjalla um þær samsæriskenningar sem hafa verið á sveimi síðan árásirnar voru gerðar.

### Hvað gerðist?

Töluverður fjöldi Bandaríkjamanna telur að ekki séu öll kurl komin til grafar og fjöldi heimasíðna á netinu fjallar um rannsókn stjórnvalda á atburðunum sem allar leiddu til sömu niðurstöðu: Osama bin Laden og samtök hans Al-Kaída stóðu að baki þessum árásum. Sumir vilja meina að þetta sé einfaldlega ekki satt, mun valdameiri og betur vopnaðri aðilar hafi bæði skipulagt og framkvæmt þessa árás, bandarísku stjórnvöldin sjálf.

Heimildarmyndin Loose Change hefur farið eins og eldur í sinu um netið að undanförnu en henni er leikstýrt af ungum háskólanema, Dylan Avery. Myndin hefur vakið mikla athygli fyrir mikla rannsóknarvinnu og myndefni en þar er reynt að hrekja flestar af þeim fréttum sem fluttar hafa verið af atburðunum. Avery grúskar í gögnum og krefst svara við ósvöruðum spurningum en helsta sönnun hans er árásin á Pentagon, varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna. „Hvar er flugvélin og ummerkin eftir hana?“ spyr Avery í mynd sinni og bregður upp svipmyndum af svipuðum flugslysum sem eiga að sýna muninn. Þá dregur Avery einnig fram peningamennina sem græddu á tá og fingri á þessum árásum, þar á meðal eigenda Tvíburaturnanna, Larry Silverstein, sem tryggði byggingarnar skömmu fyrir árásirnar. Einnig eru birtar fréttir sem samtök óháðra blaðamanna í Bandaríkjunum hafa unnið en þær stangast töluvert á við þann fréttaflutning sem barst út um allan heim í gegnum CNN og FOX.

### Ætla á Sundance

Mynd Avery hefur vakið það mikla athygli að kvikmyndatímaritið Empire er með síðu umfjöllun um myndina og leikstjórann. „Ég er engin samsæris-geðsjúklingur,“ útskýrir hinn 27 ára gamli Avery en áhugi leikstjórans á 9/11 kviknaði þegar hann sá myndir af byggingum sem voru eyðilagðar með skipulögðum hætti og minntu á hrun Tvíburaturnanna. Dylan sankaði að sér öllum fréttum sem fluttar voru af atburðunum og telur sig eingöngu vera að spyrja „heiðarlegra“ spurninga á borð við: „Hvers vegna neitar 9/11 rannsóknarnefndin að viðurkenna að nokkrar sprengingar hafi átt sér stað inni í turnunum eins og fréttaflutningur í fyrstu benti til og sjónarvottar bera vitni um.“



**OLIVER STONE** Kvikmynd hans, World Trade Center, þykir nokkuð ópólitísk sem þykir óvenjulegt hjá þessum umdeilda leikstjóra.

Kenningar Avery í myndinni eru vissulega þess efnis að í fyrstu mætti halda að þar færi brjálaður samsæriskenningasmiður. Gögnin sem leikstjórinn leggur fram eru hins vegar sláandi og til þess fallin að vekja upp einhverjar spurningar. „Myndin hefur þegar breyst einu sinni þegar við fengum nýjar upplýsingar,“ sagði Avery við Empire. „Við viljum gera þriðju útgáfuna og sýna hana á Sundance-hátíðinni,“ bætir hann við en reikna má með að ef myndin fær almenna dreifingu að þá eigi hún eftir að vekja mikla athygli. „Ég ætla ekki að hætta með 9/11 fyrr en við höfum fengið botn í málið,“ útskýrir Avery. - fgg

## ÚR VERINU

### Freud á hvíta tjaldið

Warner Bros. kvikmyndaverið hefur tilkynnt að það ætli að gera kvikmynd eftir hinni rómuðu bók **Jed Rubenfeld**, **Interpretation of Murder**, en þetta kemur fram í kvikmyndatímaritinu Variety. Myndin gerist í New York um þarsíðustu aldamót og segir frá því þegar **Sigmund Freud** og lærlingur hans **Carl Jung** heimsækja borgina þegar fjöldamorðingi fer á kreik og drepur ungar aðalsstúlkur.



### Lewis hætt að leika

Leikstjórinn **Luc Besson** er ekki sá eini sem er hættur í sínu starfi því leikkonan **Juliette Lewis** lýsti því yfir í blaðinu Teletext að hún væri hætt að leika en Lewis á að baki fimmtíu kvikmyndir í fullri lengd. Lewis segist ætla að einbeita sér enn frekar að tónlistinni en hljómsveitin **The Licks** hefur átt hug hennar allan á undanförnum árum. „Leiklistin fullnægði aldrei mínum listrænu þörfum – tónlistin gerir það,“ sagði Lewis.



### Stórleikarar til liðs við „24“

Óskarsverðlaunahafinn **James Cromwell** og gamanleikarinn **Eddie Izzard** verða hluti af leikhópnum í sjöttu seríu **„24“.** Cromwell mun leika **Phil Bauer**, föður Jack Bauer, en Izzard fer með hlutverk óþokkans **Darren McCarthy**. Sjónvarpsþáttaröðin stendur nú á hátindi frægðar sinnar en hún sópaði til sín verðlaunum á nýafstaðinni **Emmy - verðlaunahátíð** og því ljóst að öllu skal tjalda til í næstu seríu og hamra járnið á meðan það er heitt. **Kiefer Sutherland** verður enn sem fyrr í hlutverki **Jack Bauer**.



# STÓRSÝNINGAR Á BROADWAY Í VETUR

## ÉG SKEMMTI MÉR!

### Frumsýning 7. okt.

Vinsælasti dúett landsins,
Guðrún Gunnarsdóttir og Friðrik ómar
ásamt stórsveit Ólafs Gauks.

Söngskemmtun með lögunum af plötunum
„Ég skemmti mér“ og „Ég skemmti mér í sumar“
sem selst hafa í yfir 10.000 eintökum.

**Næstu sýningar**

Laugard. 27. okt
Laugard. 3. nov.
Sunnud. 26. nov.
Sunnud. 3. des.
Sunnud. 10. des.




## TINA TURNER TRIBUTE

### Frumsýning 10. nóv.

Á Broadway verður saga, tónlist og tónleikar þessarar einstöku rokkstjörnu rifjuð upp undir nafninu, Tina Turner – Simply the best. Listrænn stjórnandi er Ástrós Gunnarsdóttir, hljómsveitastjóri er Þórir Úlfarsson, búningahönnuður er Selma Ragnarsdóttir en um leikmyndahönnun sér Stefán Sturla

**Næstu sýningar**

Föstud. og laugard.
17. og 18. nov.
Föstud. og laugard.
24. og 25. nov.
Föstud. og laugard.
1. og 2. des.
8. og 9. des.
15. og 16. des




Miðapantanir fyrir hópa eru á Broadway í síma eða á vefsíðu okkar:

WWW.BROADWAY.IS

Sími: 533 1100

BROADWAY

RADAR



> **Prófaðu...**
*...austurlenskan mat. Veitingastaðir á borð við Mekong og Ricky Chan veita gott mótvægi við alla skyndibitastaðina sem bjóða upp á pitsur, hamborgara og kjúklinga í tonnavís. Núðlur, hrísgrjón og djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu eru eitthvað sem klikkar sjaldan.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

**MATGÆÐINGURINN SVEINBJÖRN THORARENSEN, HERMIGERVILL**

## *Borðar morgunkorn í öll mál*

**Hvaða matar gætir þú síst verið án?**
Ég held að það væri morgunkorn, allar tegundir. Ég er algjör morgunkornsgaur og borða það í öll mál.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Þegar ég fæ lunda í jólamat hjá pabba sem við veiðum sjálf. Það er dálítið gaman að borða eitthvað sem maður hefur sjálfur veitt í soðið.

**Er einhver matur sem þér finnst vera vondur?**
Hollur matur.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum?**
Ég gef það ekki upp.




**Hvað borðarðu til að láta þér líða betur?**
Ég held að það sé bara Cocoa Puffs.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Ekkert, ég á ekki ísskáp um þessar mundir.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvaða mat tækirðu með þér?**
Ég myndi taka með mér fullt af morgunkorni. Þá gæti ég einmitt byggt fleka úr tómum morgunkornspökkum og komið mér í burtu.



**SVEINBJÖRN THORARENSEN** Hermigervill er ákaflega hrifinn af morgunkorni.



**ÞRÚGUR GLEÐINNAR**
**Einar Logi Vignisson**

# Bjarmalandsför til Pilsen

Einhverju sinni á ferð um landið sem enn hét þá Tékkóslóvakía fengum við félagi minn þá hugmynd að freista þess að feta í fótspor góða dátans Svejk. Halda leið þá sem lýst er í kaflanum um Bjarmalandsför Svejks til Budejovice. Afar viðeigandi var að ferðin reyndist endaslepp og komumst við ekki lengra en til hinnar bjórhöfuðborgar landsins, þeirrar forljótu iðnaðarborgar Pilsen. Stöldruðum ekki lengi við en náðum að drekka Pilsner Urquell af krana sem reyndist sá himnamjöður er eldri menn höfðu tjáð okkur. Tók fram flöskubjórnum sem við höfðum smakkað heima en Pilsner Urquell var merkilegt nokk ein af þeim sex tegundum sem voru á boðstólum þegar bjórinn var leyfður 1. mars 1989. Vissulega var Urquell kröfuharður á óharðnaða bjórmunna og gildir um hann eins og flesta tékkneska bjóra að þeir batna fremur með aldri þess sem drekkur en aldri bjórsins sjálfs.

Pilsner Urquell varð undir í samkeppninni við massabjórana og regluverk ríkisins og var inni og úti úr vínbúðum næstu árin. Hann hefur þó fengist um allnokkurt skeið í öllum helstu vínbúðum eins og bróðurbjórinn Budweiser Budvar sem einmitt er bruggaður í borginni Budejovice þangað sem förinni var upphaflega heitið. Þessir tékknesku eðalbjórar hafa alltaf átt sinn trygga aðdáendahóp hér á landi enda í hópi kunnustu og bestu bjóra í heimi. Bruggferli tékknesku bjóranna er töluvert lengra en almennt gerist og tákn um gæði í bjórframleiðslu.

Afleiðingar þessa má sjá í því að tékkneskur bjór er fyrirmynd bjórframleiðslu víða um heim. Hér á landi var nýlega stofnað nýtt brugghús norður á Árskógssandi sem heitir Bruggsmiðjan. Þar er bruggaður bjór úr tékkneskum hráefni af tékkneskum bruggmeistara og er bjórinn væntanlegur í vínbúðir í byrjun október. Fyrir er á markaðnum Egils Premium sem gerður er úr íslensku hráefni en fyrirmynd bjórsins greinilega tékknesk eins og sjá má á sveitalegum mið-evrópskum auglýsingum framleiðandans.




Pilsner var fyrst bruggaður í Pilsen árið 1842 með kaldgerjunaraðferð en bjór hafði verið bruggaður þar síðan á 13. öld. Niðurstaðan var gullinn og tær bjór sem varð tískudrykkur um alla álfuna. Árið 1898 lét bruggari í Pilsen skrá vöruna sína sem „Pilsner Urquell". Það er þýska og þýðir „upprunalegur Pilsner". Í fylgiskjali með skráningunni segir að það sé „bæði fáránlegt og ólöglegt að nota orðið „pilsner" á annan bjór en þann sem bruggaður er í Pilsen". Það reyndist of seint í rassinn gripið því um alla álfuna var farið að kalla allan botngerjaðan bjór pilsner. Þessi „nafnastuldur" var þó léttvægur miðað við þau málaferli sem biðu Budweiser Budvar en meira um það næsta fimmtudag.


**Ekkert blað?**

**Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.**

**550 5000**

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið




**ÞORBJÖRG HAFSTEINSDÓTTIR** Þorbjörg hefur miklar mætur á morgunhristingnum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hollur morgunhristingur

**Þorbjörgu Hafsteinsdóttur næringarþerapista þykir afar mikilvægt að borða hollan og góðan morgunmat. Segir hún fjögurra mínútna morgunhristing sinn vera málið.**

„Það er algjörlega út í hött að þjóta af stað í vinnu eða skóla án þess að borða morgunmat. Mín reynsla er því miður sú að allt of margir hefja erilsaman dag án þess að næra sjálfan sig yfirhöfuð eða almennilega," segir Þorbjörg. „Ef fólk borðar morgunmat með fullt af viðbættum sykri setur það blóðsykurinn alveg út af laginu og áhrifin leyna sér ekki; þreyta, svimi, einbeitingarskortur til að nefna það helsta og afreksturinn verður eftir því," segir hún.

Þorbjörg reynir að hafa fæðuflokkana í jafnvægi í morgunmatnum. Prótein, góð og holl fita, kolvetni og trefjar þurfa helst að komast inn í eina máltíð og segir hún morgunhristing sinn lausnina en hann hefur hún borðað í mörg ár. „Ég er södd og sátt í þrjár klukkustundir eftir hann og mér líður vel m.a. vegna þess að ég veit að líkaminn vinnur vel af þessum morgunmat og brennir eins og hann á að gera í staðinn fyrir að vera að búa til fitupúka, eins og hann gerir af kakómjólk, snúðum eða sykurviðbættu morgunkorni," segir hún.

**MORGUNHRISTINGUR TOBBU TUÐ!**
**Tekur 4 mín að laga.**

4 dl soja- eða hrísmjólk
2 msk. Hörfræolía frá Himneskri hollustu
1 msk. lecitin duft frá Puritans Pride
1 mæliskeið hreint mysupróteínduft frá Himneskri hollustu
1/2 til 1 tsk kanelduft frá Sonnenbar
etv örlitið af vanilludufti
1 banani
ca 100 til 150 gr frosin ber, t.d. hindber eða jarðaber eða bláber
Mixa allt í góðum blandara þar til hristingurinn er mjúkur og fínn.
Njótið til fullnustu!
Á eftir er ekki vitlaust að fá sér gott grænt te t.d. Original Green Tea Powder !

**Aðferð:**
„Próteinið sem ég nota er mysupróteinduft. Það verður að vera alveg hreint og laust við allan viðbættan sykur, eða gervi sætuefni eins og t.d. aspartam eða acesulfam- k, eða glúkósa eða viðbætta sterkju. Ég vil bara hafa þetta hreinar amínósýrur," segir Þorbjörg. „Samsetningin á gæða próteini af þessari tegund líkist samsetningu á móðurmjólk og líkaminn þekkir þar af leiðandi þessa tegund af próteini vel. Hörfræolían er nauðsynleg omega 3 fitusýra og verður einnig að vera af góðum gæðum. Hún verður að vera kaldpressuð og lífræn. Svo set ég lecitin í sem er olía unnin úr soya og mér finnst hún ómissandi vegna áhrifa á heila og taugakerfi," segir hún. „Og þar sem ég er blaðrandi allan daginn og vil helst að það sé af viti þá þarf ég góða fitu til að næra heilann. Trefjarnar og vítamínin, andoxunarefnin, fæ ég úr berjunum. Ég vil helst hafa þau lífræn líka þar sem magnið af „the good stuff" er mest í þeim. Bananinn er til að sæta með og gera hristinginn minn mjúkan eins og ís eða shake. Kanelduftið set ég vegna þess að það eykur brennsluna."

## *Heitt kakó á köldum vetrardegi*

Kaldur veturinn nálgast óðfluga og um leið aukast vinsældir ýmissa kakódrykkja á kaffihúsum bæjarins, enda fátt betra en að drekka heitt kakó á köldum vetrardegi.

Við ákváðum að kanna úrvalið á tveimur vinsælum kaffihúsum á höfuðborgarssvæðinu og komust að því að mismunandi tegundir eru í boði á hverjum stað.

Þrír kakódrykkir eru í boði á Kaffi París. Fyrst bera að nefna Sviss mokka sem er kakó með einföldum expressó út í. Þá er í boði venjulegur kakóbolli með rjóma og í þriðja lagi er þar á boðstólum St. Martins kakó. Að sögn Guðmundar Magnússonar, barþjóns, er þar um að ræða romm og tia maria sem er blandað til helminga í kakó með rjóma. Heitt súkkulaði er ekki selt á Kaffi París en það er aftur á móti gert á kaffihúsinu Amokka.

Þar eru tvær tegundir af kakói í boði. Annars vegar býður staðurinn upp á barnakakó sem samanstendur af flóaðri mjólk með kakódufti og rjóma og hins vegar er í boði heitt súkkulaði. Það er gert úr flóaðri mjólk með 60% súkkulaði saman við.



**HEITT KAKÓ** Mörgum finnst gott að gæða sér á heitum kakóbolla þegar kuldinn færist yfir.

ALCAN OG BYLGJAN KYNNA MEÐ STOLTI:




## ÁSAMT SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

KARLAKÓR FÓSTBRÆÐRA, LANDSLIÐI HLJÓÐFÆRALEIKARA
OG LANDSÞEKKTUM GESTUM

# AUKATÓNLEIKAR

## SUNNUDAGINN 24. SEPTEMBER Í LAUGARDALSHÖLL

VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA!

SÝRLAND HÖNNUN

**M12 forsala til áskrifenda Stöðvar 2 hefst í dag kl. 10:00.**
**Almenn sala hefst á morgun kl. 10:00.**
**Síðast seldist upp á 90 mínútum, tryggðu þér miða strax!**

Miðasala fer fram á www.midi.is, í verslunum Skífunnar í Reykjavík, og í verslunum BT á Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi. Aðeins selt í númeruð sæti.

Bakhjarl tónleikanna er Alcan í Straumsvík í tilefni af 40 ára afmæli ISAL og Bylgjan - brautryðjandi í 20 ár.

BYLGJAN 20 ÁRA

ALCAN

BRAVÓ!
www.bravo.is

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Hjólabuxurnar verða heitar næsta sumar

Tískuvikan í New York stendur sem hæst núna og fatamerkið Imitation of Christ sýndi afurðir sínar fyrstu helgi tískuvikunnar. Þrátt fyrir umdeilanlegt nafn hefur fatamerkið skotist hratt upp á stjörnuhimininn og oftast er fjallað um merkið í tískupésum sem sjúklega tískulegt eða „painfully hip“ merki sem allir geta klæðst. Tara Subkoff er stúlkan á bak við merkið, og stefna hennar gengur út á að breyta ólöglegum fatnaði í flottan fatnað. Með öðrum orðum þá notar hún gömul föt og breytir þeim þannig að þau henti tískunni hverju sinni.

Fyrir sumarið 2007 hjá Imitaion of Christ var mikið um girnilegan fatnað og það sem bar hæst var að hjólabuxur í hinum ýmsum litum voru áberandi á tískupallinum undir kjóla eða bara einar og sér. Austurlenskir straumar settu líka sitt mark á sýninguna þar sem sum munstrin og sniðin voru anda þeirrar heimsálfu. Léttir kjólar úr gegnsæjum efnum í víðum sniðum voru einnig áberandi sem og samfestingar í gull og silfurlituðu. Enginn einn litur var meira áberandi en annar en blátt, appelsínurauður, silfurlitað, gull og ljósbrúnn komu víða fyrir. alfrun@frettabladid.is



SLOPPUR Frábær sloppur í góðum litum og hægt er að nota bæði yfir buxur eða yfir falleg nærföt heimafyrir.



SILFUR Þessi fyrirsæta var óhrædd við að sýna sig í silfurlituðum samfestingi sem verður greinilega mjög vinsælt næsta sumar.



CARMEN ELECTRA Var gestur í sýningunni og kom fram í lok sýningarinnar í glæsilegum rauðum galakjól með stoltan hönnuð sér við hlið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



TÖFFARALEGT Flottur hverdagsklæðnaður með bláum hjólabuxum og rauðum gegnsæjum kjól.



HERRAFATNAÐUR Nokkrar karkynsfyrirsætur töltu tískupallinn inni á milli og þessi er flottur í rjómahvítu frá toppi til táar með flottan klút fyrir munni.



HÁLFUR FRAKKI Flottur rauður kjóll við stuttan „cape“ og frábær taska sem hressir upp á útlitið.



GLÆSILEGT Flottur kjóll sem myndi sóma sér vel á rauða dreglinum og eigum við örugglega eftir að sjá hann oftar.



SAMFESTINGUR Flottur gullitaður samfestingur sem fer ekki hverjum sem er en er samt sem áður sjúklega flottur.



HJÓLABUXUR Ljósbrúnar við svartar stuttbuxur og rautt munstrað linda í mittið. Kína mætir Jane Fonda.



LITASAMSETNING Rautt, hvítt, brúnt og grátt er ekki hin venjulega litasamsetning en hér virkar það mjög vel í þessum fallega sumarkjól.



MICK JAGGER OG FÉLAGAR Virðast vera ódauðlegir og nú hafa tveir franskir leikstjórar ákveðið að gera teiknimynd sem byggist á tólf lögum Rolling Stones. FRÉTTABLAÐIÐ/APPHOTO

## Lögin verða að teiknimynd

Nú hefur verið ákveðið að gera mynd eftir lögum Rolling Stones. Það eru frönsku leikstjórarnir Paul og Gaëtan Brizzi sem fengu þá hugmynd að nota tólf Rolling Stones lög og og mun söguþráðurinn spinnast eftir lögunum. Myndin er teiknuð og fjallar um einstæða móður í New York og mun bera nafnið „Ruby Tuesday“ eftir fræga slagarunum frá Rolling Stones.





## Britney eignaðist annan dreng

Söngkonan Britney Spears eignaðist heilbrigðan dreng í Los Angeles á þriðjudaginn. Var hann tekinn með keisaraskurði.

Þessi tíðindi koma á óvart því bandarískir fjölmiðlar höfðu greint frá að hún ætti von á stúlkubarni. Höfðu einhverjir talið að hún ætlaði að skíra dótturina Jamilyn eftir yngri systur sinni Jamie og móður sinni Lynne.

Drengurinn er annað barn Spears. Í fyrra eignaðist hún með eiginmanni sínum, Kevin Federline, drenginn Sean Preston, sem verður eins árs í dag. Munar því aðeins tveimur dögum á bræðrunum.

Britney, sem er 24 ára, mætti óvænt í kvöldþátt Davids Letterman í maí þar sem hún tilkynnti að hún ætti von á sínu öðru barni. Nokkru síðar vakti hún mikið umtal þegar mynd af henni nakinni þar sem hún var komin sex mánuði á leið birtist í bandarísku tímariti. Yfirvöld í Tókýó ætluðu að taka auglýsingaspjöld fyrir tímaritið niður þar sem myndin þótti of ögrandi en hættu við.

Britney Spears sló í gegn árið 1999 með plötunni ...Baby One More Time sem hefur selst í 30 milljónum eintaka. Árið eftir kom út smáskífulagið Oops!...I Did It Again sem seldist í 1,3 milljónum eintaka á sinni fyrstu viku á lista í Bandaríkjunum.



MEÐ FRUMBURÐINN Britney Spears með frumburðinn Sean Preston.



BRITNEY OG FEDERLINE Britney Spears og Kevin Federline gengu í hjónaband árið 2004.


Heimilið
Börn
Snyrtivörur
Dömur
Herrar
SHISEIDO
AFHJÚPAÐU NÝJA HÚÐ
ENDURUPPLIFÐU FULLKOMNA HÚÐ
Kynningadagar
14.-20. september
Glæsilegur kaupauki
Upplifðu fullkomið tveggja þrepa kerfi sem endurnýjar húðina. Einstök innihaldsefni feykja í burtu mörgum árum; Bio Exfoliderm hefur slípandi áhrif og Bio-Energy Infuser fyllir húðfrumurnar lífsþrótti.
88% aðspurðra kvenna sem höfðu prófað kemíska- og míkró slípun sögðust frekar kjósa Bio-Performance kerfið*.
Shiseido Bio-Performance
Super Exfoliating Discs – Super Refining Essence
* Prófað af 111 konum.
DEBENHAMS
-FER ÞÉR VEL!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 5.45, 8 og 10.15 |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.45, 8 og 10.15 |
| MY SUPER-EX GIRLFRIEND | kl. 5.50, 8 og 10.10 |
| LITTLE MAN | kl. 4, 6, 8 og 10 |
| TAKK FYRIR AÐ REYKJA | kl. 8 B.I. 7 ÁRA |
| GRETTIR 2 ÍSL. TAL | kl. 4 og 6 |
| MIAMI VICE | kl. 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR ÍSL. TAL | kl. 4 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 8 og 10.15 |
| TAKK FYRIR AÐ REYKJA | kl. 5.50 B.I. 7 ÁRA |
| KVIKMYNDAHÁTÍÐ | |
| VOLVER | kl. 6 og 10 |
| THREE BURIALS OF MELEQUIADES ESTRADA | kl. 8 |
| ENRON: THE SMARTEST GUYS IN THE ROOM | kl. 6 og 10.10 |
| LEONARD COHEN: I´M YOUR MAN | kl. 6 og 8 |
| FACTOTUM | kl. 8 og 10 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| MY SUPER EX-GIRLFRIEND | kl. 8 og 10 |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 8 |
| LITTLE MAN B.I. 12 ÁRA | kl. 6 |
| YOU, ME & DUPREE | kl. 10 |
| GRETTIR 2 ÍSL. TAL | kl. 6 |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

BÍÓ.IS – allt á einum stað







**BOGOMIL OG FLÍS** Bogomil Font og Flís eru á meðal þeirra sem spila í Grafarvogskirkju í kvöld.

# Safna þrem milljónum

Í tilefni af tíu ára afmæli Borgarholtsskóla hafa nemendur og starfsfólk ákveðið að taka höndum saman og safna þremur milljónum króna til byggingar skóla í þorpinu Jaranwala í Pakistan.

Þetta verkefni varð fyrir valinu vegna þess að einn kennara Borgarholtsskóla, Maxwell Ditta, hefur verið í leyfi frá störfum til þess að sinna svipuðu verkefni í sínum heimabæ í Pakistan. Söfnunin fer fram í samvinnu við ABC-barnahjálp. Liður í söfnuninni er tónleikar í Grafarvogskirkju í kvöld kl. 20.00. Þeir sem fram koma eru Bogomil Font og Flís, Ellen Kristjánsdóttir og Eyþór Gunnarsson, Benni Hemm Hemm, Mr. Silla og Mongoose, Sigurður Flosason og Gunnar Gunnarsson. Allir listamennirnir gefa vinnu sína.

Miðaverð er 1.000 kr. og rennur ágóði óskiptur til skólabyggingarinnar. Forsala aðgöngumiða er í 12 Tónum, Grafarvogskirkju og Borgarholtsskóla. Einnig verða seldir miðar við innganginn. ■






# Annar dagur í lífi búðarloku

Leikstjórinn Kevin Smith sló í gegn með frumraun sinni Clerks árið 1994 en þessi litla svart/hvíta mynd um dag í lífi búðarlokunnar Dante Hicks hitti í mark og aflaði Smith traustum hópi aðdáenda sem hefur haldið tryggð við hann síðan.

Clerks fjallaði um einn dag í lífi Dantes sem glímdi við bjánalegar uppákomur og kynlega kvisti þar sem hann sinnti afgreiðslustörfum í matvöruverslun. Honum til halds og trausts í fásinninu var vinur hans Randal sem vann á myndbandaleigu í grendinni.

Það var fátt við Clerks sem beinlínis kallaði á framhald og Smith kemur því úr nokkuð óvæntri átt núna, tólf árum síðar, með Clerks II þar sem hann fylgir Dante eftir í gegnum annan dag í verslunini.

Svipaður andi svífur enn yfir vötnum og Dante og Randal kjafta sig í gegnum daginn á svipuðum nótum og fyrr þó þeir séu orðnir eldri og reyndari og meðvitaðir um að þeir hafi sóað undanförnum árum í vitleysu.

Dante stendur á ákveðnum tímamótum í Clerks II þar sem hér er hann á síðasta vinnudegi sínum í búðinni og er að fara að flytja frá New Jersey til Flórída ásamt unnustu sinni, gegn vilja Randals að sjálfsögðu.

Smith fylgdi Clerks eftir með ágætismyndum á borð við Mallrats, Chasing Amy og Dogma og Clerks II þykir almennt jafnast á við það besta úr smiðju leikstjórans þó fátt hafi í raun breyst hjá Dante og Randal þessi tólf ár.



**DANTE OG RANDAL** Hjakka í sama farinu og þeir gerðu í Clerks árið 1994 og kjafta sig í gegnum annan dag í matvöruversluninni sem Dante sér loksins fram á að geta sagt skilið við.

Rosario Dawson er aðsópsmesti nýliðinn í Clerks II en hún leikur yfirmann Dantes en annars eru gamlir kunningjar áberandi með tvíeykið kostulega Jay and Silent Bob fremst í flokki. Þeir eru jafn ruglaðir og áður en þeir settu sterkan svip á fyrri myndina og náðu slíkri lýðhylli að Smith gerði heila bíómynd, Jay and Silent Bob Strike Back, um ævintýri þeirra. Þá skjóta góðkunningjar og fastaleikarar hjá Smith, þeir Ben Affleck og Jason Lee, upp kollinum þannig að Clerks II ætti ekki að svíkja aðdáendur forverans þó að hún komi varla mjög á óvart. ■






# Forvitnileg frumraun

**[ KVIKMYNDIR ]**

**UMFJÖLLUN**

Fyrsta kvikmynd Tommy Lee Jones í leikstjórastól, The Three Burials of Melquiades Estrada, er skrýtin en forvitnileg; hlaðin ólíkum stílum og undirlögum. Myndin gerist beggja vegna landamæra Bandaríkjanna og Mexíkó og segir frá kúrekanum Pete Perkins og vini hans Melquiades Estrada, ólöglegum innflytjanda frá Mexíkó. Þegar spilltur landamæravörður (Pepper) skýtur Mexíkóann til bana, rænir Parker líkinu og verðinum og heldur yfir landamærin í átt að heimaslóðum Melquiades, þar sem hann hafði lofað að jarða hann.

Í upphafi þarf að hafa sig allan við því sagan flakkar fram og til baka í tíma til að byrja með. Á meðan er bakgrunnur aðalpersónanna dreginn upp, sem og heldur ókræsileg mynd af tilbreytingarsnauðu hvunndagslífi í ónefndu landamæraþorpi í Texas. Þegar á líður verður framvindan hins vegar línuleg og myndin breytist í vegamynd þar sem tvímenningarnir fara á hestbaki um hrjóstrugan berangur landamæranna, með líkið í farteskinu og lögregluna á hælunum; báðir á sömu leið þótt hinn endanlegi áfangastaður kunni að verða sitthvor.

Jones er í essinu sínu í hlutverki Perkins; kemur mæddri persónu sem er farin að gamlast óaðfinnanlega til skila. Pepper er mátulega ófyrirleitinn í hlutverki landamæravarðarins, sem fer að líta lífið öðrum augum eftir því sem á ferðalagið líður en aukapersónur bera nafn með rentu. Þá á myndin kvikmyndatöku og tónlist mikið að þakka.

Hin lágstemmda frumraun Tommy Lee Jones í leikstjórastól er forvitnileg fyrir ýmsar sakir, hlaðin ólíkum stílum og undirlögum, en en herslumun frá því að vera jafneftirminnileg og hún hefði getað orðið.

**Bergsteinn Sigurðsson**




**THE THREE BURIALS OF MELQUIADES ESTRADA**

LEIKSTJÓRI: TOMMY LEE JONES

**Aðalhlutverk:** Tommy Lee Jones, Barry Pepper, Dwight Yokam og Julio Cedillo.

**Niðurstaða:** Forvitnileg mynd fyrir margra hluta sakir en hana vantar herslumuninn.







SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP | kl. 4 - 6:10 - 8 - 10:10 | B.i. 7 |
| STEP UP VIP | kl. 5:05 - 8 - 10:10 | |
| UNITED 93 | kl. 5:45 - 8 - 10:20 | B.i.14 |
| MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal | kl. 4 - 6 | Leyfð |
| YOU, ME AND DUPREE | kl. 5:45 - 8 - 10:20 | Leyfð |
| LADY IN THE WATER | kl. 6:15 - 8:20 - 10:30 | B.i. 12 |
| 5 CHILDREN AND IT M/- ensku tal | kl. 3:50 | Leyfð |
| PIRATES OF CARIBBEAN 2 | kl. 8:20 | B.i. 12. |
| OVER THE HEDGE M/- Ísl tal | kl. 3:50 | Leyfð |
| BÍLAR M/- Ísl tal | kl. 4 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| STEP UP | kl. 6 - 8 - 10:10 | B.i. 7 | |
| MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð | |
| THE ANT BULLY M/- ensku tal | kl. 6 - 8 | Leyfð | |
| LADY IN THE WATER | kl. 8:10 - 10:30 | B.i. 12 | DIGITAL |
| PIRATES OF CARIBBEAN 2 | kl. 10 | B.i. 12 | DIGITAL |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 8 | leyfð |
| LITTLE MAN | kl. 8 - 10 | leyfð |
| YOU, ME AND DUPREE | kl. 10:10 | B.I.12 |

SAMBÍÓIN / AKUYREYRI

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP | kl. 6 - 8 | |
| MAURAHRELLIRINN- M/- Ísl tal | kl. 6 | leyfð |
| UNITED 93 | kl. 8 - 10 | B.I.12 |

www.sambioin.is 575 8900 www.sambioin.is

| | | |
|---|---|---|
| AN INCONVENIENT TRUTH | kl. 5:45 - 8-10:15 | Leyfð |
| MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |

Kvikmyndahátíð

| | | |
|---|---|---|
| BJÓLFSKVIÐA | kl. 10:15 | B.i.16 |
| Renaissance | kl. 8 | B.i.12 |
| A cock and bull story | kl. 10:30 | Leyfð |
| Down the valley | kl. 5:45 | B.i.16 |
| The Libertine | kl. 8 | B.i.12 |
| Looking for Comedy in the Muslim world | kl. 5:55 | Leyfð |
| The Sisters | kl. 8 | B.i. 12 |
| Öskrandi api ballett í leynum | kl. 10:30 | B.i.12 |

HAGATORGI • S. 530 1919




**THE GO! TEAM** Ein erlendu sveitanna sem spilar á Iceland Airwaves í ár.

# Minni biðraðir í ár

Miðasalan á tónlistarhátíðina Iceland Airwaves 2006 hefst á föstudag. Þetta verður í áttunda sinn sem hátíðin er haldin í Reykjavík og að þessu sinni fer hún fram 18. til 22. október.

Miðarnir á hátíðina eru í raun armbönd sem gilda á alla viðburðina, svo lengi sem húsrúm leyfir, ef frá er talið Airwaves-partíið í Bláa lóninu sem þarf að greiða sérstaklega fyrir.



Eldar Ástþórsson, blaðafulltrúi Iceland Airwaves.

Nokkuð var um biðraðir fyrir utan tónleikastaði hátíðarinnar í fyrra. Vakti það mikla óánægju þeirra sem höfðu keypt miða en komust síðan ekki inn. Ætla aðstandendur að gera bragabót á því í ár.

„Við ætlum að hafa fleiri stærri og meira spennandi hljómsveitir á sama tíma. Það verða færri miðar í boði á hátíðina og síðan mun Iðnó bætast við sem tónleikastaður," segir Eldar Ástþórsson. „Við vonumst til að þessar breytingar beri árangur en við getum ekki lofað að það verði ekki einhverjar biðraðir."

Alls munu rúmlega 180 hljómsveitir, tónlistarmenn og plötusnúðar koma fram á hátíðinni, fleiri en nokkru sinni fyrr. Á meðal þeirra sem koma fram eru Kaiser Chiefs, The Go! Team, We Are Scientists, Wolf Parade, Mínus, Mugison, Pétur Ben og Jakobínarína.

Miðasalan fer fram í verslunum Skífunnar Laugavegi, Kringlunni og Smáralind í Reykjavík og verslunum BT á Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi. Miðaverð er 6.900 krónur, auk miðagjalds söluaðila sem er 460 krónur.

# Er Guð farinn í frí?

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Það hefur ekki farið nægilega mikið fyrir þessari sveit. Kannski eru liðsmenn Cursive bara ekki nægilega sætir til þess að einhver nenni að sýna þeim athygli? Hvernig sem því líður átti þessi sveit eina bestu rokkplötu ársins 2004, The Ugly Organ. Plata sem fjallaði nær eingöngu um erfiðan skilnað söngvarans Tim Kasher við eiginkonuna. Hljómar frekar mæðulega, en var alveg einstaklega vel gerð og athyglisverð plata.

Núna eru þeir búnir að losa sig við stelpuna sem var á selló, og Cursive eru orðnir fjögurra manna strákaband með hefðbundnari liðsskipan. Maður myndi halda að þeir væru að strípa sig niður og temja sér eðlilegri vinnuhætti rokksveita nema hvað að þessi plata er öll unnin með stærðarinnar brasssveit. Það er ekki nóg með það að Cursive sé að blanda harðkjarnalegu-nýbylgjurokki við lúðrasveit heldur er þessi plata öll ádeila á trúarbrögð, séð frá augum Dóróteu úr Galdrakallinum frá Oz eftir að hún nær fertugt. Og þetta er heilagur sannleikur. Mjög undarlegt, vissulega, en Tim er greinilega mikill hugsuður og textarnir fullir af heilabrotum og alvöru spurningum um siðferði og hegðun mannsins. Hann persónugerir almættið í flestum lögunum, en síðan smellur öll myndin saman í laginu Retreat!,



**CURSIVE:**

HAPPY HOLLOW

**Niðurstaða:** Cursive verða enn metnaðarfyllri og stórtækari á fylkifísk hinnar frábæru The Ugly Organ. Sellóleikarinn farinn, og búið að fylla upp í skarðið með heilli lúðrasveit.

þar sem Tim heldur því fram að frá því að Guð fór í frí, hafi frumbyggjarnir (við) verið að haga sér fremur illa. Ágætis texti, og greinilegt að Tim hefur í alvöru verið að leita að skapara sínum.

Ekki skemmir heldur að það er líka afbragðs tónlist að finna. Það er öllu bjartara yfir Tim á þessari plötu en síðast, samt full mikið af blástursshljóðfærum á köflum. Get ímyndað mér að það verði algjör hausverkur fyrir sveitina að flytja þetta á tónleikum. Ef þið eruð í stuði fyrir harkt rokk um Guð og Dóróteu í tilvistarkreppu um fertugt, skreytt með stórri lúðrasveit ... hey, þá er þetta platan fyrir þig!

**Birgir Örn Steinarsson**

# Góður glímumunkur

Nacho Libre, nýjasta gamanmynd leikarans geðþekka Jack Black, verður frumsýnd á föstudaginn. Nacho er að því er virðist gersamlega hæfileikalaus einstaklingur. Hann ólst upp í klaustri í Mexíkó þar sem hann býr enn og eldar ofan í munaðarleysingja. Maturinn er illu heilli hið versta óæti og Nacho vill kenna hráefninu um og fær það snjallræði að afla fjár til matarkaupa með því að keppa í fjölbragðaglímu.

Innan glímuhringsins koma duldir hæfileikar Nacho í ljós þar sem hann fer hamförum og leggur hvert vöðvatröllið á fætur öðru. Sá böggull fylgir þó skammrifi að glímubrögð eru illa séð innan klaustursins þannig að Nacho þarf að berjast undir dulnefni með andlitið falið bak við grímu. Nacho kýs þó að sigla undir fölsku flaggi með það fyrir augum að bæta líf barnanna í klaustrinu þótt tvöfeldnin flæki tilveru hans verulega með kostulegum afleiðingum.



**NACHO** Munkurinn góðhjartaði berst fyrir betra lífi munaðarleysingja í fjölbragðaglímuhringnum.



**SÁLIN** Sálin hans Jóns míns spilar í Laugardalshöll á föstudag ásamt Gospelkór Reykjavíkur.

# Uppselt á Sálina

Uppselt er á tónleika Sálarinnar hans Jóns míns og Gospelkórs Reykjavíkur í Laugardalshöll næstkomandi föstudag.

Á efnisskránni verða valin lög úr söngvasafni Sálarinnar, en einnig verður frumflutt glænýtt efni úr smiðju sveitarinnar. Öll lögin verða útsett sérstaklega með hliðsjón af hinum rómaða kór. Tónleikarnir verða hljóð- og myndritaðir og er stefnt að útgáfu í nóvember.

# Morðgáta að hætti Allens

Woody Allen er orðinn býsna skilvís og sendir frá sér og hefur á undanförnum árum sent frá sér eina mynd á ári. Íslendingar fengu að sjá Match Point frá 2005 í vor og það líður því óvenju stutt á milli Allenmynda í bíó hér þar sem nýjasta afurð hans, Scoop, verður frumsýnd á morgun.

Allen yfirgaf sína ástkæru Manhattaneyju í fyrra þegar hann gerði Match Point í London og þar er hann enn í Scoop sem er spennumynd í léttum dúr. Match Point skartaði Scarlett Johansson í lykilhlutverki og Allen hefur bersýnilega tekið ástfóstri við þessa ungu leikkonu þar sem hún er einnig í burðarhlutverki í Scoop. Hér leikur hún unga konu sem gerist sjálfboðaliði í galdrasýningu hjá töframanni sem Allen sjálfur leikur. Í gegnum galdrakuklið kemst hún í samband við nýlátinn blaðamann sem Ian McShane (Deadwood) leikur. Blaðamaðurinn er kominn á slóð dularfulls morðingja sem



**JACKMAN, JOHANSSEN OG ALLEN** Leiða saman hesta sína í London þar sem þau tvö síðarnefndu gruna Jackman um græsku.

kenndur er við Tarotspil og þar sem hann er kominn yfir móðuna miklu flækir hann stúlkuna í rannsókn málsins.

Saman reyna galdrakallinn og lærlingurinn að hafa hendur í hári morðingjans en málið tekur óvænta stefnu þegar Johanssen fellur fyrir glæsilegum aðalsmanni sem Hugh Jackman leikur en allt bendir til þess að hann sé Tarotmorðinginn.




## > Blikar keppa í dag

Breiðablik mætir í dag Evrópumeisturum Frankfurt í riðlakeppni Evrópukeppni félagsliða en riðill Íslands fer fram í Finnlandi. Heimaliðið, HJK Helsinki, mætir meisturunum frá Hvíta-Rússlandi, liði Universitet Vitebsk. Breiðablik vann á miðvikudaginn mikilvægan 2-1 sigur á Finnunum en tvö lið komast upp úr riðlinum. Frankfurt verður að teljast líklegur sigurvegari riðilsins og því verður leikur Blika gegn Hvít-Rússunum á sunnudag afar mikilvægur.



# sport

sport@frettabladid.is

ÞÓREY EDDA ELÍSDÓTTIR STANGARSTÖKKVARI: SETUR MARKIÐ HÁTT Í FRAMTÍÐINNI

## *Ætla mér verðlaun á stórmóti á næstu árum*

Spron hefur gert styrktarsamning við frjálsíþróttakonuna Þóreyju Eddu Elísdóttur en skrifað var undir samninginn í gær. Samningurinn er til þriggja ára en upphæðin er ekki gefin upp. Þessi samningur kemur sér einkar vel fyrir Þóreyju Eddu en samhliða því að stunda stangarstökk er Þórey Edda í verkfræðinámi við Háskóla Íslands.

„Þessi samningur kemur á mjög mikilvægu tímabili á mínum ferli, ég er að stíga upp úr meiðslum og þetta gefur mér aukinn kraft," sagði Þórey Edda við undirritun samningsins. „Þessi samningur hefur mjög mikla þýðingu fyrir mig. Í fyrsta lagi hefur þessi samningur mjög mikla þýðingu fyrir mig fjárhagslega séð, hann gerir mér kleift að hugsa um íþróttina og þurfa ekki að hafa áhyggjur af sjúkraþjálfun því í minni stöðu þarf ég mjög mikið að leita til sjúkraþjálfara og næringarráðgjafa. Það er draumur minn að geta tekið með mér sjúkraþjálfara í æfingabúðir og sé loksins fram á að geta gert það núna. Svo veitir þessi samningur mér mikinn andlegan stuðning, sem margir gera sér kannski ekki grein fyrir, því þegar maður kemur úr meiðslum og hefur kannski ekki 100% trú á sjálfum sér þá er gott að finna svona stuðning," sagði Þórey Edda, hæstánægð með samninginn.



Þórey Edda meiddist í nóvember á síðasta ári þegar hún sleit liðband í öxl við æfingar. Þórey Edda hefur þó ekki setið auðum höndum síðasta árið. „Ég er búin að vera í stanslausri sjúkraþjálfun og svo hef ég haldið mér í góðu líkamlegu formi sem er nauðsynlegt upp á andlegu hliðina þegar maður kemur úr meiðslunum," sagði Þórey Edda.

Þórey Edda sagði að markmið sitt væri að stökkva yfir 4,70 metra á næstu árum en besti árangur Þóreyjar Eddu er 4,60 metrar, sem hún náði í júlí 2004. „Það er Heimsmeistaramót utanhúss á næsta ári og ég stefni á það. Síðan er heimsmeistaramót innanhúss sama ár og ólympíuleikarnir eru. Þetta eru stórmótin sem ég horfi á næstu árin," sagði Þórey Edda, en stærsta mótið er að sjálfsögðu Ólympíuleikarnir í Peking árið 2008. Þórey Edda æfir í Þýskalandi en þangað heldur hún á mánudaginn og æfingar hefjast svo á fullu fljótlega eftir að hún kemur til Þýskalands. „Ég stefni á verðlaunasæti á einhverju stórmóti áður en ég hætti en á hvaða stórmóti verður bara að koma í ljós. Ég ætla mér að vera í fremstu röð," sagði Þórey Edda.



**EYJÓLFUR SVERRISSON** Byrjar vel með landsliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ísland á flugi á FIFA-listanum:

## Upp um nítján sæti á mánuði

**FÓTBOLTI** Góð byrjun Eyjólfs Sverrissonar með íslenska landsliðið skilaði liðinu upp um heil 19 sæti á FIFA-listanum sem var gefinn út í gær. Ísland var í 106. sæti en stökk upp í 87. sæti á einum mánuði.

Brasilíumenn eru efstir á listanum eins og venjulega en á eftir þeim koma Frakkar, Argentínumenn og Englendingar. Danir og Svíar eru hæstir Norðurlandaþjóða en Danir eru í 16. sæti og Svíar í 18. sæti.

- hbg



**HJÁLMAR VILHJÁLMSSON** Neitar enn að tjá sig um þær sakir sem á hann eru bornar.

Hjálmar Vilhjálmsson:

## Neitar að tjá sig

**HANDBOLTI Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu síðustu daga þá hefur Geir Sveinsson, fyrrverandi landsliðsfyrirliði, sakað Hjálmar Vilhjálmsson, varaformann handknattleiksdeildar Fram, um að fara huldu höfði á spjallborði Vals þar sem hann hafi reynt að skapa óróa innan félagsins með ummælum sínum.**

**Bæði formaður Fram og handknattleiksdeildar félagsins vísuðu málinu frá sér og sögðu það vera hlutverk Hjálmars að svara fyrir þær sakir sem á hann væru bornar.**

**Fréttablaðið setti sig í samband við Hjálmar í gær og óskaði þess að hann tjáði sig um ásakanirnar en hann afþakkaði boð blaðsins.** - hbg

# Sigurður gafst upp

**Sigurður Jónsson gekk í gærmorgun á fund stjórnar knattspyrnudeildar Grindavíkur og óskaði eftir því að verða leystur undan starfi. Við þeirri ósk var orðið. Aðstoðarmenn Sigurðar munu klára tímabilið með liðið.**

**FÓTBOLTI** Þau óvæntu tíðindi urðu í gær að Sigurður Jónsson baðst lausnar úr starfi þjálfara hjá Grindavík. Bónin kom bæði leikmönnum og stjórn Grindavíkur á óvart.

„Þetta var algjörlega ósk Sigurðar að fá að hætta. Við gengum síðan frá samkomulagi í kjölfarið. Sigurði fannst honum ekki hafa tekist að ná sínum markmiðum og því taldi hann rétt að stíga til hliðar," sagði Jónas Þórhallsson, formaður knattspyrnudeildar Grindavíkur, en aðstoðarmenn Sigurðar með liðið, Magni Fannberg og Milan Stefán Jankovic, munu stýra Grindavíkurliðinu í síðustu tveim leikjunum í Landsbankadeildinni.

Grindavík situr sem stendur í áttunda sæti Landsbankadeildarinnar og er því í harðri fallbaráttu. Grindavík lagði KR 5-0 þann 22. júní en síðan þá hefur sigið á ógæfuhliðina og aðeins einn sigur komið í hús.

Niðurstaðan er Jónasi mikil vonbrigði enda ætlaði félagið sér stóra hluti undir stjórn Sigurðar á komandi árum.

„Við gerðum fimm ára samning við Sigurð og þar af voru fyrstu tvö árin óuppsegjanleg. Þetta eru leiðinleg endalok enda er Sigurður drengur góður og vel liðinn hjá okkur. Við virtum aftur á móti hans ósk og óskum honum velfarnaðar," sagði Jónas sem sagði lítið mál að ganga frá starfslokasamningum við Sigurð sem heldur aðeins launum út mánuðinn.

Reynsluboltinn Óli Stefán Flóventsson, leikmaður Grindavíkur, var nýbúinn að fá fréttirnar þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær. Hann hélt í fyrstu að Sigurður hefði verið rekinn en var nokkuð hissa þegar honum var tjáð að Sigurður hefði hætt að eigin ósk.



**ÞUNGUR Á BRÚN** Tímabilið hefur verið erfitt hjá Grindavík og það tók sinn toll hjá þjálfaranum Sigurði Jónssyni sem óskaði eftir því að fá að hætta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég get ekki neitað því að ég er frekar hissa. Þetta er búið að vera þungt síðustu vikur en ég átti samt ekki von á þessu. Sigurður var fullur eldmóðs eftir Valsleikinn en það hefur greinilega eitthvað breyst á stuttum tíma sem ég veit ekki um. Annars var Sigurður finn þjálfari sem hafði sína kosti og galla rétt eins og allir þjálfarar. Ég hef ekki yfir neinu að kvarta undan honum og þakka fyrir samstarfið og óska honum góðs gengis," sagði Óli Stefán.

Ekki náðist í Sigurð Jónsson í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

henry@frettabladid.is

Michael Schumacher tjáir sig um brotthvarf sitt frá Formúlunni:

# Var ekki þvingaður til að hætta

**FORMÚLA** Ökuþórinn Michael Schumacher segist ekki hafa verið þvingaður af forráðamönnum Ferrari til að hætta. Hann tilkynnti ákvörðun sína að hann myndi hætta í lok tímabilsins eftir sigur hans á Monza-brautinni um helgina.

„Ferrari-menn voru afar stórmannalegir og létu mig alfarið um að taka eigin ákvörðun," sagði Schumacher en orðrómur hefur verið á kreiki um að hann hafi verið þvingaður út. „Ég veit að miklar vangaveltur hafa verið um málið en tímasetning tilkynningar minnar hentaði mér."

Bernie Eccelstone, eigandi keppninnar og yfirmaður hennar, sagði eftirfarandi í viðtali við þýska blaðið Sport-Bild í gær: „Michael þurfti að taka ákvörðun þegar hann vildi í raun ekki gera það."

Schumacher sagði að í síðasta mánuði hefði hann efast um hvort keppnishelgin í Ítalíu væri heppileg fyrir tilkynningu ákvörðunar sinnar. „Ég velti því fyrir mér hvort ég ætti að bíða þar til loka keppnistímabilsins," sagði Schumacher en hann hefði svo viljað einbeita sér að síðustu mótum tímabilsins og því hefði hann valið að greina frá ákvörðun sinni í Monza.



**SCHUMACHER** Tilkynnir hér blaðamönnum að hann ætli að hætta í haust. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

„Ég varð að spyrja sjálfan mig hvort ég hefði það sem til þyrfti til að keppa í fremstu röð á næstu árum. Ég er vitanlega enn í góðu líkamlegu formi og samkeppnishæfur en hversu lengi? Mér hefur aldrei þótt það heillandi tilhugsun að vera einungis miðlungsökumaður. Það er bara ekki samkvæmt mínum stíl."

Schumacher er einungis tveimur stigum á eftir heimsmeistaranum Fernando Alonso hjá Renault í stigakeppni ökuþóra þegar þrjú mót eru eftir á árinu. - esá



**FERNANDO TORRES** Má yfirgefa Atletico Madrid ef eitthvert lið býður 27 milljónir punda í hann. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Atletico Madrid:

## Torres hjá Atletico til 2009

**FÓTBOLTI** Fernando Torres, leikmaður Atletico Madrid, hefur framlengt samning sinn við félagið til ársins 2009. Torres hefur verið orðaður við nokkur lið undanfarin tvö ár en hefur nú slegið á allar sögusagnir um að hann vilji yfirgefa Atletico.

Ákvæði í samningi hans segir til um að hann megi fara til annars félags ef það félag er tilbúið að borga 27 milljónir punda, eða um 3,7 milljarða íslenskra króna, fyrir leikmanninn. - dsd

Ferenc Puskas:

## Alvarlega veikur á sjúkrahúsi

**FÓTBOLTI Ungverska goðsögnin Ferenc Puskas var í gær lagður inn á spítala, alvarlega veikur. Ekki hefur fengist staðfest hvers eðlis veikindin eru en Puskas hefur verið undir eftirliti lækna undanfarin sex ár vegna alzheimer-sjúkdóms.**

**Ferenc Puskas skoraði á sínum tíma hvorki fleiri né færri en 83 mörk í 84 landsleikjum fyrir Ungverja og skoraði meðal annars fjögur mörk fyrir Real Madrid í úrslitaleik Evrópukeppni meistaraliða árið 1960.** - dsd



**MIKAEL ANTONSSON** Einn veiku mannanna. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Panathinaikos:

## Átta veikir

**FÓTBOLTI** Átta leikmenn gríska liðsins Panathinaikos liggja nú á sjúkrahúsi í Aþenu með magakveisu. Á sunnudaginn gerði magakveisan vart við sig hjá leikmönnunum átta og á mánudaginn var þeim ekið á sjúkrahús eftir að læknir liðsins hafði gefist upp á að finna út hvað amaði að leikmönnunum. - dsd

BYGGT Á ERLENDUM ÞÁTTUM SEM HAFA FARIÐ SIGURFÖR UM HEIMINN

515 6100 I SYN.IS I SKÍFAN I OG VODAFONE

Síminn
Styður við bakið á KF Nörd

Í KVÖLD KL. 21:15

# KF NÖRD

## ER HÆGT AÐ BREYTA MESTU NÖRDUM LANDSINS Í ALVÖRU KNATTSPYRNULIÐ?

### ÁSKRIFTARTILBOÐ

**2.470** kr. á mánuði*
Sýn til 5. janúar í viðbót við Stöð 2.
Sýn Extra fylgir frítt með.

**4.370** kr. á mánuði*
Sýn til 5. janúar.
Sýn Extra fylgir frítt með.

*gegn eingreiðslu

sýn
besta sætið





**VANDRÆÐAGEMSI** Diego Maradona var besti knattspyrnumaður í heimi á sínum tíma. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Ólögleg auglýsing:

## Maradona í kast við lögin

**FÓTBOLTI Goðsögnin Diego Armando Maradona komst í kast við lögregluna í Noregi í vikunni. Stjörnulið Maradona er nú á ferð um Evrópu með sýningar og liðið lék tvo leiki í Noregi á dögunum, þann fyrri á föstudaginn og þann síðari á mánudaginn, en Stjörnuliðið samanstendur af gömlum argentískum knattspyrnuhetjum.**

**Liðið er með auglýsingu frá fyrirtækinu PartyPoker, veðmálasíðu á netinu, framan á búningum sínum og það er bannað samkvæmt lögum í Noregi að auglýsa erlend veðmálafyrirtæki. Svo gæti farið að Maradona þyrfti að greiða 20 þúsund norskar krónur, um 200 þúsund íslenskar krónur, í sekt vegna málsins.**

**Maradona og félagar eru nú í Svíþjóð og þar gilda sömu reglur og í Noregi. Maradona hafði þó ekki miklar áhyggjur af málinu. „Við bjóðum bara lögreglunni í póker," sagði Maradona.** - dsd

Fimm leikir í þýska handboltanum í gær:

## Alexander tryggði sigurinn

**HANDBOLTI** Alexander Pettersson var hetja Grosswallstadt í gær er hann tryggði liði sínu sigur gegn Kronau/Östringen. Hann skoraði síðasta mark leiksins og endaði hann 27-26. Einar Hólmgeirsson skoraði fjögur mörk í leiknum en Alexander tvö. Grosswallstadt komst með sigrinum í 2. sæti deildarinnar því Flensburg, lið Viggós Sigurðssonar, missti sitt fyrsta stig í gær.

Lærisveinar Viggós voru með unninn leik í höndunum gegn Lemgo en þegar 36 sekúndur voru eftir komst Flensburg í 31-29. Á næstu tíu sekúndum skoraði Lemgo hins vegar tvívegis og var Florian Kehrmann þar að verki í bæði skiptin. Logi Geirsson skoraði þrjú mörk fyrir Lemgo en Ásgeir Örn Hallgrímsson ekkert.

Gummersbach hélt toppsæti sínu í deildinni með níu marka sigri á Wetzlar á útivelli. Róbert Gunnarsson skoraði fimm mörk í leiknum og Guðjón Valur Sigurðsson þrjú en Sverre Jakobsson var ekki með Gummersbach sem vann 34-25.

Minden er enn án stiga í deildinni eftir stórt tap á heimavelli gegn Kiel. Snorri Steinn Guðjónsson skoraði sex mörk fyrir Minden en Einar Örn Jónsson ekkert. Leiknum lauk með 41-29 sigri Kiel. - esá

Heldur stutt æfing hjá Viking Stavanger í Noregi:

## Sauð upp úr á æfingu í gær

**FÓTBOLTI** Upp úr sauð á æfingu norska liðsins Viking Stavanger í gær, en Íslendingurinn Birkir Bjarnason leikur með liðinu. Egil Östenstad, aðstoðarþjálfari Viking, sendi leikmenn liðsins í sturtu þegar einungis 40 mínútur voru liðnar af umræddri æfingu.

„Ég var alls ekki ánægður með hugarfar leikmanna, það var einfaldlega ekki ásættanlegt," sagði Egil Östenstad eftir æfinguna. „Þjálfaranum fannst gæðin einfaldlega ekki vera næg á æfingunni, það er málið," sagði danski leikmaðurinn Allan Gaarde, leikmaður Viking Stavanger.

Stemningin er varla góð í liði Viking Stavanger, en liðið situr á botni norsku úrvalsdeildarinnar. - dsd



**EGIL ÖSTENSTAD** Rak leikmenn í sturtu. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Við treystum of mikið á bræðurna

**Hafþór Ægir Vilhjálmsson, leikmaður ÍA, er leikmaður 16. umferðar í Landsbankadeild karla að mati Fréttablaðsins. Hafþór Ægir hefur farið mikinn í sumar og lék mjög vel í leiknum við Breiðablik.**

**FÓTBOLTI** Hafþór Ægir Vilhjálmsson átti mjög góðan leik í síðustu umferð og skoraði eitt mark í 2-2 jafntefli ÍA-liðsins gegn Breiðabliki í Kópavogi í einum af skemmtilegustu leikjum sumarsins.

Skagaliðið hefur alls ekki staðið undir væntingum í sumar en krafan er yfirleitt sú að vinna Íslandsmótið í fótboltabænum Akranesi. Til liðsins voru fengin stór nöfn eins og Bjarni Guðjónsson, Þórður Guðjónsson, Bjarki Gunnlaugsson og Arnar Gunnlaugsson. Markið var sett hátt en raunin er sú að þegar tvær umferðir eru eftir þá situr ÍA í næst neðsta sæti deildarinnar og berst nú fyrir lífi sínu í deildinni.

„Ég veit ekki nákvæmlega hver skýringin á þessari stöðu er, en menn voru kannski að treysta of mikið á þessa kalla og héldu kannski að þetta kæmi nánast af sjálfu sér við það að fá þessa leikmenn. Við vorum bara of lengi að átta okkur á því að svo var ekki, það þurfa allir að leggja sig fram," sagði Hafþór Ægir þegar hann var spurður hvers vegna staðan væri eins og hún er.

LEIKMAÐUR UMFERÐARINNAR

Eins og áður sagði eru kröfurnar miklar hjá ÍA. „Niðurstaðan er mikil vonbrigði. Það voru auðvitað gerðar kröfur um að vinna titilinn en nú eru kröfurnar bara þær að halda sér í deildinni," sagði sóknarmaðurinn knái. Hafþór Ægir sagðist ekki alveg nógu sáttur við eigin frammistöðu í sumar. „Nei ég er ekki sáttur við mína frammistöðu í fyrri hluta mótsins en nú hef ég fundið fyrir meira trausti og þá kemur sjálfstraustið," sagði Hafþór Ægir.

Eftir átta leiki í deildinni í sumar sagði Ólafur Þórðarson starfi sínu lausu sem þjálfari ÍA og við af honum tóku bræðurnir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir. „Við það fóru leikmenn að hugsa sinn gang og taka meiri ábyrgð. Það voru vissar breytingar gerðar sem skiluðu árangri," sagði Hafþór Ægir. Athygli vakti þegar Hafþór Ægir lék sem bakvörður í sumar en þá stöðu segist hann aldrei hafa spilað áður. „Það var einmitt ein af breytingunum sem þjálfararnir gerðu á leikskipulaginu. Ég hef aldrei spilað þessa stöðu áður, kannski æft hana einhvern tímann með landsliðinu en það var ekki mikið meira en það," sagði Hafþór Ægir. Hann bætti því við að honum hafi fundist það fínt að spila í bakvarðarstöðunni.

„Það var bara fínt. Þeir eru nú svo almennilegir þessir bræður að þeir sögðu það engu máli skipta þó að ég skildi eftir mig eitthvað svæði aftarlega á vellinum, það væru þá menn sem myndu vinna til baka fyrir mig. Þannig að ég fékk ágætt frelsi til að sækja."

Nú þegar tveir leikir eru eftir af deildinni er ljóst að ÍA þarf að vinna báða sína leiki til að eiga möguleika á að halda sæti sínu í deildinni. „Það þarf að vinna þessa tvo leiki sem eru eftir, þetta er ekki flóknara en það. Úrslitin hjá Val og Grindavík voru algjör draumur fyrir okkur og núna er þetta bara í okkar höndum," sagði Hafþór Ægir.

Um framtíð sína sagði Hafþór Ægir að hann væri ekkert að velta því fyrir sér á þessum tímapunkti en samningur hans gildir út árið 2008.

„Maður hugsar bara um að klára þetta tímabil og svo spáir maður bara í framhaldið," sagði Hafþór Ægir og bætti því við að það yrði mikið áfall ef ÍA myndi falla niður um deild, enda Akranes mikill knattspyrnubær. Hafþór sagði að fall myndi litlu breyta um stöðu hans hjá félaginu. „Ég er samningsbundinn til þriggja ára en maður veit aldrei hvað gerist. Stundum verður maður að hugsa um eigin hagsmuni," sagði Hafþór Ægir Vilhjálmsson, sem verður tvítugur í lok þessa mánaðar.

dagur@frettabladid.is



**HAFÞÓR ÆGIR VILHJÁLMSSON** Átti mjög góðan leik gegn Breiðabliki og skoraði eitt mark. Hann var fyrir vikið valinn leikmaður 16. umferðar í Landsbankadeild karla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




LIÐ UMFERÐARINNAR

## ÚRSLITIN Í GÆR

### Meistaradeild Evrópu

**E-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| DYNAMO KIEV-STEAUA BÚKAREST | 1-4 |

0-1 Ghionea (3.), 1-1 Rebrov (16.), 1-2 Badea (24.), 1-3 Dica (43.), 1-4 Dica (79.).

| | |
|---|---|
| LYON-REAL MADRID | 2-0 |

1-0 Fred (11.), 2-0 Tiago (31.).

**F-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| FC KAUPMANNAHÖFN-BENFICA | 0-0 |
| MANCHESTER UNITED-CELTIC | 3-2 |

0-1 Hesselink (21.), 1-1 Saha (29.), 2-1 Saha (39.), 2-2 Nakamura (42.), 3-2 Solskjær (46.).

**G-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| HAMBURGER SV-ARSENAL | 1-2 |

0-1 Gilberto (12.), 0-2 Rosicky (53.), 1-2 Sanogo (90.).

| | |
|---|---|
| FC PORTO-CSKA MOSKVA | 0-0 |

**H-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| ANDERLECHT-LILLE | 1-1 |

1-0 Pareja (41.), 1-1 Fauvergue (80.).

| | |
|---|---|
| AC MILAN-AEK | 3-0 |

1-0 Inzaghi (17.), 2-0 Gourcuff (41.), 3-0 Kaka, víti (76.).

### Leikir í dag

| | |
|---|---|
| ÍR-VÖLLUR: ÍR-ÞÓR/KA | 17.30 |

Umspilsleikur um sæti í Landsbankadeild kvenna að ári. Fyrri leik liðanna á Akureyri lauk með 2-2 jafntefli.




**SIGURMARK SOLSKJÆR** Norðmaðurinn knái Ole Gunnar Solskjær skoraði sigurmark Manchester United snemma í síðari hálfleik í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Átta leikir fóru fram í Meistaradeild Evrópu í gær:

## United vann Celtic í frábærum leik

**FÓTBOLTI** Margir áhugaverðir leikir voru í Meistaradeild Evrópu í gær. Leikmenn Manchester United og Celtic buðu áhorfendum upp á frábæra skemmtun í gær þegar liðin mættust á Old Trafford í Manchester. Mikill hraði var í leiknum og fimm mörk litu dagsins ljós. Arsenal lék mjög vel í Meistaradeildinni á síðustu leiktíð og það var engin breyting á því í gær, en Arsenal vann 2-1 sigur á sterku liði Hamburg í gær.

Mikil eftirvænting var fyrir leik Manchester United og Glasgow Celtic í gær og óhætt er að segja að leikmenn hafi fyllilega staðið undir þeim væntingum. Lokatölur urðu 3-2 fyrir Manchester United, en staðan í hálfleik var 2-2. Louis Saha skoraði tvö mörk fyrir Manchester United. Varnarleikur Manchester United þótti ekki sannfærandi í gær og það er áhyggjuefni fyrir Sir Alex Ferguson, stjóra Manchester United, en lærisveinar hans mæta Arsenal í ensku úrvalsdeildinni á sunnudaginn.

Arsenal fékk óskabyrjun gegn Hamburg í Þýskalandi þegar Sascha Kirschstein, markvörður Hamburg, braut á Robin van Persie, sóknarmanni Arsenal, innan teigs á 11. mínútu. Kirschstein var rekinn af velli og Gilberto Silva skoraði úr vítaspyrnunni. Tomas Rosicky skoraði svo sitt fyrsta mark fyrir Arsenal áður en Hamburg klóraði í bakkann undir lokin. Lokatölur urðu 2-1 fyrir Arsenal.

Lyon tók Real Madrid í bakaríið og bar sigurorð af spænsku risunum með tveimur mörkum gegn engu í E-riðli þar sem frönsku meistararnir gerðu út um leikinn í fyrri hálfleik. Ljóst er að Lyon er til alls líklegt í Meistaradeildinni á þessari leiktíð en sorgir Davids Beckham og félaga í Real Madrid virðast ætla engan endi taka. Leik þessara liða á sama stað í fyrra lauk með 3-0 sigri Lyon.

Óvæntustu úrslit gærkvöldsins litu dagsins ljós í hinum leik E-riðilsins þegar Steaua Bucarest burstaði Dinamo Kiev, 4-1, í Úkraínu.

Gamla brýnið Filippo Inzaghi er enn að skora mörkin en hann skoraði fyrsta mark AC Milan í 3-0 sigri liðsins á heimavelli gegn AEK Aþena en þessi lið eru í H-riðli. Í hinum leik riðilsins tóku belgísku meistararnir í Anderlecht á móti Lille en sá leikur endaði með 1-1 jafntefli.

Tveir leikir enduðu með 0-0 jafntefli í gær. annars vegar leikur FC Köbenhavn og Benfica í F-riðli og hins vegar leikur Porto og CSKA Moskvu í G-riðli. - dsd

# SIRKUS

**Kemur með Fréttablaðinu á föstudögum**

## Skyggnst inn í líf rokkstjörnunnar



**M** agni í fyrsta alvöru viðtalinu eftir keppnina
**A** ðdáendur spyrja Magna
**G** eggjuð umfjöllun um Rockstar tískuna
**N** ærmynd á frammistöðuna í Rockstar
**I** nternetið bjargaði honum

***Sirkus er dreift með Fréttablaðinu á öll heimili í landinu á föstudögum***

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„Rule number one: Never change the deal.“**

**Svar: Frank (Jason Statham) úr The Transporter frá 2002.**

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR HEFUR GAMAN AF DONALD TRUMP

## *Auðkýfingur sem kemur á óvart*

Ég hef upp á síðkastið gjörsamlega dottið ofan í raunveruleikaþættina „The Apprentice“, mér til mikillar óánægju. Ég ber mjög blendnar tilfinningar til raunveruleikaþátta þar sem þeir virðast alltaf detta í sama far og eftir bylgju þessarar tegundar þátta í sjónvarpi síðustu ár er maður farinn að kunna ansi vel á söguþráðinn þótt hann sé „raunverulegur“.

Þótt „The Apprentice“ sé raunveruleikaþáttur þá er söguþráðurinn ekki fyrirsjáanlegur og allt getur gerst enda stjórnar Hr. Trump þáttunum með harðri hendi og gerir eiginlega það sem honum sýnist. Donald Trump er sérkennileg týpa sem ávallt hefur komið mér fyrir sjónir sem heimskur gamall milljónamæringur sem vill bara vera með tvítugum skvísum, bryður Viagra pillur og kaupir sér hárkollur í tonnatali. Þótt þessi persónulýsing eigi að einhverju leyti við um hann þá er hann ansi skemmtilegur kall sem veit sínu viti. Hann hikar ekki við að kalla þátttakendurna hálfvita ef honum sýnist svo og lætur þá snúast í kringum sig eins og litla hunda enda fá þeir allir stjörnur í augun þegar þeir sjá Trump. Þess vegna er mjög fróðlegt að fylgjast með þessum þáttum og þá bara vegna skemmtilegra karakterseinkenna Donalds Trump.

Þegar Donald Trump situr í fundarherberginu með stút á vörum og pírð augu fæ ég kvíðakast fyrir hönd keppenda enda örugglega ekkert svo gaman að vera stillt upp við vegg af auðkýfingnum, hvað þá rekinn. Samt er hann ávallt með húmorinn á réttum stað og gerir stundum jafnvel grín að sjálfum sér. Það er alltaf gott að sjá að maður eins valdamikill og Trump sé með húmorinn í lagi enda er það mjög mikilvægt í hinum harða heimi Hollywood. Ég mun hiklaust taka Donald Trump fram yfir ofurfyrirsætuna Tyru Banks framvegis sem þáttastjórnanda enda komin með nóg af hennar væli um eigið ágæti á skjánum.



**DONALD TRUMP** Lætur 20 manns koma til sín og keppast um að fá vinnu hjá honum í raunveruleikaþáttunum „The Apprentice“ sem hann stjórnar með harðri hendi og gaman er að fylgjast með þegar hann fer hamförum í þáttunum.



**22.00** *Fréttir*

TÍUFRÉTTIR



**20.30** *Drama*

BIG LOVE



**21.00** *Veruleiki*

HELL'S KITSCHEN



**20.10** *Gaman*

EVERYBODY LOVES RAYMOND



**13.00** *Íþróttir*

FRÉTTIR

### SJÓNVARPIÐ

**16.20** Íþróttakvöld **16.35** Mótorsport **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Leitin (2:3)

**18.30** **Upp í sveit (1:4)** Stuttir fræðsluþættir um íslenskan landbúnað.

**18.40** **Fyrsta barnið til tunglsins**

**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**

**19.35** **Kastljós**

**20.10** **Geimskotið (6:6)** (Rocket Man) Bresk þáttaröð um mann í velskum bæ sem á sér þann draum að smíða eldflaug og skjóta ösku konunnar sinnar út í geiminn.

**21.15** **Launráð (94)** (Alias V) Bandaríska spennuþáttaröð.

**22.00** **Tíufréttir**

**22.20** **Sjónvarpið 40 ára (10:21)** Efni úr safni Sjónvarpsins.

**22.30** **Mannamein (9:10)** (Bodies) Breskur myndaflokkur um líf og starf lækna. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.30** Aðþrengdar eiginkonur (32:47) **0.15** Kastljós **0.50** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah (95:145) **10.20** Alf **10.45** 3rd Rock from the Sun **11.10** Whose Line Is it Anyway? **11.35** Fresh Prince of Bel Air **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** My Sweet Fat Valentina **13.50** My Sweet Fat Valentina **14.40** Two and a Half Men (21:24) **15.05** Related (11:18) **16.00** Leðurblökumaðurinn **16.20** Codename: Kids Next Door **16.45** Ofurhundurinn **17.05** Fífí **17.15** Myrkfælnu draugarnir (e) **17.30** Engie Benjy **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**

**19.00** **Ísland í dag**

**19.40** **The Simpsons (5:22)** (Simpson fjölskyldan).

**20.05** **Jamie Oliver – með sínu nefi (4:26)** (Oliver's Twist)(4:5)

**20.30** **Big Love (3:13)** (Margföld ást)(3:13)Bill er annt um öryggi stórfjölskyldu sinnar og lætur setja nýtt öryggiskerfi í húsið. Um sama leyti fá þau nýja nágranna sem eiga eftir að láta að sér kveða.

**21.20** **Bones (21:22)** (Bein)

**22.05** **Inspector Linley Mysteries** (Morðgátur Linleys varðstjóra).

**22.50** **Grey's Anatomy (11:36)** (Læknalíf) (2:13)(Enough is Enough)

**23.35** Shade (Bönnuð börnum)

**1.05** Hustle (2:6) **2.00** Huff (12:13) (Bönnuð börnum) **2.50** The Cats Meow (Bönnuð börnum) **4.40** Bones (21:22) (Bönnuð börnum) **5.20** Fréttir og Ísland í dag **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS TV

**18.00** Insider (e)

**18.30** **Fréttir NFS**

**19.00** **Ísland í dag**

**19.30** **Seinfeld** (The Race)

**20.00** **Entertainment Tonight**

**20.30** **The War at Home** (Three's Company)

**21.00** **Hell's Kitchen** Tólf nemar eru nú komnir til starfa hjá Ramsey á hinum glæsilega veitingastað hans í Las Vegas. Aðeins einn mun standa uppi sem sigurvegari og verðlaunin ekki af verri endanum – að verða yfirkokkur á þessum glæsilega veitingastað og stór peningaverðlaun.

**22.00** **Chappelle/s Show** Grínistinn Dave Chappelle lætur allt flakka í þessum þáttum og er engum hlíft.

**22.30** **X-Files** (Ráðgátur)

**23.15** Insider **23.40** Ghost Whisperer (e) **0.25** Seinfeld **0.50** Entertainment Tonight (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Krókaleiðir í Kína (1/4) (e)

**15.35** Krókaleiðir í Kína (1/4) (e) **16.20** Beverly Hills 90210 **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00** **Melrose Place**

**19.45** **Game tíví**

**20.10** **Everybody loves Raymond** Ray Barone og hans grátbroslega og yndislega pirrandi fjölskylda halda áfram að stytta okkur stundirnar á SkjáEinum.

**20.35** **Everybody Hates Chris** Í kvöld þarf Chris að fást við vandamál í skólanum þar sem allir hata Chris.

**21.00** **Rock Star: Supernova – úrslitaþáttur** Íslendingur er nú með í fyrsta sinn í einum vinsælasta þætti í heimi sem í ár er kenndur við hljómsveitina Supernova. Hver verður söngvari Supernova með þungarokkurunum; Tommy Lee úr Motley Crüe, Jason Newstead úr Metallica og Gilby Clarke.

**23.00** C.S.I: Miami **23.55** Jay Leno **0.40** America's Next Top Model VI (e) **1.35** Beverly Hills 90210 (e) **2.20** Melrose Place (e) **3.05** Óstöðvandi tónlist

### NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

**18.30** **Kvöldfréttir**

**19.00** **Ísland í dag**

**19.40** **Hér og nú** Lifandi og skemmtilegar fréttir af fína og fræga fólkinu. Þættin um svipar þannig til erlendra þátta á borð við E! og Entertainment Tonight en Ragnheiður mun jöfnum höndum fjalla um innlendar og erlendar stjörnur, jafnt stórar sem smáar – en einkum þó þær allra skærustu hverju sinni.

**20.20** **Brot úr fréttavakt**

**21.00** **Fréttir**

**21.10** **60 Minutes**

**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður

**22.30** **Hér og nú**

**23.10** Kvöldfréttir **0.10** Fréttavaktin **3.10** Fréttavaktin **6.10** Hér og nú

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Speed (Stranglega bönnuð börnum) **8.00** Mighty Morphin Power Rangers **10.00** Clint Eastwood: Líf og ferill **12.00** 50 First Dates **14.00** Mighty Morphin Power Rangers (e) **16.00** Clint Eastwood: Líf og ferill **18.00** 50 First Dates **20.00** **Speed** (Leifturhraði) Stranglega bönnuð börnum. **22.00** **Comic Book Villian** (Myndasöguillmennið) **0.00** Troy (Stranglega bönnuð börnum) **2.40** Dagon (Stranglega bönnuð börnum) **4.15** Comic Book Villian (Stranglega bönnuð börnum)

### SKJÁR SPORT

**14.00** Portsmouth – Wigan (e) **16.00** Sheffield Utd. – Blackburn (e) **18.00** Man. Utd. - Tottenham (e) **20.00** **Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“** Hörðustu áhangendur enska boltans á Íslandi í sjónvarpið. Stuðningsmannaklúbbar Liverpool, Man Utd, Arsenal, Chelsea, Tottenham, Newcastle og fleiri taka þátt og fær hver klúbbur einn þátt á ca. 6 vikna fresti. **21.00** **West Ham – Aston Villa (e)** **23.00** Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“ (e)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** 10 Ways **14.00** THS Tara Reid **15.00** 50 Most Shocking Celebrity Confessions **17.00** Girls of the Playboy Mansion **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS Tyra Banks **20.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **21.00** Sexiest Bad Girls **22.00** Dr. 90210 **23.00** Girls of the Playboy Mansion **23.30** Girls of the Playboy Mansion **0.00** Forbes Celebrity 100: Who Made Bank **2.00** 101 Most Awesom

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



## VIÐ MÆLUM MEÐ

### Rockstar: Supernova á SkjáEinum kl. 24.00

### *Stund sannleikans*



Nú er komið að því. Velja rokkararnir í Supernova okkar elskaða og dáða Magna til að vera í forsvari fyrir grúppunni? Magni hefur staðið sig með eindæmum vel og er löngu kominn lengra en bjartsýnustu menn þorðu að vona. Hann á það líka skilið enda er hann búinn að standa sig eins og sannur rokkari, svalur og kraftmikill sama hvað á dynur.
Í kvöld er lokaþáttur Rockstar: Supernova og þjóðin býður spennt eftir úrslitunum. Verður Magni að alþjóðlegri rokkstjörnu? Kemur hann heim og gerir Á móti sól að súpergrúppu? Hver veit, nú er bara að planta sér fyrir framan sjónvarpið og bíða spennt(ur).

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1 | | | | | | 3 | |
| 8 | | | | 3 | | 9 | | |
| 6 | | | 7 | | | | | |
| | | | | 9 | 3 | | 6 | |
| 7 | | | | | | | | 8 |
| | 3 | | 5 | 7 | | | | |
| | | | | | 1 | | | 3 |
| | | 5 | | 6 | | | | 4 |
| | 4 | | | | | | 8 | 6 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1 | 9 | 7 | 8 | 6 | 4 | 3 | 5 |
| 5 | 6 | 4 | 2 | 9 | 3 | 8 | 7 | 1 |
| 7 | 8 | 3 | 1 | 5 | 4 | 9 | 6 | 2 |
| 9 | 3 | 6 | 4 | 1 | 5 | 2 | 8 | 7 |
| 1 | 5 | 2 | 8 | 3 | 7 | 6 | 9 | 4 |
| 4 | 7 | 8 | 9 | 6 | 2 | 1 | 5 | 3 |
| 8 | 4 | 5 | 6 | 7 | 1 | 3 | 2 | 9 |
| 3 | 9 | 1 | 5 | 2 | 8 | 7 | 4 | 6 |
| 6 | 2 | 7 | 3 | 4 | 9 | 5 | 1 | 8 |



▶ 21.15

**Veruleiki**

KF NÖRD

**SÝN** besta sætið

**7.00** Meistaradeild Evrópu **7.40** Meistaradeild Evrópu **8.20** Meistaradeild Evrópu **9.00** Meistaradeild Evrópu **16.20** UEFA Champions League

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30** **KB banka mótaröðin í golfi 200** (KB banka mótaröðin 2006)Allt það helsta í Flugfélag Íslandsmótinu í KB Bankamótaröðinni í golfi sem fram fór 2. september.

**19.30** **Meistaradeild Evrópu** (Meistaradeildin með Guðna Bergs)Knattspyrnusérfræðingarnir Guðni Bergsson og Heimir Karlsson fara ítarlega yfir alla leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.

**20.45** **Kraftasport** (Íslandsmót Hálandaleikar 2006)Upptaka frá keppninni um Sterkasta mann Íslands sem fram fór í síðasta mánuði.

▶ **21.15** **KF Nörd** (KF Nörd)

**22.00** **NFL þáttur**

**22.30** **When Lineker Met Maradona (e)**

**23.15** Meistaradeildin með Guðna**23.55** Meistaradeild Evrópu**00.20**Recopa 2006

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.30 Morguntónar 6.50 Bæn 7.05 Morgunvaktin 9.05 Laufskálinn 9.45 Morgunleikfimi 10.03 Veðurfregnir 10.13 Litla flugan 11.03

Samfélagið í nærmynd 12.20 Hádegisfréttir 12.50 Dánarfregnir 13.00 Vítt og breitt 14.03 Útvarpssagan: Inferno 14.30 Besti tíminn 15.03 Fallegast á fóninn 16.10 Veðurfregnir

16.13 Hlaupanótan 17.03 Víðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 18.50 Dánarfregnir 19.00 Vitinn 19.27 Sinfóníutónleikar 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Útvarpsleikhúsið:

Ausa Steinberg 23.25 Hlaupanótan

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 6.30 Morgunútvarp Rásar 2 9.03 Brot úr degi 12.20 Hádegisfréttir 12.45

Poppland 16.10 Síðdegisútvarpið 18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir

19.30 Á vellinum 22.10 Píkupopp 0.10 Popp og ról 0.30 Spegillinn 1.10 Glefsur 2.03 Næturtónar 3.00 Samfélagið í nærmynd 4.00 Næturtónar 5.05 Litla flugan 5.45 Næturt.

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður




## HRÓSIÐ FÆR …



… fær Ívar Ingimarsson sem stimplaði sig inn í ensku úrvalsdeildina með fyrsta marki sínu á mánudag.

# Hlutu ekki náð fyrir augum Roths

Enginn Íslendingur verður í leikhópnum í nýjustu hryllingsmynd Eli Roth sem verður sjálfstætt framhald Hostel en hún sló í gegn á síðasta ári. Leikstjórinn kom hingað til lands fyrir nokkru og leitaði að tökustöðum en síðustu tökurnar fara fram hér á landi. Nokkrir íslenskir leikarar voru kallaðir í prufur fyrir tvö stór hlutverk en hlutu ekki náð fyrir augum leikstjórans. Reyndar voru tvær íslenskar leikkonur ansi nálægt því að fá hlutverkið, þær Halla Vilhjálmsdóttir og Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, en þær urðu að lúta í lægra haldi fyrir finnsku bikiní fyrirsætunni Veru Jordanovu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins komust þær í þriggja manna lokahóp en Vera þótti passa best við þær þrjár sem höfðu verið valdar áður.

Þá voru nokkrir af helstu karlleikurum Íslands boðaðir í prufu fyrir mafíuforingja, þeirra á meðal sjónvarpsstjórinn Magnús Ragnarsson, Ingvar E. Sigurðsson og Egill Ólafsson en þeir áttu ekki roð í óþekktan tékkneskan leikara sem hefur gegnt þingmennsku þar í landi. Eli Roth var hins vegar mjög sáttur við frammistöðu íslensku leikaranna og er ekki útilokað að einhverjir þeirra fái hlutverk í næstu myndum hans. -fgg



**VERA JORDANOVA** Var valin í hlutverk ungrar, geðþekkrar fyrirsætu.



**RAGNHILDUR STEINUNN** Hefði getað orðið sér úti um sitt annað kvikmyndahlutverk á skömmum tíma.



**HALLA VILHJÁLMSDÓTTIR** Var í lokahópnum en varð ekki fyrir valinu. Hefði væntanlega líka komið illa við þátttöku hennar í X-Factor.



**EGILL ÓLAFSSON** Kom til greina í hlutverk mafíósa en varð að lúta í lægra haldi fyrir tékkneskum þingmanni.



**LÁRÉTT**
2 betl 6 kusk 8 erta 9 á kind 11 fyrir hönd 12 hnýta þveng 14 sívinnandi 16 tveir eins 17 arinn 18 drulla 20 bardagi 21 skjótur.

**LÓÐRÉTT**
1 notalegur hiti 3 ung 4 hætta við 5 samstæða 7 hrekkur 10 hópur 13 skjön 15 tónn 16 kóf 19 slá.

**LAUSN**

LÁRÉTT: 2 snap, 6 ló, 8 ýfa, 9 ull, 11 pr, 12 reima, 14 iðinn, 16 kk, 17 stó, 18 aur, 20 at, 21 frár. LÓÐRÉTT: 1 ylur, 3 ný, 4 afpanta, 5 par, 7 óleikur, 10 lið, 13 mis, 15 nóta, 16 kaf, 19 rá.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Skúli Eggert Þórðarson
2. Erla Ósk Ásgeirsdóttir og Heiðrún Lind Marteinsdóttir
3. Minnst tíu stingskötur hafa fundist dauðar eftir að hafa verið misþyrmt. Steve Irwin lést fyrir stuttu síðan eftir að stingskata stakk hann í hjartastað.

EYRÚN HULD: FEGIN AÐ FÁ MAGNA HEIM

# Er stolt af honum

Magni Ásgeirsson hafnaði í fjórða sæti í sjónvarpsþáttaröðinni Rock Star: Supernova sem lauk í nótt. Magni var annar af tveimur neðstu og þurfti að flytja nýtt lag. Valdi Magni lagið Fire eftir Jimi Hendrix sem reyndist svanasöngur hans í keppninni.

Þar með lýkur tæplega þriggja mánaða öskubuskuævintýri hjá hinum geðþekka Borgfirðingi sem hefur unnið hug og hjörtu landsmanna en ekki er loku fyrir það skotið að hann eigi eftir að halda áfram frekari landvinningum eftir frækilega framgöngu í þáttunum.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Eyrúnu Huld Haraldsdóttur, unnustu Magna, í Los Angeles var ekki að heyra að hún væri mjög svekkt með niðurstöðuna. „Hann stóð sig eins og hetja en það hefur verið vitað frá upphafi að hljómsveitin væri mjög hrifin af Lukas," sagði Eyrún þegar hún var á leiðinni út úr upptökuveri CBS sjónvarpsstöðvarinnar í Englaborginni. Fjöldi Íslendinga lagði leið sína til Bandaríkjanna og var hersingin á leiðinni í lokapartí hjá þættinum þar sem Eyrún hittir fyrir hin fjögur fræknu og rokkhljómsveitina Supernova sem allt snérist um.

Eyrún gat ekki leynt gleði sinni yfir þeirri tilhugsun að fá Magna aftur heim til sín og aðspurð hvað hún myndi gera fyrir hann svaraði Eyrún að bragði. „Ætli ég sjóði ekki bara fisk og kartöflur og svo verða bara notalegheitin hjá okkur þremur næstu mánuðina," sagði hún og hló. Að sögn Eyrúnar er fyrirhuguð móttökuathöfn í Smáralindinni þar sem Magni verður boðinn velkominn heim af löndum sínum. „Hún verður örugglega ekki minni en alheimsfegurðardrottningin eða íslenska landsliðið í handbolta hafa fengið," sagði Eyrún og skellti uppúr. „Hann hefur verið góð kynning fyrir land og þjóð," bætti hún við.

Íslenska þjóðin hefur verið á hvolfi að undanförnu og var meðal annars sett nýtt met í sms kosningu Símans aðfaranótt miðvikudags. Þá hafði Fréttablaðið af því fregnir að fólk hefði safnast saman í heimahúsum og kvikmyndahúsum til að hvetja sinn mann síðustu metrana. - fgg



**LUKAS ROSSI** Verður næsti söngvari hinnar nafnlausu hljómsveitar því dómari í San Diego hefur úrskurðað að nafnið Supernova sé stolið.



**MAGNI** Hefur unnið hug og hjörtu þjóðarinnar, en hann hafnaði í fjórða sæti í Rock Star.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Björk okkar Guðmundsdóttir** var meðal gesta á skemmtistaðnum Sirkus við Klapparstíg á þriðjudagskvöld. Þegar leikar fóru að æsast bauðst tónlistarkonan til að gerast plötusnúður á staðnum og slógu aðrir gestir ekki hendinni á móti þessu tilboði. Björk dró því fram fartölvu sína og tengdi við græjurnar á Sirkus. Á tónlistarmatseðli stórstjörnunnar var partítónlist af bestu gerð, tónlist sem gjarnan heyrist á útvarpsstöðvum á borð við FM957.



Listakonan **Gabríela Friðriksdóttir** er sem kunnugt er mikil vinkona Bjarkar og var að sjálfsögðu með í för á Sirkus á þriðjudagskvöldið. Gabríela kunni greinilega vel að meta lagaval vinkonu sinnar og dansaði grimmt við sum lögin. Eftir því var tekið að lagið Milkshake með söngkonunni Kelis virðist í miklu uppáhaldi hjá Gabríelu, því þegar það hljómaði dansaði Gabríela af miklum móð uppi á borðum staðarins og barborðinu þegar hæst lét.



Ferðir **Ómars Ragnarssonar** um Kárahnjúkasvæðið hafa verið vinsælar síðustu vikurnar. Athygli hefur vakið að ólíklegustu Sjálfstæðismenn hafa farið um svæðið með fréttamanninum knáa og hvergi farið leynt með þær ferðir sínar. Lítið fór þó fyrir **Kjartans Gunnarssonar**, framkvæmdastjóra flokksins, um Kárahnjúkasvæðið en hann mun þó hafa verið afar áhugasamur og spurt Ómar í þaula um svæðið. -hdm







90% HEIMILA NÁ SIRKUS TV
ADSL : RÁS 15
BREIÐBANDIÐ : RÁS 69
DIGITAL ÍSLAND : RÁS 5
EINNIG ER HÆGT AÐ NÁ SIRKUS TV MEÐ VENJULEGU UHF LOFTNETI
SIRKUS TV

**Fiskbúðin Hafberg vantar öflugan starfsmann**
til að sjá um undirbúning fiskrétta og afgreiðslu í búðinni.
Viðkomandi þarf að vera samviskusamur, góður í mannlegum samskiptum, sjálfstæður og vandvirkur.
**Góð laun í boði, allar nánari uppl, veitir Geir s. 820-3413.**
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686


# Guð leiddi Snorra í uppvaskið

Listamanninum og fyrrverandi forsetaframbjóðandanum Snorra Ásmundssyni er margt til lista lagt. Gestir veitingastaðarins Manns lifandi hafa þó eflaust rekið upp stór augu þegar honum brá fyrir í eldhúsinu með svuntu og uppþvottabursta að vopni.

„Ég er aðal uppvaskarinn á veitingastaðnum," útskýrir Snorri og hlær en í bakgrunni má heyra diskana skrúbbaða í bak og fyrir undir heitu vatni áður en þeir eru settir í uppþvottavélina. „Ég byrjaði hérna fyrir tveimur eða þremur vikum síðan og þetta er mjög spennandi og skemmtilegt starf," bætir listamaðurinn við. „Ég hef hreinlega aldrei komist í jafn skemmtilegt starf."

Snorri hefur vinnuna klukkan ellefu á morgnana og stendur við vaskinn til fimm. Þá tekur listin við. „Þetta er bara hluti af þessari andlegu endurforritun sem ég er að ganga í gegnum," útskýrir Snorri sem segist ekki hafa hugmynd um hversu lengi hann muni endast í starfinu. „Ég er bara undir handleiðslu Guðs og læt hann leiða mig hvert sem er." -fgg



**SNORRI ÁSMUNDSSON** Er vígalegur með svuntuna á veitingahúsinu Maður lifandi.




# Haustlauka hátíð

NÝTT KORTATÍMABIL

Verð-sprengja

## Topp 10 á frábæru verði

| | | |
|---|---|---|
| **10 krókusar,** blandaðir litir, vnr 10201044 | **99** | verð áður 319 |
| **10 túlipanar,** Toronto, vnr 10200900 | **169** | verð áður 399 |
| **10 túlipanar,** Couleur Cardinal, vnr 10200640 | **179** | verð áður 499 |
| **10 túlipanar,** Orange Breeze, vnr 10200953 | **179** | verð áður 449 |
| **10 túlipanar,** Darwin blanda, vnr 10200764 | **179** | verð áður 419 |
| **10 túlipanar,** Red riding hood, vnr 10200896 | **199** | verð áður 549 |
| **10 túlipanar,** Stockholm, vnr 10200660 | **199** | verð áður 499 |
| **50 krókusar,** blandaðir litir, vnr 10200568 | **699** | verð áður 999 |
| **2 kg páskaliljur,** Carlton, vnr 10200312 | **699** | verð áður 999 |
| **50 túlipanar,** Apeldoorn, vnr 10200297 | **799** | verð áður 999 |



Krýsakörfur **999**



Frábært verð

Allt lífrænt á Græna torginu í Skútuvogi

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**
**JÓNS GNARR**

## Karlpungar

Mér finnst vera vaxandi fordómar gegn körlum í samfélaginu. Ég les svo oft og heyri í fjölmiðlum alls konar fordómafulla sleggjudóma um karlmenn. Samfélagið er karllægt og kvenfjandsamlegt. Okkur er kennt um flest vandamál kvenna; offitu, framtaksleysi, brenglaða sjálfsmynd, vændi og kynhlutverk. Það er óbeint mér að kenna að ekki skuli fleiri konur vera í stjórnunarstöðum. Ég sjálfur er ekki í stjórnunarstöðu en það er engum öðrum um að kenna nema mér sjálfum.

**KONUR** njóta líka ákveðinnar verndar í almennri umræðu. Maður verður að passa hvað maður segir um konur til að verða ekki staðinn að kvenfyrirlitningu. En það er algjört veiðileyfi á karlmenn. Stutt er síðan þingkona talaði um „karlpunga“ á Alþingi. Karlmaður kæmist aldrei upp með að nota viðlíka orð um konur á slíkum vettvangi.

**ÞAÐ** eru til heimskir karlmenn. En þeir eru sem betur fer í minnihluta. Flestir karlmenn eru bara ágætir og hafa ekkert á móti konum. Flestir menn eru á móti klámi og ofbeldi og óska eiginkonum sínum, systrum, mæðrum og dætrum alls hins besta. Að alhæfa eitthvað um karlmenn er alveg eins og að fullyrða að allir múslimar og svertingjar og Grænlendingar séu eins. Það er heimskuleg fáfræði og fordómar.

**TÍSKUHEIMURINN** stjórnar miklu í lífi kvenna. Það eru fáir karlar í þeim heimi. Flestir ritstjórar stóru tískublaðanna eru konur. Þeir fáu karlmenn sem lifa og hrærast í tískuheiminum eru yfirleitt hommar. Samt mundi engin heilvita kona ásaka homma fyrir að bera ábyrgð á aukningu á átröskun í heiminum.

**OG** allar rannsóknir sem gerðar hafa verið á samskiptum karla og kvenna benda til þess að það séu ekki karlmenn sem séu vondir við konur heldur mikið frekar aðrar konur. Konur eru konum verstar. Þetta er sérstaklega áberandi í atvinnulífinu.

**FLEST** mín vandamál eru ekki öðrum að kenna þótt mér finnist oft gott að hugsa um þau þannig. Mín vandamál leysast ekki fyrr en ég hætti að kenna öðrum um þau. Til þess þarf ég auðmýkt og hugrekki til að horfast í augu við sjálfan mig, sjálfsvorkunn mína, reiði, öfund og svoleiðis drasl sem mig langar helst ekki til að viðurkenna að sé til í mér, og geng svo í málið. Menn og konur eru fólk og fólk er misjafnt. Sumir eru hálfvitar en flestir eru ágætir.






